# FRÉTTABLAÐIÐ

228. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 27. SEPTEMBER 2016



Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra pússar gleraugun á meðan eldhúsdagsumræður fóru fram á Alþingi í gær. Töluvert var rætt um heilbrigðismál í ræðum stjórnarandstöðunnar og jafnvel sagt að Kristján sæi ekki vandamálin. Þá er allavega gott að eiga hrein gleraugu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Óttast að heilsugæslustöðvar verði fjársveltar með einokun

**Svæðis- og fagstjóri lækninga hjá Heilsugæslunni í Grafarvogi segir heilsugæslustöðvar sjá fram á verulegan niðurskurð vegna nýs greiðslufyrirkomulags. Hann segir að verið sé að einkavæða kerfið með því að þynna út fjármögnun heilsugæslustöðva. Vilji er til að styrkja heilsugæsluna um 300-400 milljónir á næsta ári.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Taka á mikla fjármuni út úr heilsugæslustöðvum sem reknar eru af opinbera kerfinu á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir einkavæðingu heilsugæslukerfisins. Þetta er mat Ófeigs Tryggva Þorgeirssonar, svæðisstjóra og fagstjóra lækninga hjá Heilsugæslunni í Grafarvogi. Hann sér fram á að skera niður um sextíu milljónir í þegar fjársveltu kerfi. Hann telur að féð fari í að fjármagna einkareknar stöðvar, og segist óttast meiri þynningu á þjónustu í kjölfar þess.

Verið er að breyta fjármögnun heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu og einkavæða kerfið að hluta. Opna á tvær nýjar heilsugæslustöðvar og taka upp nýtt greiðslufyrirkomulag þar sem fjármagn á að fylgja skjólstæðingum að sænskri fyrirmynd. Þetta á að tryggja réttlátari dreifingu rekstrarfjár til starfsemi heilsugæslustöðva.

> Þetta þýðir niðurlagningu starfa í kerfi sem nú þegar er búið að tálga inn að beini.



Ófeigur Tryggvi Þorgeirsson, fagstjóri lækninga hjá Heilsugæslunni í Grafarvogi

„Ríkið gerir kröfulýsingu um starfsemina og borgar stofnkostnaðinn, einkaaðilar reka svo starfsemina á sínum forsendum,“ segir Ófeigur.

„Það sem við höfum verulegar áhyggjur af, eftir að hafa séð fyrstu útreikninga, er að það sé ekki að koma fé inn í heilsugæsluna til að standa undir þessum breytingum, það eigi eingöngu að dreifa fénu á fleiri staði. Þetta þýðir niðurlagningu starfa í kerfi sem nú þegar er búið að tálga inn að beini, sem er fullkomlega óásættanlegt,“ segir Ófeigur. Ófeigur telur að þetta muni vinna þvert á endurreisn heilsugæslustöðvanna undanfarið ár, og muni auka álag á spítalana aftur.

Í svari velferðarráðuneytisins við fyrirspurn um þetta mál segir að í fjárlögum ársins 2016 hafi verið miðað við að tvær til þrjár nýjar heilsugæslustöðvar tækju til starfa undir lok þessa árs og var gert ráð fyrir fjármögnun þeirra í þrjá mánuði 2016. Þau áform frestuðust. Tvær nýjar stöðvar taka til starfa 1. febrúar árið 2017. Það reyni því ekki á fjármögnun vegna þeirra fyrr en þá. Í tengslum við breytingar á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og innleiðingu á nýju greiðsluþátttökukerfi kom fram vilji til að styrkja heilsugæsluna um 300 til 400 milljónir króna á næsta ári. Nýtt kerfi miðist við að stöðvar fái greitt fyrir þá þjónustu sem þær veiti og því verði allar stöðvarnar jafnsettar þegar kemur að fjármögnun þeirra, óháð rekstrarformi.

saeunn@frettabladid.is



Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ.

## Gert var ráð fyrir auknum launakostnaði

**SAMFÉLAG** Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, segir að sambandið hafi reiknað með auknum launakostnaði í kringum Evrópumótið í fótbolta, hvort sem það yrðu ráðnir fleiri starfsmenn eða núverandi starfsmenn fengju aukamánuð greiddan vegna álags sem fylgdi mótinu. Í gær sagði Fréttablaðið frá því að KSÍ hefði samþykkt að greiða formanninum einnig slíkar greiðslur. „Ég gerði tillöguna um launauppbótina og síðar bar Gylfi [Orrason, formaður fjárhagsnefndar KSÍ, innsk. blm.] upp tillögu um formanninn. Þá vék ég af fundinum. Ég gat ekki borið fram tillögu um sjálfan mig,“ segir Geir. „Heimildirnar fyrir þessum greiðslum eru í fjárhagsáætlun sambandsins frá ársþinginu,“ sagði hann. **- bbh**

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Jón Sigurðsson skrifar um aflandsreikninga. 12

**SPORT** Ætla að endurheimta gullið á Evrópumótinu í hópfimleikum. 14

**TÍMAMÓT** Kvennakór Reykjavíkur stóð sig með prýði í alþjóðlegri kórakeppni. 16



**LÍFIÐ** Götutískan olli engum vonbrigðum á tískuvikunni í London sem lauk í gær. 24

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **VÖRUBÍLAR OG VINNUVÉLAR**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður




Norðlæg átt, 5-13 í dag. Léttskýjað sunnan- og vestantil, en skýjað og sums staðar dálítil rigning norðaustanlands og jafnvel slydda inn til landsins.
SJÁ SÍÐU 18



Sigketill í Kötlu.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARALDUR GUÐJÓNSSON

# Katla lætur vita af sér

**NÁTTÚRA** Skjálfti um 3,9 á Richter mældist í sunnanverðri Kötluöskjunni í gær. Skjálftinn er sá stærsti í nokkrar vikur en mikil virkni stórra skjálfta hefur verið í Kötlu undanfarið. Þann 29. ágúst mældust stærri skjálftar, eða 4,5 og 4,6 á Richter. Það voru sterkustu skjálftar sem höfðu fundist í Kötlu síðan 1977.

Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur segist þó ekki missa svefn yfir Kötlu. „Það hafa komið óvanalega stórir skjálftar og nokkuð margir þeirra yfir stærðinni 3. Hvað það þýðir er önnur saga. Þetta eru frekar grunnir skjálftar en maður myndi vilja sjá fleiri merki um virkni, merki um útþenslu og hugsanlegan jarðhita. Ef við segjum það allt saman þá væri það greinilegt merki um að eldstöðin sé að hitna.“

Magnús segir að jafnvel þó allar þær vísbendingar kæmu saman væri ekki víst að Katla færi að gjósa. „Við verðum að álíta sem svo að Katla sé tilbúin að gjósa. En þegar hún gaus síðast 1918 þá voru engir mælar í landinu til að mæla virkni sem við erum að sjá núna. Það er óvissa um hversu mikill aðdragandinn er. Við eigum alltaf að vera viðbúin því að hún fari að gjósa en eigum ekki alltaf að hafa áhyggjur af henni.“ **– snæ**



Magnús Tumi Guðmundsson

## Erfitt á Alþingi




Lífið á Alþingi litast oft og tíðum af átökum og geta samskipti verið erfið. Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks, gluggar því ef til vill í bókina Erfið samskipti, en hana mátti sjá á borðinu hans í þingsal þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði. Við vinstri hlið Höskuldar í þingsal situr Katrín Júlíusdóttir, þingmaður Samfylkingar, en ekki er vitað hvort hún hafi fengið bókina lánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Samningurinn sem þjóðin er mjög andvíg

**STJÓRNMÁL** Meirihluti Íslendinga er andvígur nýjum búvörusamningum ef marka má könnun sem MMR birti í gær. Alls segjast 40 prósent aðspurðra vera mjög andvíg og 22,4 prósent frekar andvíg. Á hinn bóginn segjast 6,3 prósent mjög fylgjandi búvörusamningunum og tíu prósent frekar fylgjandi. 21,3 prósent segjast hins vegar hvorki fylgjandi né andvíg.

Þeir sem ætla að kjósa Framsóknarflokkinn voru jákvæðastir um samninginn en þeir sem ætla að kjósa Viðreisn voru mest á móti.

„Það hefði verið gaman að sjá svör við fleiri spurningum til að meta samhengið, til dæmis hversu margir þekkja innihald nýja sauðfjársamningsins. Það er alltaf hætta á að opinber umræða í svona stóru máli verði gótótt,“ segir Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. **– þea**

# Dýr atkvæði Davíðs

Talsverður munur var á kostnaði þeirra fjögurra sem flest atkvæði fengu í forsetakosningunum. Halla Tómasdóttir rak ódýrustu kosningabaráttuna en Davíð Oddsson þá dýrustu. Hann borgaði mest úr eigin vasa, rúmar 11 milljónir.

**STJÓRNMÁL** Davíð Oddsson varði tæpum 28 milljónum króna í kosningabaráttu sína fyrir forsetakosningarnar sem fram fóru í sumar. Hann hafnaði í fjórða sæti og fékk rúmlega 25 þúsund atkvæði. Þar með greiddi Davíð rúmlega 1.100 krónur fyrir hvert atkvæði sem hann fékk. Enginn hinna þriggja frambjóðendanna sem flest atkvæði fengu komst nálægt því.

Næstmest galt Andri Snær Magnason fyrir hvert atkvæði. Hann varði fimmtán milljónum í kosningabaráttu sína og uppskar um 26 þúsund atkvæði sem gera 576 krónur á hvert þeirra.

Sigurvegarinn og forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, varði um 25 milljónum í sína kosningabaráttu og uppskar rúmlega 71 þúsund atkvæði. Alls 352 krónur á hvert atkvæði.

Halla Tómasdóttir, sem hafnaði í öðru sæti, varði bæði minnstu í kosningabaráttu sína og minnstu á hvert atkvæði. Alls fóru tæpar níu milljónir í baráttuna og hún fékk tæp 51 þúsund atkvæði. Það gera 175 krónur á hvert atkvæði sem hún fékk.

Frambjóðendurnir styrktu eigin framboð mismikið. Sá sem mest styrkti eigið framboð var Davíð en hann lét rúmar ellefu milljónir úr eigin vasa í framboðið. Halla styrkti sitt framboð um rúmar tvær milljónir og Guðni og Andri Snær létu um eina milljón króna hvor í framboð sitt.

Aðrir frambjóðendur ráku mun ódýrari kosningabaráttu. Framboð Guðrúnar Margrétar Pálsdóttur kostaði um hálfa milljón króna en framboð Ástþórs Magnússonar, Elísabetar Kristínar Jökulsdóttur, Hildar Þórðardóttur og Sturlu Jónssonar kostuðu öll minna en 400 þúsund krónur. Sé kostnaður allra þeirra framboða lagður saman kemst hann því hvergi nálægt kostnaði neins hinna fjögurra framboðanna. **thorgnyr@frettabladid.is**

## Fjögur dýrustu forsetaframboðin



Halla Tómasdóttir

Kostnaður við framboð
**8,9 milljónir**
**50.995** atkvæði alls






Guðni Th. Jóhannesson

Kostnaður við framboð
**25,1 milljón**
**71.356** atkvæði alls






Andri Snær Magnason

Kostnaður við framboð
**15 milljónir**
**26.037** atkvæði alls






Davíð Oddsson

Kostnaður við framboð
**27,7 milljónir**
**25.108** atkvæði alls




BRIDS SKÓLINN



BYRJENDUR (stig 1) 3. október: 8 mánudagar frá 20-23
KERFIÐ (stig 2) 5. október: 8 miðvikudagar frá 20-23

STIG 1 Allir geta lært að spila brids en það tekur svolítinn tíma að átta sig á leikreglunum. Byrjað er alveg frá grunni og farið vel yfir undirstöður hins vinsæla Standard-sagnkerfisins. Það er fólk á öllum aldri sem sækir skólann og ekkert mál að mæta stakur/stök.

STIG 2 Hvað meinar makker? Góð spurning. Farið er vel yfir framhald sagna í Standard og ýmsar stöður í sagnbaráttu. Mikið spilað og hægt að koma stakur/stök.

UPPLÝSINGAR OG INNRITUN
Í SÍMA 898-5427 Á NETINU bridge.is


SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI VITARA!
TIL Í ALLT OG FYRIR ALLA
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR EÐA BEINSKIPTUR
VERÐ FRÁ KR.
4.030.000
VITARA
VITARA
Suzuki Vitara er einstaklega sparneytinn, fjórhjóladrifinn sportjeppi með frábæra aksturseiginleika.
Suzuki Vitara er með rúmbetri jeppum í sínum stærðarflokki og er hlaðinn tæknibúnaði.
Sjón er sögu ríkari, komdu og reynsluaktu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum.
ALLGRIP
4WD All-grip tryggir öryggi í akstri og gott veggrip við erfiðar aðstæður. Þú kemst alla leið!
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
KOMDU OG PRÓFAÐU HANN!
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Borgarstjóri gisti á tveggja stjörnu hóteli í Danmörku

**FERÐALÖG** Vikuferð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúa Vegagerðarinnar, Strætó og innanríkisráðuneytisins til Kaupmannahafnar, Strassborgar og Vancouver, til að skoða hraðvagna- og léttlestakerfi borganna, er ekki stillt upp sem lúxusferð heldur er hagkvæmnin látin ráða för. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri er formaður stjórnar SSH, og var bókað á fundi borgarráðs á fimmtudag að borgarstjóri færi ásamt aðstoðarmanni sínum, Pétri K. Ólafssyni. Ferðin hófst í Kaupmannahöfn í gær þar sem hópurinn gisti á tveggja stjörnu hóteli í Örestad skammt frá flugvellinum. Hópurinn fór á fund í gærmorgun hjá Metroselskabet, lestakerfi borgarinnar, sem hefur skrifstofur skammt frá og hélt hópurinn til til Strassborgar um hádegi. Af hagkvæmnisástæðum var ákveðið að slá ferðunum saman í eina ferð í staðinn fyrir að fara í tvær þriggja daga ferðir. Hópnum er ætlað að afla gagna vegna áforma sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningssamgangna í nýju svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Hryggjarstykkið í því er Borgarlínan – nýtt léttlesta- eða hraðvagnakerfi sem tengir sveitarfélögin. Miðað er við að undirbúningi Borgarlínunnar ljúki í byrjun árs 2017. Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins, fer í ferðina og segir að gert sé ráð fyrir tveimur dögum í ferðalag til Vancouver sem er á vesturströnd Kanada. „Þarna er verið að skoða hvernig svona verkefni eru byggð upp, hvernig þau eru fjármögnuð og hvaða umgjörð er sett utan um það, því þetta er langtímaverkefni og gengur þvert, bæði lárétt og lóðrétt, á stjórnsýslumörk. Við erum fyrst og fremst að læra hvernig aðrir hafa náð að leysa svona verkefni. Þetta verða engin þægindi, praktískt kom þetta best út svona,“ segir Hrafnkell. **– bbh**



**Hótel Cabinn í Kaupmannahöfn er glæsilegt hótel þó það sé aðeins tveggja stjörnu. Bandaríski arkitektinn Daniel Libeskind teiknaði það.**


**Úr bruggverksmiðju Kalda.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Skóflustunga tekin á morgun fyrir bjórspa

**VIÐSKIPTI** Bruggsmiðjan Kaldi mun taka fyrstu skóflustungu að fyrirhuguðum bjórböðum klukkan eitt á morgun. „Þetta er skemmtileg viðbót við afþreyinguna í Eyjafirði og einnig er þetta fyrsta bjórbaðið á Íslandi, ef ekki á öllum Norðurlöndunum,“ segir í fréttatilkynningu sem Kaldi sendi frá sér í gær.

Bjórböðin munu verða heilsulind Kalda þar sem hægt verður að baða sig í blöndu af bjór, vatni, humlum og geri. Stefnt er að því að heilsulindin verði opnuð í febrúar á næsta ári.

Bjórböð sem þetta eiga sér fordæmi í útlöndum, til að mynda í Tékklandi, en þangað fór Sigurður Bragi Ólafsson, bruggmeistari Kalda, til að kynna sér bjórböð. „Ég hef sjaldan verið eins mjúkur og finn,“ sagði Sigurður í samtali við Bitið á Bylgjunni í ágúst. **– þea**

## Eigandi Iceland býsna svalur

**VIÐSKIPTI** „Hann er býsna svalur þessi gaur en hann á nú að vita betur eftir að við unnum þá í fótboltanum að það er ekki stærðin sem skiptir máli,“ sagði Jón Ásbjörnsson, forstjóri Íslandsstofu í Reykjavík síðdegis.

Vísaði Jón þar til ummæla Malcolms Walker, eiganda breska verslanakeðjunnar Iceland, frá því fyrir helgi. Walker sagði þá að verslanakeðjan ætti rétt á nafninu þar sem viðskiptavinir Iceland væru mun fleiri en Íslendingar. **- þea**

# Segir Ögmund vera verkkvíðinn

**Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar segir nefndina ekki geta tekið skýrslu Vigdísar Hauksdóttur til umfjöllunar fyrir þinglok. Vigdís segir formanninn vera verkkvíðinn og vanhæfan til að fjalla um málið.**

**STJÓRNMÁL** „Ég tel það vera útilokað að nefndin komist að niðurstöðu í málinu fyrir þinglok,“ segir Ögmundur Jónasson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, um skýrslu Vigdísar Hauksdóttur. Skýrsluna kallaði hún „Einkavæðing bankanna hin síðari“.

Ögmundur bendir á að ráðgert sé að ljúka þingstörfum á fimmtudaginn. „Samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir bæri okkur að senda okkar tillögur til stjórnar þingsins sem síðan gæfi okkur sín viðbrögð. Að því búnu yrði málið sent til umræðu inni í þinginu. Til þessa gefst enginn tími,“ segir hann.

Hann bendir á, til samanburðar, erindi sem nefndinni hafi borist frá Kristjáni Þór Júlíussyni heilbrigðisráðherra, um það hvort forsendur væru fyrir því að þingið gengist fyrir rannsókn á plastbarkamálinu svokallaða. „Við erum þegar búin að kalla til okkar fjölda aðila og erum að safna gögnum. Við skrifuðum heilbrigðisráðherra fyrir fáeinum dögum og sögðum að það væri útilokað tímans vegna að klára málið fyrir þinglok. Hið sama gegnir að mínu mati um þetta mál,“ segir Ögmundur.

Vigdís segir að sér finnist Ögmundur lýsa miklum verkkvíða að geta ekki boðað til fundar í nefndinni til að taka málið fyrir, núna þegar búið er að senda það til nefndarinnar til umfjöllunar. „Þannig að ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með þetta vinnulag og þetta sýnir hvað það er óheppilegt að hafa ráðherra úr fyrri ríkisstjórn sem formann nefndarinnar. Hann er að mínu mati vanhæfur til að fjalla um málið,“ segir hún.

Vigdís telur þó að málið muni ekki daga uppi, jafnvel þó ekki verði fjallað um það á þessu þingi. „Það gerir það ekki út af því að ég sendi afrit af þessu máli á umboðsmann Alþingis. „Hann verður þá að dekka þetta mál og hefja þá vinnu, ef, af pólitískum forsendum, fyrrverandi ráðherra úr þessari ríkisstjórn tekur það ekki upp.“ **jonhakon@frettabladid.is**


**Ögmundur Jónasson tekur fyrstu skóflustunguna að fangelsinu á Hólmsheiði.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ég tel það vera útilokað að nefndin komist að niðurstöðu í málinu fyrir þinglok**
>
> Ögmundur Jónasson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

> **Þetta sýnir hvað það er óheppilegt að hafa ráðherra úr fyrri ríkisstjórn sem formann nefndarinnar**
>
> Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar






# Leigumarkaðurinn dregst saman

**HÚSNÆÐISMÁL** Þinglýstum kaupsamningum fjölgaði um tuttugu prósent á meðan leigumarkaðurinn dróst saman um sex prósent árið 2015. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Þjóðskrár. Á sama tíma hækkaði leiguverð á höfuðborgarsvæðinu um sjö prósent.

Þetta er í fyrsta sinn frá hruni sem þinglýstir kaupsamningar á Íslandi eru fleiri en leigusamningar. Gríðarleg breyting hefur átt sér stað á síðastliðnum árum en árið 2009 voru þinglýstir kaupsamningar tæplega 4.000 talsins en leigusamningar tæplega 11.000. Þróunin síðastliðin ár hefur svo verið sú að smátt og smátt fjölgar kaupsamningum á meðan leigumarkaður breytist lítið.

Í ársskýrslu Þjóðskrár kemur fram að fasteignamarkaðnum svipi núna til þess sem hann var árið 2003. Þó sé ekki jafn mikil hreyfing á honum og árið 2005 þegar markaðurinn náði hámarki.

Fjöldi kaupsamninga hefur þrefaldast frá því sem var árið 2009, eða rétt eftir hrun, og stendur nú í tæplega 12.000 samningum. Á sama tíma hefur húsnæðisverð haldið áfram að hækka umfram það sem leigumarkaður hefur hækkað, eða um 7,8 prósent samkvæmt vísitölu. **– snæ**


**Í fyrsta sinn frá hruni eru þinglýstir kaupsamningar fleiri en þinglýstir leigusamningar.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



WWW.NISSAN.IS
NISSAN
Innovation that excites
NISSAN X-TRAIL
RÚMGÓÐUR OG SPARNEYTINN SPORTJEPPI
FÁANLEGUR 7 SÆTA
*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.
ENNEMM / SÍA / NM77165
TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR
Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.
320.000 kr.
KAUPAUKI
Heilsársdekk og dráttarbeisli fylgja nýjum Nissan X-Trail í september
NISSAN X-TRAIL
ACENTA, SJSK., DÍSIL
Framhjóladrifinn
Verð: 5.190.000 kr.
Eyðsla 5,1 l /100 km*
NISSAN X-TRAIL
ACENTA, BSK., DÍSIL
Fjórhjóladrifinn
Verð: 5.590.000 kr.
Eyðsla 5,3 l /100 km*
ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls símabúnaður Bluetooth
Nissan Connect kerfi: Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.
360° MYNDAVÉLATÆKNI
NISSAN CONNECT
ÖRYGGISHJÚPUR
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Tekist á um framtíð þjóðar

**Eldhúsdagsumræður á Alþingi voru haldnar í gær. Þrír þingmenn allra flokka sem sæti eiga á þingi ræddu stöðu lands og þjóðarbús þegar tæpar fimm vikur eru til kosninga.**

Eldhúsdagsumræður fóru fram á Alþingi í gær í síðasta skipti fyrir kosningarnar þann 29. október næstkomandi og tókust menn á um forgangsröðun sitjandi stjórnvalda.

Bæði formaður Samfylkingarinnar og formaður þingflokks VG héldu til haga í þessum umræðum í gær ástæðu þess að gengið væri til kosninga nú í haust. „Í apríl voru forystumenn ríkisstjórnarflokkanna staðnir að því að hafa átt peninga í skattaskjólum,“ sagði Svandís Svavarsdóttir. „Þess vegna er eldhúsdagurinn núna í september, vegna þess að þjóðinni ofbauð þegar spillingin vall fram yfir samfélagið allt. Þess vegna á að fara að kjósa.“ Málefni aldraðra, heilbrigðismál, flóttamannaverkefnið og menntamál voru ofarlega á baugi ræðumanna í gær.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, fór yfir stöðu íslensks samfélags nú í lok þessa kjörtímabils. Sagði hann þessa ríkisstjórn hafa náð markverðum árangri í ríkisfjármálum sem og í því að lækka skuldir heimilanna. Milljarðaálögur á bæði fyrirtæki og einstaklinga hafi verið lækkaðar til hagsbóta fyrir alla en á sama tíma hafi verðbólga verið lítil, hagvaxtarskeiðið langt og samfelldur stöðugleiki aldrei verið lengri. Einnig benti Bjarni á mikinn samhljóm allra flokka í því að nú væri lag að auka við fjármagn í heilbrigðiskerfið og í almannatryggingar.

Oddný G. Harðardóttir, formaður Samfylkingar, sagði traustið hafa rofnað með tilkomu Panamaskjalanna svokölluðu, sem afhjúpuðu eignir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar í skattaskjóli.

Hvorki formaður né varaformaður Framsóknarflokksins tóku til máls í gærkveldi í eldhúsdagsumræðunum. Nú, fimm vikum fyrir kosningar, sætir það tíðindum að Sigurður Ingi og Sigmundur Davíð, sem gegnt hafa stöðu forsætisráðherra á þessu kjörtímabili, hafi ekki talað til landsmanna um það sem gert hefur verið á kjörtímabilinu.

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sagði mikilvægt að allir áttuðu sig á því að hér á landi varð ekki allt frábært þegar sitjandi ríkisstjórn kom til valda. Ríkisstjórnin hafi tekið við góðu búi vinstriflokkanna eftir hrunárin. Einnig sagði hún núverandi ríkisstjórn hafa átt Evrópumet í fjölda ráðherra í Panamaskjölunum. Spurði hún af því tilefni hvort þetta væri rétta fólkið til að takast á við skattaskjólin.

Lilja Alfreðsdóttir, utanríkisráðherra utan þings, hélt framsöguræðu fyrir Framsóknarflokkinn, en hvorki formaður né varaformaður flokksins tóku til máls nú. Lilja sagði það mjög mikilvægt að við stýri þjóðarskútunnar væri reyndur skipstjóri.

**sveinn@frettabladid.is**

Á þessu kjörtímabili hefur afar mörgu verið komið til leiðar. Við settum í forgang að bæta skuldastöðu heimilanna sem voru í sárum þegar síðast var gengið til kosninga. Og við höfum á því sviði náð árangri sem vekur athygli langt út fyrir landsteinana. Við töluðum um að létta sköttum af heimilunum og sú stefna hefur tryggt að heimilin halda eftir meira af sjálfsaflafé.



Bjarni Benediktsson
Sjálfstæðisflokkur

Einhvern tíma var sagt að þegar öllu væri á botninn hvolft væri traust efnahagsstjórn stærsta velferðarmálið. Það reyndist rétt. Rúmu ári seinna var Ísland nánast á hausnum með skelfilegum afleiðingum fyrir alla okkar mikilvægu samfélagslegu innviði.



Katrín Jakobsdóttir
Vinstri græn

Við lifum á umbrotatímum þar sem gríðarlega hraðar umbreytingar eiga sér stað. Við okkur blasir flókin og ógnvænleg heimsmynd þar sem öfgar og popúlismi eru orðin yfirþyrmandi veruleiki sem ógnar tilveru okkar allra. Spillingin flæðir upp á yfirborðið í algerri sibylju og áreitið er orðið svo mikið að langtímahugsun og samkennd á undir högg að sækja.



Birgitta Jónsdóttir
Píratar

Uppljóstranir Panamaskjalanna voru kornið sem fyllti mælinn. Þegar í ljós kom að þáverandi hæstvirtur forsætisráðherra, hæstvirtur fjármálaráðherra og hæstvirtur innanríkisráðherra hefðu átt reikninga í skattaskjólum var það í hrópandi mótsögn við samstöðu almennings til að koma hlutum á réttan kjöl eftir hrunið.

Óttarr Proppé
Björt framtíð



Þing er rofið og við göngum til kosninga vegna skorts á trausti og trúnaði milli þjóðarinnar og stjórnvalda, og vegna atburða þar sem spilling og skattaskjól voru í lykilhlutverki. Almenningur fékk innsýn inn í það hvernig auðmenn fara að, hvar þeir geyma peningana sína í skjóli fyrir skattinum og hvernig sumir þeirra láta aðra bera sinn hlut í velferðarkerfinu.

Oddný Harðardóttir
Samfylkingin



Á kjörtímabilinu hefur algjör kúvending orðið á stöðu heimilanna og fólksins í landinu. Með skýrri sýn og markvissri stefnu hefur okkur tekist að leysa flókin verkefni og búa í haginn fyrir framtíðina. Þess vegna er nú svigrúm til að styrkja innviði samfélagsins.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
Framsóknarflokkur









**Nicorette Cooldrops munnsogstöflur** (inniheldur nikótín) er notað við tóbaksfíkn. Það dregur úr fráhvarfseinkennum og reykingaþörf og auðveldar reykingamönnum að venja sig af reykingum. Skammtar: Börn: Lyfið má einungis nota handa unglingum (12-17 ára) skv. ráðleggingum læknis. Börn yngri en 12 ára mega ekki nota lyfið. Fullorðnir: 2 mg henta reykingafólki sem er lítið háð nikótíni. 4 mg þeim sem er mjög háðir nikótíni. Hámarksdagskammtur er 15 stk. Ekki á að nota lyfið lengur en 9 mánuði. Venjulega vegur ávinningur af að hætta að reykja þyngra en áhætta sem fylgir nikótínmeðferð. Setja á 1 munnsogstöflu í munninn og láta hana leysast upp. Hvorki má tyggja hana né gleypa. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. Þeir sem hafa aldrei reykt. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting, nýlegt heilablóðfall og/eða óstöðugt blóðrásarkerfi skal einungis nota Nicorette undir eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisbjúg eða ofsakláða eða eru með: háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. **Aðgát í návist barna:** Nikótínskammtar sem fullorðnir geta þolað geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við lækni. Nikótín berst yfir fylgju og getur haft áhrif á blóðrás og öndun fósturs. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NIC-L/K-2016-08-1


## Tugir bankamanna saksóttir á Spáni

**SPÁNN** Réttarhöld eru hafin á Spáni yfir 65 bankamönnum, þar á meðal Rodrigo Rato sem var yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árunum 2004-2007. Hann var einnig um hríð fjármálaráðherra Spánar fyrir Lýðflokkinn, helsta hægri flokk landsins.

Mennirnir eru sakaðir um að hafa misnotað aðstöðu sína hjá bankanum Bankia, sem bjarga þurfti með fé úr ríkissjóði árið 2012, og dregið sér samtals um 12 milljarða evra, en sú fjárhæð samsvarar um það bil 1.500 milljörðum króna.

Þeir eru sagðir hafa notað „ópinber“ kreditkort til að greiða fyrir lúxusvarning, ferðalög, hótelgistingu, dýran fatnað og skemmtanir af ýmsu tagi. Þetta eru þeir sagðir hafa gert á árunum frá 2003 og allt fram til 2012, sumir hverjir í það minnsta.

Þegar bankanum var bjargað árið 2012 urðu um 200 þúsund manns fyrir fjárhagstjóni þegar hlutafé þeirra í bankanum varð verðlaust.



**Rodrigo Rato, vinstra megin við miðju myndarinnar, ásamt Miguel Blesa, fyrrverandi bankastjóra Caja Madrid, í réttarsal í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rato sagði af sér sem bankastjóri Bankia árið 2012, stuttu áður en hann fór næstum því á hausinn. **– gb**

# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI

**AFGREITT ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA FRÁ KL. 14-18**

ÓFROSIÐ OG FERSKT DAGLEGA!



| | |
|---|---|
| Heilslátur 5 ferskt | 5.699 kr/pk |
| Heilslátur 3 ferskt | 3.799 kr/pk |
| Heilslátur 5 ferskt án blóðs | 5.599 kr/pk |
| Heilslátur 3 án blóðs | 3.599 kr/pk |
| Þindar | 399 kr/kg |
| Eistu | 599 kr/kg |
| Blóð 1 L | 199 kr/pk |
| Mör | 169 kr/kg |
| Sviðahausar hreinsaðir | 599 kr/kg |
| Vambir 3 stk | 1.199 kr/pk |

HAGKAUP

*Skemmtilegast að versla*









Flóttamaður í Calais-búðunum, þar sem allt að tíu þúsund manns búa við lélegar aðstæður. NORDICPHOTOS/AFP

# Hollande ætlar sér að loka Calais-búðunum

**Hollande Frakklandsforseti krefst þess að Bretar taki þátt í kostnaðinum. Vinna við gerð múrs milli búðanna og þjóðvegarins að Ermarsundsgöngunum er hafin.**

**FRAKKLAND** François Hollande, forseti Frakklands, segist staðráðinn í að loka flóttamannabúðunum í Calais fyrir árslok. Hann vill samt að Bretar taki þátt í kostnaðinum.

Hollande skýrði frá þessu í gærmorgun þegar hann hélt til Calais að hitta þar lögreglumenn og stjórnmálamenn. Ekki heimsótti hann þó búðirnar sjálfar.

Þar hafast við allt að tíu þúsund flóttamenn, sem flestir hverjir vonast til að geta komist í gegn um Ermarsundsgöngin yfir til Bretlands. Margir hafa reynt að laumast yfir sundið með því að fela sig í flutningabílum sem eru á leiðinni inn í göngin.

Í síðustu viku var byrjað að reisa múr einn mikinn meðfram þjóðveginum til að einangra hann frá búðunum. Þannig verði flóttafólkinu þar gert erfiðara að nálgast umferðina undir Ermarsundið.

Það eru Bretar sem fjármagna þessa múrgerð, sem talið er að hafi kostað hátt í tvær milljónir punda, sem er jafnvirði nærri 300 milljóna króna.

Fyrr á þessu ári var svæðið, sem búðirnar eru á, minnkað um helming. Engu að síður hefur íbúum þeirra fjölgað. Opinberlega er fullyrt að um sjö þúsund manns búi þar, en talið er að raunverulegur fjöldi sé nær tíu þúsundum. Þar á meðal eru um þúsund börn.

> **10.000** flóttamenn eru taldir hafast við í búðunum. Þeim þarf nú að koma fyrir annars staðar í Frakklandi.

Frönsk stjórnvöld reyna nú að koma þessu fólki fyrir annars staðar í Frakklandi fyrir vetrarbyrjun.

Búðirnar voru ekki skipulagðar af stjórnvöldum heldur kom flóttafólk sér þar sjálft fyrir og setti þar upp tjöld og bráðabirgðaskýli af ýmsu tagi. Fyrstu búðirnar risu þar stuttu fyrir aldamótin. Stjórnvöld hafa reglulega reynt að loka þeim en fólkið hefur þá bara komið sér fyrir annars staðar í nágrenninu.

Hjálparstofnanir hafa útvegað fólkinu heilbrigðisþjónustu en hreinlætisaðstaða er mjög bágborin.

Heimsókn Hollandes til Calais virðist vera liður í undirbúningi hans fyrir forsetakosningarnar á næsta ári. Nicolas Sarkosy, fyrrverandi forseti, kom einnig til Calais í síðustu viku, en hann vonast til þess að endurheimta embættið.

gudsteinn@frettabladid.is



Hollande Frakklandsforseti er strax byrjaður að undirbúa kosningabaráttu sína fyrir forsetakjör á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**VEISTU Í HVERJU ÞÚ ERT AÐ FJÁRFESTA?**

## Morgunfundur um ábyrgar fjárfestingar

Landsbankinn býður til morgunfundar þar sem sérfræðingar fjalla um innleiðingu og aðferðafræði ábyrgra fjárfestinga. Fundurinn fer fram á Icelandair Hotels Reykjavík Natura, fim. 29. september kl. 8.30 - 10.15.
**Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.00. Allir velkomnir.**

### Dagskrá

**Opnunarávarp**
Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir, framkvæmdastjóri Markaða Landsbankans

**Samfélagslega ábyrgur markaður**
Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar

**Heildin > summa liðanna**
Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Icelandair Group

**Risk, Fiduciary Duty and the Laws of Nature**
Gil Friend, stofnandi og stjórnarformaður Natural Logic Inc.

**Fundarstjóri:**
Hrönn Hrafnsdóttir, sérfræðingur í samfélagsábyrgð hjá Reykjavíkurborg

**Skráning á landsbankinn.is**

**#abyrgarfjarfestingar**

**Aukaársfundur um sameiningarmál**

**Stafir lífeyrissjóður** boðar til aukaársfundar á Grand hóteli Reykjavík fimmtudaginn 29. september 2016 kl. 16.

Lögð verður fram á fundinum tillaga um sameiningu Stafa lífeyrissjóðs og Sameinaða lífeyrissjóðsins til umræðu og síðan atkvæðagreiðslu.

*Stjórn Stafa lífeyrissjóðs*

STAFIR LÍFEYRISSJÓÐUR

Stórhöfða 31 • 110 Reykjavík • sími 569 3000 • stafir@stafir.is

stafir.is

SAFT

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

# Íbúar Húnaþings í meiri hættu en aðrir

**Yfirlæknir Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvammstanga segir íbúa svæðisins í meiri hættu vegna fjarlægðar við lögregluþjóna á vakt. Viðbragðstími lögreglu er allt að tvær klukkustundir og segir sveitarstjóri að íbúar finni fyrir óöryggi.**

**HÚNAÞING** Með núverandi fyrirkomulagi lögreglunnar á Norðurlandi vestra er lögreglan að varpa ábyrgð yfir á aðra viðbragðsaðila og stefnir öryggi íbúa á svæðinu í hættu. Þetta er mat Geirs Karlssonar, yfirlæknis Heilbrigðisstofnunar Norðurlands vestra á Hvammstanga.

Geir ritaði lögreglustjóranum á Norðurlandi vestra og innanríkisráðuneytinu bréf þar sem hann fer yfir áhyggjur sínar af staðsetningu lögreglumanna á svæðinu. Í ágúst þurfti að bíða eftir lögreglu í tvær klukkustundir þegar maður lést er bifreið fór í höfnina á Hvammstanga vegna þess að lögreglan var við æfingar á Sauðárkróki.

„Mér finnst það algerlega óásættanleg staða hvort sem er fyrir íbúa svæðisins eða viðbragðsaðila hér að þurfa að bíða svo lengi eftir aðstoð lögreglu þegar mikið liggur við,“ segir Geir.

Björn Pálsson, lögreglustjóri Norðurlandsumdæmis vestra, segir það rétt að öryggi íbúa á Hvammstanga sé ekki það sama og annarra.

„Já, ef við horfum á þetta sem einhvers konar gæði, og kannski er rétt að hugsa það svo, þá er þeim misskipt í þessu eins og öðru, til dæmis fjarlægð frá spítala, lækni og svo framvegis,“ segir Páll. „Staðsetning okkar manna er reglulega í skoðun en engin afgerandi ákvörðun hefur verið tekin um breytingu á henni. Það eru margir þéttbýlisstaðir, bæði hér í þessu umdæmi og annars staðar, sem búa við svipaðar aðstæður.“

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, segir marga íbúa finna fyrir öryggisleysi og er sammála Geir yfirlækni um að öryggi þeirra sé stefnt í hættu. „Ég er sammála yfirlækni og get staðfest að þetta er upplifun margra íbúa. Þá veldur fjarvera lögreglu auknu álagi og þjónustuþyngd á fjölskyldudeild Húnaþings vestra. Íbúar upplifa varnarleysi, bið eftir lögreglu er það löng að eftir að hringt er þá getur margt gerst meðan beðið er, sem kallar síðar á áfallahjálp og sálræna úrvinnslu,“ segir Guðný Hrund. **sveinn@frettabladid.is**



**Lítið öryggi er að búa á Hvammstanga. Þar finna íbúar fyrir öryggisleysi samkvæmt sveitastjóranum og yfirlækni sem ritaði lögreglu bréf eftir hörmulegt slys í ágúst.**




**Alls eru 14 einbreiðar brýr á veginum og margar blindhæðir.** FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Dalabyggð vill að ríkið vakni af þyrnirósarsvefni

**SAMGÖNGUR** Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar í síðustu viku var lögð fram harðorð bókun um Snæfellsnesveg, sem er milli Hörðudals og Stykkishólmsvegar. „Sveitarstjórn Dalabyggðar krefst þess að Alþingi og ríkisstjórn vakni af þyrnirósarsvefni og setji verulega aukið fjármagn til samgöngumála þannig að íbúar landsins og gestir geti ferðast um landið með þokkalega öruggum hætti. Ekki ætti að þurfa að stofna til nýrra gjaldstofna þar sem álögur á eldsneyti og farartæki eru þegar skýjum ofar,“ segir þar meðal annars.

Vegurinn er 60 km langur malarvegur og tengir saman Snæfellsnes og Dali. Á fundinum voru kynntar umferðartölur Vegagerðarinnar þar sem kom fram að sumardagsumferð sé allt að 160 prósentum meiri nú en árið 2010. Þá voru upplýsingar frá lögreglu einnig kynntar en á árinu eru skráð 14 umferðaróhöpp þar sem 21 einstaklingur var fluttur með sjúkrabíl á heilbrigðisstofnun. Í 12 af þessum 14 óhöppum áttu erlendir ferðamenn í hlut. Þá hefur í 18 tilvikum þurft að sækja skemmda bíla með dráttarbílum. Á veginum eru 14 einbreiðar brýr, margar blindhæðir og krappar beygjur. Í tölvupósti vegamálastjóra til íbúa á Skógarströnd fyrr á árinu kemur fram að Vegagerðin hafi ekkert fjármagn í aðgerðir við veginn og endurbygging hans sé ekki á neinum áætlunum. **– bbh**

# Lýsir áhyggjum af Aleppo

**BANDARÍKIN** Barack Obama Bandaríkjaforseti lýsti í gær miklum áhyggjum af ástandinu í sýrlensku borginni Aleppo. Eins og stendur fara uppreisnarmenn með völdin í meirihluta borgarinnar en stjórnarherinn situr um borgina.

Obama sagði sjúkraliða eiga erfitt með að ráða við þann mikla fjölda borgara sem særðir eru og anna þeir því ekki eftirspurn. Þá sagði hann blóð til gjafar sem og lyf nærri á þrotum eftir þriggja vikna umsátur stjórnarhersins. Einnig lýsti hann yfir áhyggjum af því að vatn væri af skornum skammti eftir loftárás á dælustöð.

„Það sem við höfum séð frá ríkisstjórn Assads [Sýrlandsforseta] og bandamönnum þeirra Rússum er ákveðin herferð gegn óbreyttum borgurum. Sprengjum er varpað á þá þar til þeir gefast upp og hlýða,“ sagði talsmaður forsetans, Josh Earnest, í gær. **- þea**



SAMSUNG

SAMSUNGSETRID.IS




SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 • 4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

# Framtíðar sjónvörp




ULTRA HD PREMIUM

**Samsung KS8005T**

49"/ 55"/ 65"

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 •
4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

ULTRA HD PREMIUM

Þetta merki er eingöngu notað fyrir vörur sem uppfylla efri mæligildi mynd- og hljóðgæða. Hátt dynamic svið (HDR), hámarks styrkleiki ljóss, svarti liturinn og breið litapalletta er þess á meðal. Einnig er merkið staðfesting á betri hljómgæðum. Framfarir í upplausn, skerpu, birtu, lit og hljóði hafa verið hraðar, en með þessu merki ættu flestir að sjá hvar mestu gæðin eru.




ULTRA HD PREMIUM

**Samsung KS7505**

43"/ 49"/ 55"/ 65"

SUHD • ULTRA HD PREMIUM • HDR1000 •
4K • QUANTUM DOT DISPLAY • SMART TV

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

# Galopin staða



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Styrkur Viðreisnar felst ekki síst í stöðu flokksins á miðju íslenskra stjórnmála. Það er engum vafa undirorpið að flokkurinn mun sækja fylgi til hægri og vinstri í alþingiskosningunum í nóvember.

Tímasetningin er líka góð fyrir Viðreisn. Flokkurinn býður fram í fyrsta sinn á sama tíma og allt logar stafnanna á milli í Framsóknarflokknum og Samfylkingin er allt að því ónýtt pólitískt vörumerki þar sem tíminn frá því að flokkurinn mældist yfir tíu prósentum verður ekki mældur í mánuðum heldur árum.

Það er samt margt undirorpið óvissu fjórum vikum fyrir kosningar. Við vitum ekki hvernig oddvitar Viðreisnar standa sig í kappræðum þótt þeir séu flestir með afar fallegar ferilskrár. Þá vitum við ekki hversu mikil neikvæð áhrif tengsl Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur við Kaupþing banka mun hafa á árangur Viðreisnar í kraganum. Þá hefur Þorsteinn Víglundsson um árabil verið á háum launum við að gæta sérhagsmuna. Fyrst fyrir Samtök álframleiðenda og síðan Samtök atvinnulífsins. Vera kann að það stuði einhverja kjósendur sem gera kröfu um annars konar bakgrunn þegar pólitísk forysta er annars vegar.

Ef Viðreisn verður í aðstöðu til að taka þátt í myndun ríkisstjórnar að loknum kosningum bíður flokksins mjög erfið prófraun. Hvaða styrk mun Viðreisn hafa til þess að leiða kerfisbreytingar í landbúnaði og sjávarútvegi almenningi til hagsbóta?

Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft gnægð tækifæra til kerfisbreytinga en forystumenn flokksins hafa fremur kosið varðstöðu um óbreytt ástand. Þegar sjávarútvegurinn er annars vegar er þessi afstaða mjög skiljanleg enda skapar atvinnugreinin mikil verðmæti. Nýleg könnun RÚV á hugðarefnum almennings í aðdraganda kosninga leiðir í ljós að fólki finnst þetta ekki skipta miklu máli. Þannig nefnir yfirgnæfandi meirihluti heilbrigðiskerfið þegar spurt er hvaða mál eigi að leggja mesta áherslu á eftir kosningar.

Mörgum finnst hins vegar þyngra en tárum taki að hafa ekki val. Fólk vill búa við frelsi. Það vill geta keypt grískan fetaost og danska skinku án mikillar fyrirhafnar og án þess að setja sig á hausinn í leiðinni. Fólk fer í matvöruverslanir í útlöndum og veit að fjölbreytni og úrval er ávísun á aukin lífsgæði. Margir eru jafnvel tilbúnir að borga aðeins hærra verð fyrir íslenska mjólkurlítrann í staðinn. Það er lítið endurgjald fyrir valfrelsi. Niðurstöður framangreindrar könnunar benda hins vegar til þess að þetta sé ekki í forgangi hjá almenningi heldur endurbætur á heilbrigðiskerfinu. Engu að síður er þetta ofarlega á blaði hjá mörgum því þetta snertir bæði pyngjuna og gæði lífs. Þar liggja sóknarfæri Viðreisnar sökum stefnu flokksins í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum. Ef Viðreisn verður plástur á núverandi ríkisstjórnarsamstarf verður að meitla það kyrfilega í stjórnarsáttmálann með skematískum hætti að stefnt verði að hækkun veiðigjalda í sjávarútvegi og auknu frelsi við innflutning á matvælum. Að öðrum kosti verður Viðreisn aldrei annað en sykurlaus útgáfa af Sjálfstæðisflokknum. Og þá var kannski betur heima setið en af stað farið.

**Ef Viðreisn verður plástur á núverandi ríkisstjórnarsamstarf verður að meitla það kyrfilega í stjórnarsáttmálann með skematískum hætti að stefnt verði að hækkun veiðigjalda í sjávarútvegi og auknu frelsi við innflutning á matvælum.**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Í tengslum við eigin kjósendur**

Ný könnun MMR sýnir megna andstöðu við búvörusamningana nýgerðu. Þá hefur því allavega verið svarað með vísindalegum hætti hvort menn séu ósáttir við samningana eða ekki. Það er hins vegar merkilegt að mesta andstöðuna er að finna hjá kjósendum Vinstri grænna, Samfylkingar, Pírata, Bjartrar framtíðar og Viðreisnar. Yfirgnæfandi meirihluti kjósenda þessara flokka eru á móti samningunum. Því vekur athygli að meirihluti þingmanna Vinstri grænna og Samfylkingar ákvað að sitja hjá við atkvæðagreiðslu í þinginu um téða samninga. Er það nú kannski til merkis um að vinstri flokkarnir séu lítið í tengslum við kjósendur sína.

**Kosningar í nánd**

Eldhúsdagsumræður voru með hefðbundnu sniði í gær þar sem þingmenn meirihlutans mærðu störf ríkisstjórnarinnar í hástert á meðan stjórnarandstæðingar bentu á það sem miður hefur farið á kjörtímabilinu. Panamahneyksli núverandi formanns Framsóknarflokksins var mikið á milli tanna stjórnarandstæðinganna en lítið um það rætt meðal stjórnarsinna eins og von var. Hins vegar er gott fyrir land og þjóð að fá einstöku sinnum umræðu um stefnu flokkanna sem sitja á Alþingi. Ljóst er að komandi kosningabarátta mun að litlu leyti snúast um það heldur um þá atburðarás sem átti sér stað í kjölfar Panamahneykslis þáverandi forsætisráðherra.

sveinn@frettabladid.is

# Aflandsreikningar – er nokkuð að þessu?



Jón Sigurðsson
fv. skólastjóri

Aflandsreikningar erlendis vekja umræður og spurningar. Menn spyrja: Er það lögbrot að eiga fé á aflandsreikningi? Er það skattsvik? Mega menn ekki ráða því hvar þeir geyma fé sitt?

Það eitt að eiga fé á aflandsreikningi á leyndum stað erlendis er feluleikur, en ekki endilega lögbrot. Og athugun hvers máls leiðir í ljós hvort um skattsvik er að ræða.

Hvað er þá að? – Nokkur atriði koma til athugunar:

- Menn taka stöðu gegn íslensku krónunni með því að eiga stórfé á aflandsreikningi erlendis, fé sem ekki á rætur í viðskiptum erlendis. Þá veikja menn gjaldeyrisstöðu Íslands og geta hagnast á fjármálaerfiðleikum sem verða kunna hér heima.
- Ef eigandi slíks fjár gegnir trúnaðarstöðu hérlendis kann hann að vera vanhæfur í verkefnum, vegna hagsmuna- og trúnaðarárekstra, líka sem maki málsaðila. Þetta snertir fjármálakerfið, uppgjör slitabúa, skattamál, fjárfestingar o.s.frv. Alveg sérstaklega getur þetta varðað ákvarðanir um afslætti, svo sem t.d. varðandi stöðugleikaframlögin svonefndu.
- Leggja ber fram sérstakt skattframtal, svokallað CFC-framtal, um inneignir á aflandsreikningi erlendis. Ella verða skattskil vart talin fullnægjandi.
- Með því að geyma fé sitt á aflandsreikningi erlendis nýta menn forréttindi umfram aðstöðu almennings, til að fá betri kjör, ávöxtunarkosti, jafnvel skatta o.s.frv.
- Ef eigandi slíks fjár gegnir trúnaðarstöðu hérlendis verður hann að gera vandaða grein fyrir innstæðum sínum og maka síns. Ella kallar hann trúnaðarbrest yfir sig, og þetta getur varðað upplýsingaskyldu.
- Almennt er það talið valda trúnaðarbresti ef maður í trúnaðarstöðu verslar í laumi um inneignir við maka sinn, t.d. þegar breytt er lögum um skatta, skattskil, upplýsingamiðlun eða annað slíkt.
- Það veldur líka trúnaðarbresti ef maður verður margsaga um einkafjármál sín eða reynir að þræta fyrir þau.

**Það veldur líka trúnaðarbresti ef maður verður margsaga um einkafjármál sín eða reynir að þræta fyrir þau.**

FRÉTTABLAÐIÐ ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Sara McMahon sara@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is ÚTLITSHÖNNUN: Silja Ástþórsdóttir siljaa@frettabladid.is

# Ást og hatur í 100 ár



**Frosti Ólafsson**
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

**Til að færa umræðu um framtíð landbúnaðar í réttan farveg þarf bændaforystan að sýna kjark og líta á endurskoðun samninganna árið 2019 sem gagnkvæmt ákvæði. Tækifæri til umbóta eru sannarlega til staðar og þau þarf að nýta. Það vilja allir elska íslenskan landbúnað.**

Uppúr 1914 kvöddu bændur það eldforna búskaparlag frumstæðra þjóða að nytja sauðfé sem mjólkurpening. Þó ótrúlegt sé rækta þeir það enn til kjöts og reyna síðan að troða kjötinu með ríkismeðgjöf uppá útlendinga sem fúlsa við því. Þessi bitvargur, sauðkindin, hefur gegnum tíðina gert úr Íslandi það land sem svo er spilt af mannavöldum að ekkert annað evrópuland kemst þar í hálfkvisti. Einginn einstakur skaðvaldur hefur spilt Íslandi einsog sauðkindin.

Sauðfjárbúskapur tilheyrir altöðru menníngarstigi og efnahagskerfi en íslendingar búa við nú á dögum, og á einsog háttar til núna meira skylt við skemtun eða sport en landbúnað sem takandi sé mark á, enda ekki fjármagnaður af þeim sem stunda hann fremuren symfónían, skelkur landsbygðarinnar.

**Vinnubrögð og umræða sem engum gagnast**

Framangreindur texti er ekki skrifaður í kjölfar nýsamþykktra búvörulaga. Árið 1975 gaf Halldór Laxness út æskuminningar sínar í bókinni Í túninu heima. Þar reifar hann þessa skoðun sína á gagnsemi þáverandi landbúnaðarstefnu. Innihald og tónn textans á þó margt sammerkt með þeirri orðræðu sem hefur sprottið upp eftir að 19 þingmenn Alþingis samþykktu ný búvörulög. Með öðrum orðum þá ríkir engu meiri sátt um íslenskan landbúnað en á þeim tíma sem nóbelskáldið gaf út bók sína.

Sjaldan hefur Alþingi samþykkt lög sem mættu andstöðu jafn breiðs hóps hagsmunaaðila. Fulltrúar neytenda, skattgreiðenda, launþega, umhverfisverndar, samkeppnissjónarmiða, atvinnurekenda og viðskiptafrelsis lýstu sig allir andsnúna samningunum. Um 40% sauðfjárbænda höfnuðu samningunum auk fjórðungs kúabænda. Þá voru um fjórum sinnum fleiri andvígir samningunum en hlynntir meðal almennings samkvæmt skoðanakönnun Maskínu.

Það voru ekki síst vinnubrögð stjórnvalda og bændahreyfingarinnar í aðdraganda samninganna sem sættu gagnrýni. Með því að endurnýja alla samninga samtímis gafst einstakt tækifæri til að marka heildstæða stefnu í landbúnaðarmálum. Í stað þess að vinna að slíkri endurskoðun í breiðu samstarfi við helstu hagsmunaaðila var um lokaða samningagerð bænda og landbúnaðarráðuneytis að ræða. Afleiðing þessara vinnubragða er heiftúðleg umræða þar sem tekist er á um réttmæti samninganna í stað framtíðarstefnu í landbúnaði. Slíkt gagnast engum.

**Verður tækifærið nýtt eftir þrjú ár?**

Landbúnaður þarf ekki að vera áframhaldandi ágreiningsefni langt fram á þessa öld. Líkt og víða annars staðar nýtur hefðbundinn landbúnaður almennrar velvildar og flestir eru tilbúnir að styðja við atvinnugreinina með einhverjum hætti. Sú dilkadregna umræða sem einkennir landbúnaðarmál endurspeglar fyrst og fremst óánægju með vinnubrögð og skort á samráði. Uppgangur ferðaþjónustu og breyttar neysluvenjur skapa mikil tækifæri til nútímavæðingar landbúnaðarkerfisins. Í stað þess að steypa atvinnugreinina í fast mót ætti að vera unnt að auka sveigjanleika og nýbreytni, öllum til heilla.

Atvinnuveganefnd og alþingismenn brugðust hlutverki sínu við breytingar á búvörulögum í meðförum þingsins. Í stað þess að tryggt væri gagnkvæmt endurskoðunarákvæði virðast bændur hafa alla þræði á sinni hendi. Það eru ámælisverð vinnubrögð í ljósi yfirlýsinga um þjóðarsamtal og sátt um samningana.

Til að færa umræðu um framtíð landbúnaðar í réttan farveg þarf bændaforystan að sýna kjark og líta á endurskoðun samninganna árið 2019 sem gagnkvæmt ákvæði. Tækifæri til umbóta eru sannarlega til staðar og þau þarf að nýta. Það vilja allir elska íslenskan landbúnað. Það er bara mjög erfitt þegar vinnubrögð við mörkun landbúnaðarstefnu bera merki hatrammrar sérhagsmunabaráttu.

# Menningartölfræði



**Kolbrún Halldórsdóttir**
forseti BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

Í grein sem Fréttablaðið birti 21.09.16 gerir aðstoðarmaður mennta- og menningarmálaráðherra athugasemdir við ummæli sýningarstjóra Listasafns Íslands um skeytingarleysi stjórnvalda gagnvart menningarmálum og við það að leiðarahöfundur Fréttablaðsins skuli skömmu síðar taka undir ummælin og samsinna þeim. Í grein aðstoðarmanns ráðherra er ummælunum mótmælt og þau hrakin með því að gera samanburð á framlögum ríkisins til tiltekinna menningarstofnana í tíð tveggja ríkisstjórna, á sex ára bili, þ.e. frá fjárlögum 2010 til fjárlaga yfirstandandi fjárlagaárs 2016.

Bandalag íslenskra listamanna hefur gegnum árin fylgst með framlögum til lista og menningar og átt um þau mál samtöl við stjórnvöld, bæði löggjafarvaldið á Alþingi og framkvæmdavaldið. Í þeim umsögnum sem BÍL hefur sent fjárlaganefnd Alþingis og í ráðgjöf til stjórnvalda eftir að fjárhagur ríkisins hrundi, hefur verið lögð áhersla á að viðmiðunarár alls samanburðar sé fjárlagaárið 2009, í ljósi þess að það voru síðustu marktæku fjárlög sem Alþingi samþykkti. Vegna þessa er nauðsynlegt að gera athugasemd við þá ákvörðun aðstoðarmanns ráðherra að nota fjárlög 2010 sem viðmið í sínum samanburði, árið sem ríkissjóður var nánast gjaldþrota og stjórnvöld skáru niður framlög til allrar opinberrar starfsemi svo undan sveið. Það er almennt viðurkennt að listir og menning hafi orðið mjög harkalega úti í þeim niðurskurði og að hægast hafi gengið að bæta menningargeiranum áfallið af niðurskurðinum.

Það eru ýmsar aðferðir færar til að reikna samanburð af því tagi sem hér um ræðir, þ. á m. sú sem notuð er í grein aðstoðarmanns ráðherra, að bera saman framlög á verðgildi hvers árs en vísa til hækkunar á verðlagsforsendum fjárlaga á tímabilinu, sem var 25,5% á milli áranna 2010 og 2016. En ef viðmiðunarárið hefði verið 2009 hefði hækkunin orðið 31,7%, sem gefur allt aðra niðurstöðu.

Í útreikningum sem BÍL leggur til grundvallar sínum samanburði hefur viðmiðunarárið verið fjárlagaárið 2009 og tölurnar framreiknaðar með verðlagsreiknivél Hagstofu Íslands. Þá lítur dæmið svona út (allar upph. í millj. kr.):

Þjóðleikhúsið 2009 719,8 – framreiknað 920,9 – 2016 982,6 – hækkun 6,7%

Sinfóníuhljómsveit Íslands 2009 534,8 – framreiknað 684,2 – 2016 929,2 – hækkun 35,8%

Kvikmyndasjóður 667,7 – framreiknað 854,2 – 2016 844,7 – lækkun 1,1%

Íslenska óperan 175,7 – framreiknað 224,8 – 2016 195,9 – lækkun 12,8%

Bókmenntasjóður 50 – framreiknað 63,9 – 2016 96,6 – hækkun 51,1%

Þjóðminjasafn 463,6 – framreiknað 593,1 – 2016 687,7 – hækkun 15,9%

Listasafn Íslands 165,4 – framreiknað 211,6 – 2016 211,5 – lækkun 0,1%

Varðandi Listasafn Íslands er nauðsynlegt að gera þá athugasemd að fjárlagaárið 2013 var fjárframlag Listasafns Sigurjóns Ólafssonar (tæpar 30 milljónir) sett undir fjárlagalið Listasafns Íslands, tölurnar milli áranna 2010 og 2016 eru því ekki sambærilegar, í útreikningnum hér að framan hefur framlagið til LSÓ verið undanskilið. Varðandi hækkað framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður að hafa í huga flutning sveitarinnar í Hörpu 2011 þar sem húsaleiga er margfalt stærri útgjaldaliður en áður var og varðandi Bókmenntasjóð er rétt að taka fram að 2013 var stofnuð Miðstöð íslenskra bókmennta sem hefur önnur og fjölbreyttari verkefni en bókmenntasjóður áður og er hún fjármögnuð af sama fjárlagalið.

Hagsmunasamtök og stofnanir í menningargeiranum hafa árum saman þrýst á um nákvæmari skráningu opinberra upplýsinga um listir og skapandi greinar. Því miður hefur ekki tekist að fylgja þróuninni í nágrannalöndum okkar eftir varðandi skráningu menningartölfræði. Skoðanaskipti af því tagi sem hér fara fram eru til marks um þörfina á reglulegri miðlun slíkra útreikninga og samræmdri aðferðafræði.




**Opinn morgunverðarfundur miðvikudaginn 28. september á Grand Hótel Reykjavík í salnum Gullteigi kl. 8.30-10.00.**

Dagskrá

**Heilbrigð samkeppni**
**Tryggvi Másson**, viðskiptafræðingur á efnahagssviði SA.

**Hvert stefnum við?**
**Dr. Stefán E. Matthíasson**, formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja.

HVER ER STEFNA STJÓRNMÁLAFLOKKANNA?
Umræður um áskoranir og tækifæri í íslenskri heilbrigðisþjónustu:
**Ásta Guðrún Helgadóttir**, Pírötum, **Elsa Lára Arnardóttir**, Framsóknarflokki, **Guðlaugur Þór Þórðarson**, Sjálfstæðisflokki, **Hanna Katrín Friðriksson**, Viðreisn, **Sigrún Gunnarsdóttir**, Bjartri framtíð, **Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**, Samfylkingu og **Steinunn Þóra Árnadóttir**, Vinstri grænum.

**Margrét Sanders**, formaður SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu stýrir fundi og stjórnar umræðum.

Léttur morgunverður og heitt á könnunni frá kl. 8.00.

**Vinsamlegast skráið þátttöku á vef SA**

SAMTÖK HEILBRIGÐISFYRIRTÆKJA · SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SA




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe SAFT

AROUNDTHEWORLD.IS



**Aðventuferð til Heidelberg og Rothenburg ob der Tauber**
**1.—5. des 2016**
Innifalið flug, gisting í 4 nætur, 2 kvöldverðir, vínsmökkun, ferð til Rothenburg, ferðir til og frá flugvelli.
Verð í tvíbýli kr. 146.600 á mann
Skoðaðu ferðirnar á vefnum okkar
www.aroundtheworld.is
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT



Íslensku keppnisliðin hafa æft af kappi síðastliðnar vikur og mánuði fyrir EM í Slóveníu sem hefst eftir rúmar tvær vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Ætla að endurheimta gullið

**Evrópumeistaramótið í hópfimleikum fer fram eftir rúmar tvær vikur í Slóveníu. Ísland sendir fjögur lið til keppni en kostnaður hvers keppanda við að taka þátt fyrir hönd þjóðarinnar er 350 þúsund krónur.**

**FIMLEIKAR** Íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum ætlar sér að endurheimta gullið sem það missti til Svíþjóðar þegar EM fór fram hér á landi fyrir tveimur árum. Ísland varð Evrópumeistari fyrst árið 2010 en varði titilinn tveimur árum síðar.

Í ár fer mótið fram í Maribor í Slóveníu, dagana 12.-15. október, og sendir Ísland lið til þátttöku í fjórum af sex keppnisgreinum. Kvenna- og stúlknalið Íslands eru til alls líkleg og stefna á að berjast um verðlaun en blönduð lið í fullorðins- og unglingaflokki ætla sér einnig að ná langt.

„Möguleikar okkar eru góðir,“ sagði Andrea Sif Pétursdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins. „En við ætlum að einbeita okkur fyrst og fremst að frammistöðunni. Fyrsta verk okkar verður að komast úr undanúrslitunum og svo ætlum við að komast á verðlaunapall.“

Keppnislið Íslands fór í gegnum æfingar sínar fyrir fullu húsi áhorfenda í Versölum í Kópavogi á sunnudagskvöld. Þar fengu keppendur forsmekkinn að því sem koma skal í Slóveníu.

„Það er fullt sem fór úrskeiðis og við fengum því dýrmæta reynslu. Það er sem betur fer nægur tími til að bæta okkur og finpússa æfingarnar,“ sagði Glódís Guðgeirsdóttir. „Það var gott að fá smá stress í okkur og koma adrenalíninu af stað. Það hjálpar manni að stilla sig inn á EM.“

Blönduðu keppnisliðin hafa styrkst mikið undanfarin ár en unglingaliðið vann til bronsverðlauna á EM fyrir tveimur árum. Framfarir karlanna í liðunum hafa verið miklar á síðustu misserum og þá fékk fullorðinsliðið góðan liðsstyrk er Norma Dögg Róbertsdóttir kom inn í liðið. „Ég hafði verið sautján ár í áhaldafimleikum og það var orðið tímabært að prófa eitthvað nýtt. Hér eru allir að hjálpast að og þetta hefur verið ofboðslega skemmtileg reynsla fyrir mig,“ sagði Norma Dögg sem hefur verið í fremstu röð í íslenskum áhaldafimleikum um árabil.

Á sunnudag hófst einnig fjáröflunarátak, Vertu mEMm, þar sem skorað er á fyrirtæki að styðja við íslensku keppendurna, sem bera sjálfir kostnað af þátttöku sinni á mótinu – alls 350 þúsund á hvern keppanda.

„Við höfum verið að selja klósettpappír, hárnæringu og sjampó en það þarf meira til. Það munar mikið um styrkina,“ sagði Andrea Sif en Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, segir að átakið hafi farið vel af stað.

„Við bindum vonir við að fá enn meiri viðbrögð á næstu dögum og að kostnaður keppenda lækki um leið umtalsvert,“ sagði Sólveig.

eirikur@frettabladid.is

## Nýjast

**Enska úrvalsdeildin**

| | | |
|---|---|---|
| Burnley | 2–0 | Watford |

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| Man. City | 18 | Watford | 7 |
| Tottenham | 14 | Leicester | 7 |
| Arsenal | 13 | Burnley | 7 |
| Liverpool | 13 | Hull | 7 |
| Everton | 13 | Bournemouth | 7 |
| Man Utd | 12 | M.Boro | 5 |
| C. Palace | 10 | Swansea | 4 |
| Chelsea | 10 | West Ham | 3 |
| Southampton | 8 | Stoke | 2 |
| West Brom | 8 | Sunderland | 1 |

Fæ ekki skilið afhverju Valarenga notaði ekki Elías Már ef drengurinn fær að spila þá skorar hann

Konráð Ólafur
@Konnieysteins

**ARON EINAR TÆPUR** Aron Einar Gunnarsson, landsliðsfyrirliði í fótbolta, er meiddur í kálfa og er óvíst að hann geti verið með íslenska landsliðinu í næstu leikjum strákanna okkar í undankeppni HM 2018. Fyrirliðinn tognaði í kálfa í leik með Cardiff gegn Leeds í síðustu viku og verður ekki með Bláfuglunum í kvöld og væntanlega ekki um helgina. Aron á að koma til móts við íslenska liðið á sunnudaginn en á mánudaginn hefjast æfingar fyrir leikina tvo gegn Finnum og Tyrkjum sem báðir fara fram í Laugardalnum. Leikurinn gegn Finnlandi er á fimmtudaginn í næstu viku en leikurinn gegn Tyrklandi verður sunnudaginn 9. október. Í samtali við vefsíðuna 433.is sagðist Aron Einar vera vongóður um að spila leikinn gegn Finnlandi en ekki þarf að útskýra fyrir neinum mikilvægi fyrirliðans á miðju íslenska liðsins.



## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.15 | Meistarad. Messan | Sport |
| 18.40 | Dortmund - Real M. | Sport2 |
| 18.40 | D. Zagreb - Juventus | Sport3 |
| 18.40 | CSKA - Tottenham | Sport4 |
| 18.40 | Leicester - Porto | Sport5 |
| 20.45 | Meistaramörkin | Sport |


NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja?
Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!



Nicotinell Classic/Fruit/Icemint/Lakrids/Mint/Spearmint/Tropical Fruit lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Notkun hjá fullorðnum 18 ára og eldri: Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Þú skalt nota Nicotinell 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggigúmmíi og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Þegar hætta á reykingum: Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring. Þegar dregið er úr reykingum: Nota skal Nicotinell lyfjatyggigúmmí þegar upp kemur reykingaþörf til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum eins og mögulegt er. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Venjulega er ekki mælt með reglulegri notkun Nicotinell lyfjatyggigúmmís lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Samtímis neysla á súrum drykkjum t.d. kaffi eða svaladrykkjum getur dregið úr frásogi nikótíns í kinninni. Forðast skal súra drykki 15 mínútum fyrir notkun lyfjatyggigúmmísins. Frábendingar: Einstaklingar sem ekki reykja, eru með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna eða eru yngri en 18 ára eiga ekki að nota Nicotinell lyfjatyggigúmmí. Varnaðarorð og varúðarreglur: Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með bólgu eða sár í munni, koki, vélinda eða maga, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sérstakar varúðarreglur varðandi hjálparefni: Nicotinell inniheldur sorbitól (E420): Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki nota lyfið. Tyggigúmmígrunnurinn inniheldur bútýlhýdroxýtólúen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar. Inniheldur natríum sem þarf að hafa í huga hjá sjúklingum á saltskertu fæði. Sumar bragðtegundir innihalda auk þess maltitól. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# BUMBAN BURT MEÐ PRÓGASTRÓ

**Artasan kynnir** Prógastró DSS®-1 mjólkursýrugerlarnir eru gall- og sýruþolnir gerlar sem margfalda sig í smáþörmunum þar sem þeirra er mest þörf. Þessi öflugi asídófílus byggir upp þarmaflóruna og hefur reynst þeim vel sem þjást af uppþembu, magaónotum, meltingarvandamálum, húðvandamálum, sveppasýkingum og erfiðum hægðum. Rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að regluleg inntaka próbíótískra gerla getur hjálpað okkur við að losna við kviðfituna.

### ÞARMAFLÓRAN OG MELTINGIN Í JAFNVÆGI

Öflug og rétt samsett þarmaflóra er grunnurinn að góðri heilsu og sterku ónæmiskerfi. „Þarmaflóran í venjulegri manneskju inniheldur yfir þúsund mismunandi tegundir gerla og baktería. Jafnvægi þessara baktería getur auðveldlega raskast vegna veikinda, inntöku sýklalyfja, mikillar kaffidrykkju og ýmissa lífsstílstengdra þátta eins og mikils álags, neyslu næringarsnauðrar fæðu og fæðu sem er mikið unnin. Fjölmargir eru líka að borða á hlaupum og á óreglulegum tímum sem er ekki síður slæmt. Við þessar aðstæður raskast jafnvægi þarma- og meltingarflórunnar og getur fólk þá farið að finna fyrir ýmsum óþægindum og veikindi farið að gera vart við sig. Prógastró – öflugi asídófílusinn, getur hjálpað okkur að koma nauðsynlegu jafnvægi á aftur,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

### GETA MINNKAÐ KVIÐFITU

Rannsóknir hafa sýnt að inntaka á próbíótískum meltingargerlum getur minnkað kviðfitu. „Virkni gerlanna felst m.a. í því að þeir koma jafnvægi á hormónabúskapinn okkar, sérstaklega á hormónin leptin og ghrelin sem senda skilaboð til heilans um hvort við séum svöng eða södd. Ef ójafnvægis gætir á þessum hormónum geta skilaboðin brenglast með þeim afleiðingum að við finnum fyrir hungurtilfinningu án þess að vera í raun svöng og höfum þá tilhneigingu til að borða of mikið. Heilbrigð þarmaflóra minnkar einnig upptöku kolvetna í smáþörmunum, sem annars breytast í kviðfitu,“ segir Hrönn

**PRÓBÍÓTÍSKIR GERLAR GETA ÁTT ÞÁTT Í AÐ MINNKA KVIÐFITU**

### SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu gall- og sýruþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og eiga gerlarnir mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. „Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að geta lifað af ferðina í gegnum súran magann.“ Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3 hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna. Prógastró mjólkursýrugerlarnir eru einnig afar öflugir en þarna eru fjórar tegundir gall- og sýruþolinna gerlastofna. Einn af þeim er L. acidophilus DDS®-1 en þetta er nafn á mjög áhrifaríkum gerlastofni þar sem „DDS®-1 viðbótin“ er afar mikilvæg. Það þýðir ekki bara að þeir þola hátt sýrustig í maganum, heldur margfalda þeir sig í þörmunum. L. acidophilus DDS®-1 er talinn gagnlegur fyrir alla aldurshópa og benda rannsóknir einnig til þess að þessi gerill bæti almennt heilsufar fólks. Prógastró DD+3 eru því bæði gall- og sýruþolnir ásamt því að vera einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Prógastró DDS+3 þarf ekki nauðsynlega að geymast í kæli,“ útskýrir Hrönn.




### STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ OG HEFUR GÓÐ ÁHRIF Á GEÐHEILSUNA

Meginþorri heilbrigðra einstaklinga hefur svipaða þarmaflóru en hún er að þróast og dafna hjá okkur alla ævi. „Nýlegar rannsóknir hafa einnig leitt í ljós að samsetning þarmaflórunnar breytist með aldrinum og fyrir vikið eigi gerlarnir erfiðar uppdráttar í þörmunum. Eldra fólki er því ráðlagt að taka inn meltingargerla reglulega. Þarmaflóran ver okkur gegn óæskilegum örverum og hefur margskonar áhrif á heila- og taugakerfið, þar með talið geðheilsu. Öflug og rétt samsett þarmaflóra er grunnurinn að sterku ónæmiskerfi og oftar en ekki er hægt að rekja ýmsa líkamlega sem og andlega veikleika til lélegrar þarmaflóru.“


Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi

### ALLIR ÞURFA AÐ HUGA AÐ INNTÖKU MELTINGARGERLA!

Eldra fólki er oftar en ekki ráðlagt að taka meltingargerla því meltingin versnar oft með aldrinum og ójafnvægi getur því skapast. En þar sem næringargildi fæðunnar sem við innbyrðum er því miður oft ekki mikið, lífstíllinn hraður og stressaður, inntaka sýklalyfja algeng sem og ýmsir sjúkdómar, þá þarf fólk á öllum aldri að huga að inntöku próbíótískra gerla, jafnvel börn og unglingar.

**20% AFSLÁTTUR Á FLESTUM SÖLUSTÖÐUM**

**Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.**

> Ef ójafnvægis gætir á þessum hormónum geta skilaboðin brenglast með þeim afleiðingum að við finnum fyrir hungurtilfinningu án þess að vera í raun svöng.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi


Heilbrigð þarmaflóra minnkar upptöku kolvetna í smáþörmunum sem annars breytast í kviðfitu.


# Erfitt að sofna?



**NÝTT BÆTIEFNI FYRIR SVEFN**




**LUNAMINO**

**INNIHALDSEFNI:**
- L-tryptófan
- Sítrónumelissa
- Lindarblóm
- Hafrar
- B-vítamín
- Magnesíum

**Melatónín er myndað úr tryptófani**

**SÖLUSTAÐIR: FLEST APÓTEK OG HEILSUBÚÐIR**

# VERKEFNIÐ VANNÝTT VERKFÆRI

Í verkefninu Sýnum karakter er einblínt á jákvæðan ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlegan. Verkefnið er verkfæri fyrir þjálfara til að efla og hlúa að andlegum og félagslegum þætti í þjálfun barna og ungmenna.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Verkefnið Sýnum karakter er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Upphaf verkefnisins nær aftur til ársins 2012 þegar Ungmennasamband Kjalarnesþings, UMSK, í samstarfi við dr. Viðar Halldórsson, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands, fór af stað með verkefnið. Það hefur verið prófað hjá nokkrum félögum og verið í þróun síðan þá. „Við fundum út hvaða aðferðum við myndum vilja beita til að gera þetta sem auðveldast fyrir þjálfara, íþróttafélögin, héraðssamböndin og alla sambandsaðila til að nýta sér þetta verkfæri," segir Sabína Steinunn Halldórsdóttir, verkefnastjóri UMFÍ, sem hefur starfað við verkefnið frá upphafi. Ráðstefnan Sýnum karakter verður haldin í Háskólanum í Reykjavík næstkomandi laugardag og standa ÍSÍ og UMFÍ saman að ráðstefnunni sem markar upphaf að sameiginlegu verkefni og vefsíðu með sama heiti.



**NOTENDAVÆNT VERKEFNI**

Verkefnið Sýnum karakter byggir á Framtíðinni, leiðarvísi í þjálfun barna og ungmenna sem Viðar hefur þróað í mörg ár með það fyrir augum að finna styrkleika íþróttafólks. Dr. Hafrún Kristjánsdóttir, íþróttasálfræðingur og sviðsstjóri á íþróttasviði Háskólans í Reykjavík, er einnig höfundur að efni Sýnum karakter. „Við erum með hæft fagfólk í að vinna efnið til að gera það sem best úr garði og að þetta sé notendavænt verkfæri. Þetta á ekki að vera kvöð fyrir þjálfara heldur að blandast í þá þjálfun sem er til staðar með þeim markmiðum að vinna með andlega og félagslega þætti barna og ungmenna," segir Sabína.

> Með verkefninu er ekki bara unnið með líkamlega þjálfun barna og ungmenna heldur er verið að byggja upp sterka einstaklinga til framtíðar. Það er gríðarlega mikilvægt að leggja áherslu á félagslega og andlega þætti. Heilsan er þríþætt; líkamleg, andleg og félagsleg.
>
> Sabína Steinunn Halldórsdóttir

**MIKILVÆGIR ÞÆTTIR**

Í verkefninu er einblínt á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlegan, svo sem áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogahæfni og markmiðasetningu. Sabína segir reynsluna af verkefninu vera góða. „Með verkefninu er ekki bara unnið með líkamlega þjálfun barna og ungmenna heldur er verið að byggja upp sterka einstaklinga til framtíðar. Það er gríðarlega mikilvægt að leggja áherslu á félagslega og andlega þætti. Heilsan er þríþætt; líkamleg, andleg og félagsleg, og það er mikilvægt fyrir barn sem er til dæmis ekki sterkast í greininni tæknilega að það geti verið mikill stuðningur sem sterkur leiðtogi. Verkefnið nýtist líka vel þegar farið er þvert á félögin, þá fá börn sem eru að æfa fleiri en eina grein sömu skilaboð milli íþróttagreina."

**STERKARI EINSTAKLINGAR**

Í Sýnum karakter verkefninu er hvað mest verið að horfa til barna og ungmenna á aldrinum þrettán til átján ára. „Þetta er aldurinn þar sem við erum helst að finna fyrir brottfalli. Þá er gott að styrkja alla þessa þætti en verkefninu er beitt fyrir yngri krakka líka. Brottfall er þó ekki endilega það versta, aðalatriðið er að krakkar finni sér þá eitthvað annað skipulegt starf til að stunda sem er fyrirbyggjandi fyrir áhættuhegðun. Með verkefninu erum við vonandi að skila sterkari einstaklingum út í samfélagið. Ég held að Sýnum karakter sé vannýtt verkfæri, börn og ungmenni eru hjá okkur af því þau vilja það. Ef við sinnum ekki þeim öllum að verðleikum og vinnum með styrkleika þeirra þá er það hlutverk þjálfarans að vera opinn fyrir leiðum til að styrkja alla," lýsir Sabína.



**Í íþróttaiðkun barna og unglinga eru það litlu hlutirnir sem skipta máli og er unnið með þá jákvæðu nálgun að vinna með styrkleika hvers og eins og að hrósa í Sýnum karakter.**



**Markmið með verkefninu er að skila sterkari einstaklingum út í samfélagið.**

**VEFSÍÐA OPNUÐ**

Ráðstefnan verður haldin næsta laugardag klukkan tíu í Háskólanum í Reykjavík og er þátttökugjald tvö þúsund krónur. Hún er öllum opin og eru, foreldrar jafnt sem þjálfarar, iðkendur og aðrir sem áhuga hafa, hvattir til að mæta. Á ráðstefnunni mun íþróttafólk og þjálfarar halda erindi um ýmsar hliðar þjálfunar og ræða málið í pallborði og ráðstefnugestir geta tekið þátt í umræðunum. Vefsíðan Sýnum karakter verður opnuð sama dag en þar verða greinar og viðtöl við þjálfara og afreksíþróttafólk þar sem helsta umfjöllunarefni er efling andlegra og félagslegra þátta í gegnum þjálfun.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* | Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*

FYRIRTÆKJAGJAFIR

Sérblað um jólagjafir fyrirtækja til starfsmanna og viðskiptavina kemur út 30. september.

Í þessu blaði er hægt að kaupa auglýsingar sem og kynningar.

Áhugasamir hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson
Sími/Tel: +354 512 5429
jonivar@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ





Stórsýning ársins

# Glæsileg sjávarútvegssýning í Laugardalshöllinni

## 28. – 30. september 2016

**Fjöldi íslenskra og erlendra fyrirtækja sýna allt það nýjasta í tækjum og þjónustu við sjávarútveginn.**

**Sýningin er opin:**

**Miðvikudag:** 28. sept. 15.00-19.00

**Fimmtudag:** 29. sept. 10.00-18.00

**Föstudag:** 30. sept. 10.00-18.00

Allar nánari upplýsingar á **www.icelandfishexpo.is**

ICELAND FISHING EXPO 2016

Sjávarútvegur 2016






















# ÓHOLLT FYRIR TENNURNAR

Tennurnar þurfa að þola mishollan mat sem við setjum inn fyrir varirnar. Þá getur jafnvel eitthvað sem við tengjum ekki beinlínis við Karíus og Baktus haft vond áhrif á glerunginn ef við förum ekki varlega. Á foodnetwork.com er að finna samantekt á fæðutegundum sem tannlæknar myndu helst vilja að við slepptum.

**1.** Orkustykki uppfull af heilkorni, fræjum og hnetum geta verið trefjarík og að okkur finnst hollur kostur. Þau geta þó innihaldið talsvert af sykri og oft hanga þau saman á klístruðu sírópi sem situr á tönnum.

**2.** Vatn er besti svaladrykkurinn og enn betri með sítrónusneið eða hvað? Reyndar hefur sýran í ávextinum vond áhrif á glerung tanna. Betra er að drekka sítrónuvatn með máltíð svo sýran sitji ekki eftir á tönnunum.

**3.** Kaffidrykkja í hófi getur haft hressandi áhrif á okkur en um leið og við bætum mjólk, rjóma eða sykri út í sígur á ógæfuhliðina fyrir tennurnar. Með nokkrum bollum á dag fóðrum við bakteríurnar í munninum úr hófi og hætta á tannskemmdum eykst.

**4.** Klístruð og sykruð matvæli eins og seig karamella virka eins og höggbor baktería á tennurnar. Súkkulaði er strax betri kostur þar sem það bráðnar hratt og auðveldlega af tönnunum með munnvatni.

**5.** Vín hefur letjandi áhrif á munnvatnsframleiðslu sem gerir tennurnar berskjaldaðar fyrir árásum baktería. Drekka ætti vatn meðfram víndrykkju til að halda vökvabúskapnum í lagi.

**6.** Gosdrykkja fer illa með tennurnar. Við höfum öll heyrt af tönninni sem leystist upp í gosbaði yfir nótt. Sýran veikir yfirborð glerungsins.

**7.** Ísmola er ekki hollt að bryðja þar sem ískristallarnir rispa glerunginn. Ef við leyfum ísmolanum hins vegar að bráðna í munninum hreinsar vatnið tennurnar.

**8.** Poppkorn er laust við sykur og trefjaríkt snakk. Hart hýðið innan úr poppinu hefur hins vegar tilhneigingu til þess að stingast milli tanna og undir þær sem býður hættunni á sýkingu heim.

**9.** Þurrkaðir ávextir eru betri kostur á laugardagskvöldi en full skál af nammi. Ávaxtasykurinn hefur sömu áhrif á tennurnar og karamellur og gúmmí og því má ekki gleyma að bursta tennurnar vel eftir kósíkvöldið.

**10.** Brjóstsykur er hreint enginn vinur tannanna, ekki nóg með að sykurinn ráðist á glerunginn, ef molarnir eru harðir geta komið sprungur í yfirborð tannanna þegar þeir eru bruddir.

www.foodnetwork.com







# Vörubílar & vinnuvélar

27. september 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Klettur| Hekla | RAG | Askja | Brimborg | Verkfæri ehf. | Kraftur | Vinnuvélar | Kraftvélar




**Nýju línurnar í flutningabifreiðum frá Scania voru kynntar í Svíþjóð í lok ágúst. Um er að ræða R og S gerðirnar sem þykja stórglæsilegar og hafa vakið mikla athygli.**

# Nýjar línur flutningabifreiða frá Scania

Um þessar mundir er **Scania** að kynna tvær nýjar línur flutningabifreiða sem eru sérstaklega sniðnar að langflutningum. Báðar innihalda nýjar húsgerðir og betri stjórn á eldsneytiseyðslu auk þess sem nú er boðið upp á villulestur úr kerfi bifreiðarinnar yfir netið.

Klettur hefur um árabil verið leiðandi félag í sölu og þjónustu á breiðri línu vinnuvéla og vöruflutninga- og hópferðabíla auk annarra tækja og tóla. Félagið hefur undanfarin ár selt Scania flutningabifreiðar með góðum árangri en um þessar mundir er Scania einmitt að kynna nýjar línur flutningabifreiða sem eru sérstaklega sniðnar að langflutningum að sögn Bjarna Arnarsonar, sölustjóra fyrirtækisins.

„Nýju línurnar voru fyrst kynntar á stórri flutningasýningu í Svíþjóð nú í lok ágúst og Evrópufrumsýningin verður í þessari viku á IAA bílasýningunni í Hannover. Um er að ræða R og S gerðirnar en þær henta mjög vel til langflutninga og fyrir einyrkja og fyrirtæki þar sem ökumaður dvelur langtímum saman í ökutækinu. Báðar týpurnar eru með alveg nýjum húsgerðum. Til að mynda er S gerðin með sléttu gólfi sem kemur sér afar vel þegar dvalið er í bílnum til lengri tíma.“

### Glæsileg hönnun

Með báðum gerðunum næst fram enn frekari eldsneytissparnaður að sögn Bjarna, eða allt að 5%. „Mikið var lagt upp úr að ná framúrskarandi loftflæði en Scania er sennilega með fullkomnasta vindhermi sem völ er á fyrir stóra bíla. Einnig má geta þess að hönnunin á bílunum var unnin í samvinnu við hönnunardeild Porsche en bæði merkin eru undirmerki Volkswagen Group.“

Að sögn Bjarna er húsið helsta breytingin frá fyrri gerðum auk þess sem einnig eru breytingar á fjöðrunarbúnaði og stýrisgangi. „Mikil vinna var lögð í að gera vinnuumhverfi ökumanns óaðfinnanlegt út frá vinnuvistfræðilegum sjónarmiðum. Staðsetning ökumanns er bæði flutt framar og örlítið til hliðar ásamt því að gluggapóstar eru þynnri en var áður sem gerir sjónarhorn ökumannsins mun betra. Innréttingar eru auk þess úr vönduðu efni og er óhætt að segja að ekkert hafi verið til sparað.“

Vélar sem eru í boði eru 13 og 16 lítra og spanna frá 410-730 hestöfl. Samhliða þessari kynningu kemur einnig ný 500 hestafla 13 lítra útfærsla inn í vélaflóruna að sögn Bjarna. „Gírkassinn er auk þess með nýjustu gerð af sjálfvirkri Oticruse gírskiptingu með öxulbremsu sem flýtir fyrir öllum skiptingum. Scania Retarder drif-línuhemill er nú 4.100 Nm í hemlunargetu sem eykur öryggi og meðalhraða til muna.“

### Merkileg nýjung

Nú er einnig í boði ýmis þjónusta fyrir viðskiptavini að sögn Bjarna, t.d. flotastjórnunarkerfi og ökuritavistun. „Þá má nefna nýjung sem er villulestur úr kerfi bifreiðarinnar yfir netið. Þannig geta bifreiðarnar verið nánast hvar sem er á landinu og starfsmaður á verkstæði okkar í Reykjavík séð hvaða villur koma upp. Um leið er hægt að panta varahluti áður en bíllinn kemur í bæinn eða þurrka út villukóðann og endurræsa bílinn í sumum tilfellum.“

Klettur hefur ávallt lagt mikinn metnað í að þjónusta viðskiptavini sína sem best að sögn Bjarna enda oft mikið undir. „Við bjóðum t.d. upp á útkallsþjónustu á verkstæði, í varahlutum og í hjólbarðaþjónustu. Einnig eru viðurkenndir þjónustuaðilar Scania víða úti á landsbyggðinni.“



**Mikil vinna var lögð í að gera vinnuumhverfi ökumanns óaðfinnanlegt.**



**Klettur er til húsa að Klettagörðum 8-10 í Reykjavík. Allar nánari upplýsingar má finna á www.klettur.is**

# Fjölbreyttari starfsemi í dag

Þegar Félag vinnuvélaeigenda var stofnað um miðja síðustu öld var almenn hagsmunagæsla og útgáfa gjaldskrár þungamiðja starfseminnar. Með tímanum hefur það hlutverk breyst og í dag er starfsemi félagsins fjölbreyttari og víðtækari en áður.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Félag vinnuvélaeigenda var stofnað í desember árið 1953 á skrifstofu Almenna byggingafélagsins hf. í Reykjavík. Tilgangur félagsins í upphafi var að efla samstarf vinnuvélaeigenda og gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra. Stofnendur voru níu einstaklingar frá nokkrum fyrirtækjum, flestum af höfuðborgarsvæðinu og var Jón G. Halldórsson frá Almenna byggingafélaginu fyrsti formaður stjórnar félagsins og gegndi stöðunni í rúm 34 ár.

Haukur Júlíusson lét af formennsku stjórnar Félags vinnuvélaeigenda í vor. Hann segir að framkvæmdir á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli hafi vissulega átt stóran þátt í stofnun félagsins en þó hafi vinnuvélar verið notaðar hér á landi árin áður. „Það ágætt að halda því til haga að fyrstu ræktunarvélarnar komu hingað alls ótengdar öllum stríðsrekstri en það var á árunum 1942-43 þegar skurðgröfur og ýtur komu til landsins.“

## Þensla skapast

Með stofnun Sameinaðra verktaka, og vinnu þeirra fyrir bandaríska verktaka á Keflavíkurflugvelli, skapaðist þó þensla á vinnuvélamarkaði og þörfin á að halda reiðu á hlutunum jókst. „Árin fyrir stríð voru þó vinnuvélar í notkun hér á landi en stór hluti þeirra var í eigu ríkisins eða í félagslegri eigu. Ræktunarsambönd fara síðan að eignast vinnuvélar um miðjan fimmta áratug síðustu aldar, ýmis félög í byggingabransanum líka og einstaklingar sömuleiðis.“

Félagsmenn voru annars vegar einyrkjar sem áttu eigin vél og unnu á henni auk stærri fyrirtækja og verktaka. Árið 1960 voru félagsmenn um 20 talsins en fjölgaði hægt og rólega næstu árin og töldu um 160 manns fimmtán árum síðar.

Almenn hagsmunagæsla og útgáfa gjaldskrár var þungamiðja félagsins árum saman að sögn Hauks. „Tilgangurinn með útgáfu gjaldskrár var upphaflega að láta reikna út rekstrarkostnað fyrir vinnuvélar en ekki síður til



110 tonna krani sem fluttur var til landsins árið 1983 var sá stærsti sinnar tegundar. Hér er hann hífður upp á hafnarbakkann. MYND/SVEINN ÞORMÓÐSSON

að veita upplýsingar um verðbreytingar sem urðu á rekstrarkostnaði vélanna yfir tiltekið tímabili.“

## Gjaldskráin merkileg

Fyrstu áratugina var gjaldskráin gefin út 1-2 sinnum á ári en verðbólgan fór á fulla ferð undir lok sjöunda áratugarins og árið 1980 var verðskráin gefin út nokkrum sinnum á ári. „Þá reiknaði félagið út rekstrarkostnaðinn og birti í gjaldskránni ásamt tölum sem verðlagseftirlitið samþykkti. Þar gætti oft mikils misræmis milli þeirra talna, vinnuvélaeigendum í óhag og gat þar munað allt að 50 af hundraði þegar verst lét.“ Gjaldskráin var merkilegt gagn að sögn Hauks og var m.a. mikið notuð við útboðsgerð af hálfu verkkaupa og tilboðsgerð verktaka.

Lagaumhverfið breyttist seinna meir og varð þá óheimilt að gefa út gjaldskrá. Í kjölfarið má segja að almenn hagsmunagæsla ásamt fræðslumálum og umsögnum um lagafrumvörp hafi verið helstu verkefni félagsins síðan. „Svo hefur drjúgur tími farið í að aðstoða vinnuvélaeigendur við að koma sér upp viðeigandi gæðakerfi enda sú krafa gerð af hálfu verkkaupa. Einnig höfum við veitt aðstoð vegna útboða á tryggingum, staðið fyrir námskeiðum, haldið árlegt útboðsþing, haldið úti vefnum vinnuvel.is og svo má nefna að mikil vinna fór í endurútreikning erlendu lánanna á sínum tíma.“



Þessi Caterpillar grafa frá 1964 hefur lokið verkefnum sínum.



Hús við Bústaðaveg í Reykjavík rifið árið 1971. MYND/DAGBLAÐIÐ VÍSIR



Önnur af tveimur elstu dragskóflugröfum landsins frá 1942.




ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# Fjölbreyttar fjármögnunar- og leigulausnir Lykils



Lykill býður fyrirtækjum og einstaklingum í atvinnurekstri fjölbreyttar leiðir við fjármögnum og leigu á vélum og tækjum.

Kynntu þér málið nánar á **lykill.is** eða hafðu samband við ráðgjafa Lykils í síma 540 1700

## Kostir Lykils

Áralöng reynsla af fjármögnun atvinnutækja. | Gott samstarf við alla helstu sölu- og þjónustuaðila. | Fjármögnun og leigulausnir sem henta þínum þörfum. | Alla jafna er ekki gerð krafa um frekari tryggingu en tækið sjálft. | Góð þjónusta og hagstæð kjör.

30 1986 2016

Lykill er hluti af Lýsingu hf. | Ármúla 1 | 108 Reykjavík | S. 540 1700 | lykill.is | lykill@lykill.is

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Lykill fjármögnun

PIPAR\TBWA · SÍA

# Líður vel í þögninni

**Hrönn Arnfjörð** hefur starfað sem flutningabílstjóri í sextán ár. Hún var fyrsti kvenbílstjórinn sem tók til starfa hjá bæði Samskipum og Eimskip og þurfti að taka á öllu sínu til að sanna sig í karllægum heimi. Í dag gefur hún körlunum ekkert eftir.

**Vera Einarsdóttir**
vera@365.is



Hrönn segir hreina tilviljun hafa ráðið því að hún gerðist flutningabílstjóri. „Ég byrjaði að keyra hjá Ölgerðinni árið 2000. Þar vantaði meiraprófsbílstjóra og ég var send í próf. Síðan ílengdist ég bara í þessu. Á þeim tíma var ég aðeins með grunnskólamenntun og sá þetta sem tækifæri til að fá hærri laun. Í dag held ég að þau þyki því miður ekki eftirsóknarverð.“

Hrönn færði sig frá Ölgerðinni til Samskipa og þaðan til Eimskips. „Ég var fyrsta konan sem starfaði sem flutningabílstjóri hjá báðum þessum stóru skipafélögum. Í upphafi ætluðu menn reyndar ekki að vilja ráða konu en það varð úr og hafa þó nokkrar kynsystur mínar fylgt í kjölfarið.“

Aðspurð segist Hrönn hafa þurft að berjast fyrir tilveru sinni í fyrstu. „Mér fannst ég þurfa að standa mig rosalega vel til að vera samþykkt og fékk yfir mig ýmsar athugasemdir og skítakomment. Oft var ég alveg við það að gefast upp. Í dag bítur hins vegar ekkert á mig enda veit ég að ég er alveg jafn góður bílstjóri og karlarnir og gef þeim ekkert eftir.“

Í dag starfar Hrönn hjá fyrirtækinu Akstur & köfun á Patreksfirði og er aðallega í flutningi á ferskum fiski. „Ég er fædd og uppalin á Bíldudal og er svolítið að loka hringnum með því að gera út hér á sunnanverðum Vestfjörðum,“ segir Hrönn sem keyrir þó landshorna á milli.



**Hrönn hefur alltaf verið mikill Scania-aðdáandi en ekur nú Volvo 750. „Það er eiginlega toppurinn og ég er við það að læknast af Scania-dellunni.“**

Hrönn segir margt hafa breyst á þeim árum sem hún hefur starfað við akstur. „Flutningar hafa aukist mikið. Umferðin hefur almennt þyngst og að mínu mati stendur vegakerfið ekki undir henni. Vegirnir eru víða ónýtir og varla færir jeppum. Ef við tökum í jákvæðan streng þá hefur konum í faginu fjölgað þó hlutfallið sér reyndar ekki ýkja hátt en mér finnst það ánægjulegt.“

**„Mér fannst ég þurfa að standa mig rosalega vel til að vera samþykkt og fékk yfir mig ýmsar athugasemdir og skítakomment. Oft á tíðum var ég alveg við það að gefast upp. Í dag bítur hins vegar ekkert á mig enda veit ég að ég er alveg jafn góður bílstjóri og karlarnir og gef þeim ekkert eftir.**

*Hrönn Arnfjörð*

Sjálf segist Hrönn hafa reynt að hætta síðastliðin sex ár. „Það gengur ekkert enda mikil eftirspurn eftir reyndum bílstjórum.“

En hvernig er þetta starf? „Það felur í sér mikla einveru og þér þarf að líka ágætlega við sjálfa þig. Þú þarft að geta haft ofan af fyrir þér og í mínu tilfelli hefur það gengið vel. Ég hlusta mikið á skáldsögur, reyfara og tónlist en svo líður mér líka voða vel í þögninni og keyri ég oft heilu og hálfu leiðirnar án þess að hlusta á nokkuð.“




**Hrönn segir nauðsynlegt að atvinnubílstjórum líki nokkuð vel við sjálfa sig enda fylgir starfinu mikil einvera.**

Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans

**Landsbankinn býður fyrirtækjum** hagkvæma fjármögnun á bifreiðum, atvinnutækjum, vélum og ýmsum rekstrartækjum.



**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# Fjórhjóladrifnir og fjölhæfir

Fjölbreytt úrval **Volkswagen atvinnubíla** gerir það að verkum að hægt er að koma til móts við ólíkar þarfir viðskiptavina á ört stækkandi markaði. Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílarnir hér á landi undanfarin ár.

Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár og uppfylla ströngustu kröfur um gæði, þægindi og endingu. Fjölbreytt vöruúrval gerir það að verkum að hægt er að koma til móts við ólíkar þarfir viðskiptavina á ört stækkandi markaði að sögn Ívars Þórs Sigþórssonar, sölustjóra Volkswagen atvinnubíla, sem telur þennan fjölbreytileika vera einn helsta styrkleika vörumerkisins.

„Volkswagen Caddy hefur verið vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár. Hann sameinar hina vel þekktu eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika, öryggis og framúrskarandi hönnunar.“

Fjórða kynslóð Caddy er mikið uppfærð og býður upp á aukinn staðalbúnað, meira öryggi og öflugri vélar sem eru sparneytnar. „Volkswagen Caddy er hægt að fá fjórhjóladrifinn sem hentar mjög vel við íslenskar aðstæður. Hann fæst líka í tveimur lengdum, hefðbundinni og lengri gerð auk þess sem velja má á milli hagkvæmra dísil-, bensín- og metanvéla.“



Volkswagen Caddy er vinsælasti atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár.



Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár og uppfylla ströngustu kröfur um gæði, þægindi og endingu að sögn Ívars Þórs Sigþórssonar, sölustjóra Volkswagen atvinnubíla. MYNDIR/ANTON BRINK



Volkswagen Amarok D/C er einstaklega rúmgóður pallbíll.



Fjórhjólakerfið hjá Volkswagen kallast 4Motion.

### Nýja T6 línan

Í byrjun árs frumsýndi Hekla nýja línu Volkswagen T6 atvinnubíla sem samanstendur af Transporter, Caravelle og Multivan sem byggja allir á arfleifð hins þekkta Volkswagen „rúgbrauðs“. Allir atvinnubílar T6 línunnar bjóðast með fjórhjóladrifi sem getur gert gæfumuninn á snjóþungum vetrum.

„Verðlaunasendibíllinn VW Transporter er fáanlegur með rennihurð á báðum hliðum og vængjahurð að aftan með glugga. Hann er handhafi hinna eftirsóttu verðlauna Sendibíll ársins 2016 eða „Van of the Year“. Transporter er áreiðanlegur vinnuþjarkur og kemur með fullkominni stöðugleikastýringu og spólvörn,“ segir Ívar.

VW Caravelle hefur í áraraðir fylgt fólki sem hefur þurft á traustum og áreiðanlegum fólksflutningabíl að halda. „Hann er níu manna og býður upp á mikið rými fyrir farþega og farangur enda hannaður með þægindi og fólksflutninga í huga. Caravelle fæst bæði beinskiptur og sjálfskiptur.“

### Miklir notkunarmöguleikar

VW Multivan er einstaklega rúmgóður fjölskyldubíll sem nýtist hvort sem er í borgarumferð eða á vegum úti. „Í honum eru sæti fyrir sjö manns og hægt er að leggja niður öftustu sætaröð og nýta hana sem svefnrými. Hugað er að hverju smáatriði í þessum glæsilega fjölnotabíl og því er notagildi hans einstakt. Hann fæst nú fjórhjóladrifinn og er því fullkominn ferðafélagi í íslenskum aðstæðum.“

Einnig er nauðsynlegt að minnast á hinn glæsilega pallbíl VW Amarok. „Hann er sniðinn utan um ökumann og farþega og er einkar þægilegur bæði í lengri og styttri ferðum. Amarok býður upp á mikla notkunarmöguleika fyrir fólk með fjölbreyttan lífsstíl en hann er til í fjölbreyttum útfærslum og ættu flestir að geta fundið bíl við sitt hæfi. Við erum með mjög breiða vörulínu fyrir ólíkar þarfir viðskiptavina okkar. Sérstaða okkar felst meðal annars í því að megnið af bílum okkar er hægt að fá með fjórhjóladrifi en eftirspurnin eftir þeim er mikil,“ segir Ívar Þór að lokum.

**Nánari upplýsingar má finna á www.volkswagen.is**




Til afhendingar strax!

## Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum díselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

**Staðalbúnaður**

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16“ stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftpúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölva
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

**Mögulegur valbúnaður**

- Dráttarbeisli 180.000. kr m/vsk

**Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition**

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símkerfi
- Hiti í bílstjórasæti
- Fjaðrandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

**Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá**
**4.596.774 kr. án vsk**

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík

Atvinnubílar



Önnu þótti gaman að sjá fallega skreytta trukka.



Sýningarsvæði Elmia Lastbil var gríðarstórt, 75 þúsund fermetrar bæði inni og úti.



Sýningin er stór partur í kynningu Scania á nýjum útfærslum.



Vörubílarnir á sýningunni voru æði fjölbreyttir.

# Frábær upplifun á Elmia Lastbil

**Anna Aurora Waage** var ein af 40 þúsund gestum sem sóttu vöruflutningabílasýninguna Elmia Lastbil í Jönköping í Svíþjóð í lok ágúst. Sýningin er gríðarstór bransasýning og Anna varð ekki fyrir vonbrigðum enda komst hún varla yfir að skoða allt sem í boði var.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



„Ég var mjög spennt að fara á sýninguna enda hafði ég heyrt margt gott um hana," segir Anna en sýningin Elmia Lastbil hefur verið haldin annað hvert ár frá 1983. Sýningarsvæðið er gríðarstórt og nær yfir 75 þúsund fermetra á inni- og útisvæði.

Anna er eigandi Farmverndar og aksturs sem er lítið verktakafyrirtæki sem ekur fyrir Samskip. „Ég keyri Scania sem er skemmtilegt því Scania leggur mikið upp úr sínum sýningum á Elmia Lastbil, sérstaklega þegar þeir kynna nýja kynslóð bíla líkt og núna."

Hún segir hápunkta sýningarinnar hafa verið sýningar Volvo og Scania sem voru að frumsýna nýja bíla. „Það var heilmikið sjó í kringum báða viðburðina."

Anna fór á eigin vegum á sýninguna en auk hennar var hópur Íslendinga sem fór á sýninguna á vegum Brimborgar auk fjölmargra sem fóru á eigin vegum. Gestir sýningarinnar í heild voru um fjörutíu þúsund frá fjölmörgum löndum.

„Það var alveg ótrúlega vel að þessari sýningu staðið og gaman að kynna sér allt það nýjasta sem er í boði," segir Anna. Sýningin stóð frá miðvikudegi til sunnudags en Anna dvaldi á sýningunni tvo heila daga. „Ég var þarna frá morgni til kvölds og það var af nógu að taka. Það skemmtilega var líka að þarna gátu allir fundið eitthvað við sitt hæfi, ekki bara fullorðnir heldur börn líka."



Anna Aurora dvaldi tvo heila daga á sýningunni og alltaf var eitthvað nýtt að sjá.



Anna Aurora, eigandi Farmverndar og aksturs.

## Mikilvæg tengslamyndun

Þótt sýning á þessum mælikvarða sé bráðsniðug til að sjá allt það nýjasta sem er í boði, er hún ekki síður tækifæri fyrir fólk að mynda ný tengsl við fólk innan bransans. „Ég myndaði töluverð tengsl, bæði við aðra gesti, sýnendur og sölumenn, og maður fór drekkhlaðinn af nafnspjöldum og bæklingum."

## Magnaðir bílar

En kom eitthvað á óvart? „Já, það var magnað að skoða suma bílana sem einstaklingar voru að sýna. Það er ótrúlegt hvað sumir nostra við bílana og skreyta þá með myndum og lógóum. Þá eru margir sem breyta bílum sinum og innrétta á frumlegan hátt," segir Anna og finnst skemmtilegt að svona trukkakúltur sé að finna á Norðurlöndunum.

## Queen of the Road

Í einum af þeim fjölmörgum básum sem Anna skoðaði rakst hún á hóp skemmtilegra kvenna sem kölluðu sig Queen of the Road. „Þetta eru samtök kventrukkara á Norðurlöndum sem hægt er að finna á Facebook," lýsir Anna sem heillaðist af félagsskapnum. „Ég keypti mér bol með lógóinu þeirra," segir hún glaðlega og segir ekki útilokað að hún gerist meðlimur.




VARAHLUTIR FYRIR:
Benz • Iveco • Renault
Man • Scania • Volvo
Vagna • Langferðabíla

TOPA
Smurstöðvar
Feitisstaukar

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

# Áratuga reynsla við íslenskar aðstæður

Kubota



Sláttutraktorarnir frá KUBOTA eru byggðir fyrir mikla notkun og áralanga endingu. Fáanlegir í ýmsum útfærslum, fyrir bæjarfélög, verktaka og stofnanir.



KUBOTA smátraktorar eru með áratuga reynslu við íslenskar aðstæður. Fáanlegir stærðum frá 11 - 50 hö. Mikið úrval tengibúnaðar og tengitækja fáanlegt.



KUBOTA er stærsti framleiðandi á smágröfum í heiminum, stærðir 850 kg - 8.000 kg. KUBOTA smágröfurnar eru afkastamiklar gæðavélar með lága bilanatíðni og mikil afköst.

# Fjórhjólastýrðar hjólaskóflur og skotbómulyftarar

KRAMER



Fjórhjólastýrðir skotbómulyftarar með lyftigetu frá 800 kg upp í 4.990 kg og lyftihæð frá 3,9 m upp í 8,75 m.



Fjórhjólastýrðar hjólaskóflur. Lágbyggðar og stöðugar vélar. Fáanlegar með lyftigetu allt að 4,3 tonnum. Möguleiki á allt að 40 km aksturshraða . Tilvaldar í snjómokstur og alla alhliða vinnu.

# Réttu tækin í alla almenna jarðvegs- og steypuvinnu

WACKER NEUSON



Smágröfur og beltagröfur frá 800 kg upp í 15 tonn. Hjólagröfur upp í 10 tonn.



Beltavagnar upp í 3 tonn og hjólavagnar (dumperar) upp í 10 tonn.





Þjöppur, vibratorar, brotvélar, steinsagir, glattarar. Allt sem viðkemur steypuvinnu og þjöppun.

# Öflug atvinnutæki

HIDROMEK®



Traktorsgröfur



Beltagröfur 14 - 53 tonn - Hjólagröfur 14 - tonn

ÞÓR HF

REYKJAVÍK: Krókháls 16 Sími 568-1500

AKUREYRI: Lónsbakka Sími 568-1555

Vefsíða: www.thor.is

# Færanleg ferðasalerni – allar lausnir í boði

Fyrirtækið RAG ehf., Helluhrauni 4, Hafnarfirði, hefur verið leiðandi í inn- og útflutningi á notuðum bifreiðum., vörubílum, rútum og öðrum vinnuvélum á undanförnum árum. Nú getur fyrirtækið boðið upp á alls kyns flottar lausnir í salernisvandamálum.

Rafn Guðjónsson, framkvæmdastjóri og eigandi RAG, segir að fyrirtækið geti boðið allar lausnir á klósettvandamálum. Hægt er að fá bæði draganleg salerni og fyrir krókheysi. „Útfærslurnar eru í mörgum gerðum, til dæmis 100% sjálfbær klósett, önnur með safntanki eða til að tengja beint við rotþró. Einnig erum við með frábærar lausnir fyrir fatlaða,“ segir Rafn og bendir á að hægt sé að skoða þessar útfærslur á heimasíðunni www.cnse-france.com.

> **Hér er komin góð lausn á klósettvandamálum víða um land.**
>
> *Rafn Guðjónsson*

Mikið hefur verið fjallað um salernisleysi víða um landið. Vagnarnir sem RAG flytur inn geta leyst þessa vandamál. Salernin er einfalt að færa á milli staða og þau fást í mismunandi stórum húsum. Rafn hefur yfir 30 ára reynslu af sölu bifreiða og vinnuvéla og hefur gott tengslanet víða um heim. „Við leggjum mikið upp úr góðri og persónulegri þjónustu við viðskiptavini. Heiðarleiki og traust er í öndvegi hjá okkur,“ segir hann.

**Nánari upplýsingar um ferðasalernin má sjá á heimasíðu RAG ehf, www.rag.is eða í síma 565 2727.**


Hentug ferðasalerni geta leyst ýmis vandamál. MYND/ERNIR


Salernisvagnarnir eru í mismunandi stærðum og útfærslum. MYND/ERNIR


Þessi vagn er með tveimur salernum. MYND/ERNIR


Tveir vaskar eru í þessari útfærslu. MYND/ERNIR


## Nú þarf að fara að panta fyrir árið 2017




**Fliegl Push-Off vagnar og pallar**

**Mercedes Benz 519 21 manna rútur 4x4 og 4x2**


RAG import - export
Rafn A. Guðjónsson
Helluhraun 4, Hafnarfirði
s. 565 2727 • gsm 892 7502 • www.rag.is






## Nýr Hilux – lúxus í leik og starfi

Endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjaxl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri.

**Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is**

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM

Kynntu þér **Toyota FLEX**
- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág** innborgun | **Tryggt** framtíðarvirði | **Fastar** mánaðargreiðslur

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

# Uppfyllir allar mínar kröfur

**Ríkharður Traustason** sendibílstjóri fékk afhentan nýjan Atego sendibíl frá bílaumboðinu Öskju í janúar síðastliðnum. Hann er hæstánægður með bílinn og hreint ekki orðinn þreyttur á akstrinum sem staðið hefur sleitulaust í þrjátíu ár.




Ríkharður Traustason sendibílstjóri fékk afhentan nýjan Atego 1024 sendibíl í janúar síðastliðnum. MYND/EYÞÓR

„Ég var að endurnýja en ég var á minni bíl áður. Ég fékk Atego 1024, sendibíl með kassa og lyftu, afhentan í janúar og er mjög ánægður með hann,“ segir Ríkharður Traustason sendibílstjóri. Hann hefur ekið sendibíl í þrjátíu ár og yfirleitt keypt Mercedes-Benz þegar komið hefur að því að endurnýja vinnubílinn.

„Ég hef aðallega haldið mig við Mercedes-Benz og hef kunnað vel við þjónustuna hjá umboðinu. Ég þarf náttúrlega að nota bílinn á hverjum degi og þeir hafa sinnt honum hvað varðar viðgerðir og viðhald, þegar þess hefur verið þörf, bæði fljótt og vel,“ segir Ríkharður.

Hann segir bílinn hafa reynst afar vel þessa mánuði sem hann hefur þeyst á honum milli staða.

„Ég er ánægður með bílinn, hann hefur reynst mjög vel og er í alla staði vel heppnaður. Hann uppfyllir allar mínar kröfur í það minnsta. Skiptingin er góð og hann er afar rúmgóður, þá tekur hann rúmlega 30 rúmmetra í flutning. Ég er á ferðinni allan daginn en það er ekkert þreytandi í þessum bíl.“



**„Skiptingin er góð og hann er afar rúmgóður, þá tekur hann rúmlega 30 rúmmetra í flutning. Ég er á ferðinni allan daginn en það er ekkert þreytandi í þessum bíl.“**

### Hvað ertu helst að flytja?

„Ég flyt hvað sem er, ætli aðalflutningarnir hjá mér séu ekki á brauði,“ segir Ríkharður sposkur. „Ég er með verktaka í fleiri verkefnum sem eru þá á eigin bílum. Ég er einn á þessum bíl,“ segir hann og lætur vel af sendibílstjórastarfinu. Það sé síður en svo leiðigjarnt að aka bíl daginn út og inn í tugi ára. „Þetta er alls ekki verra en hvað annað. En jú, það er ekki verra að hafa gaman af því að keyra og svo er gott að endurnýja bílinn öðru hvoru. Það lífgar upp á tilveruna.“



Bíllinn er rúmgóður og þægilegur í akstri.



„Bíllinn uppfyllir allar mínar kröfur,“ segir Ríkharður.

# Atego – fyrir atvinnulífið

Atego sendibílar þjóna öllum geirum atvinnulífsins að sögn **Eiríks Þórs Eiríkssonar**, sölumanns vörubifreiða hjá **bílaumboðinu Öskju**, umboði fyrir Mercedes-Benz á Íslandi, enda vinsælasti sendibíllinn af 8-15 tonna stærð.

„Askja hefur náð góðum árangri í sölu á Atego sendibílum á undanförnum árum og í tilefni þess hefur framleiðandinn, Mercedes-Benz, tekið höndum saman við Öskju. Fram að áramótum verður Atego bíllinn á betri kjörum en áður,“ segir Eiríkur Þór Eiríksson, sölumaður vörubifreiða hjá bílaumboðinu Öskju.

Hrunið setti ákveðið strik í reikninginn hvað varðar endurnýjun á atvinnubílum. Því hefur byggst upp mikil þörf á endurnýjun í þessum geira að sögn Eiríks. Það sé orðið áríðandi að yngja upp flotann, nýrri bílar séu sparneytnari og mengi minna. Því sé til mikils að vinna.

„Auk þess verða bílarnir stöðugt fullkomnari og endalaust verið að reyna að gera betur hvað varðar vinnuumhverfi ökumannsins,“ segir Eiríkur og hvetur áhugasama til að panta reynsluakstur.

„Askja er með Atego sýningarbíl sem hægt er að fá að reynsluaka. Einnig er boðið upp á að fá okkur í heimsókn í fyrirtæki til að kynna nýjan Atego og bjóða upp á reynsluakstur.“




**Eiríkur Þór stendur hér við Mercedes-Benz Atego 1024 reynsluakstursbíl. Vörukassinn er frá Vögnum & þjónustu ehf.** MYND/ASKJA

**Hægt er að panta reynsluakstur í síma 590-2120.**

Brandenburg | SÍA




# Hentar Atego þínum rekstri?

**Lækkaðu rekstrarkostnaðinn með Mercedes-Benz Atego vöru- og sendibílum.** Þeir eru sparneytnir, liprir í akstri og hafa afar lága bilanatíðni. Settu saman bíl sem hentar þínum rekstri og gerðu þjónustusamning við Öskju þar sem viðhald og reglubundin þjónusta eru innifalin í 5 ár. Dæmi um Mercedes-Benz Atego vöru- og sendibíla:

| Sendibíll | Vörubíll |
|---|---|
| 1023 sendibíll á grind<br>verð frá kr. 8.490.000,- | 1527 vörubíll með palli<br>verð frá kr. 11.490.000,- |
| Innifalið í verði: Bíll á grind, tilbúinn til ábyggingar, ökumannshús með bakpoka, heilmálað hús, sjálfskipting, LED ljósapakki, Bluetooth útvarp, loftpúðafjöðrun o.fl. | Innifalið í verði: Meiller pallur, hliðarsturtun, ökumannshús með bakpoka, heilmálað hús, sjálfskipting, LED ljósapakki, Bluetooth útvarp o.fl. |

Komdu og kynntu þér úrvalið eða pantaðu reynsluakstur í síma 590 2120.

Mercedes-Benz
Trucks you can trust

ASKJA ATVINNUBÍLAR · Fosshálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 590 2120 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur okkur á Facebook
„Mercedes-Benz Ísland atvinnubílar“


Afturhlerann má taka af og nota sem ramp.



Trukkurinn er hannaður til að þola erfiða vegi.

# Trukkur sem pakka má saman

**OX er heimsins fyrsti trukkur sem hægt er að pakka í flatar pakkningar. Trukkurinn er hannaður til að flytja hjálpargögn í þróunarlöndum.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



OX trukkurinn er hannaður af bifreiðaverkfræðingnum Gordon Murray fyrir Global Vehicle Trust (GVT). Ætlunin er að nota trukkinn á afskekktum svæðum Afríku og í öðrum þróunarlöndum til að flytja bæði neyðargögn og annað nauðsynlegt. Þar sem nota á trukkinn víða um lönd var lykilforsenda við hönnun hans að auðvelt væri að flytja hann á milli landa.

Lausn Murrays var að útbúa bílinn þannig að hægt væri að pakka honum í flatar einingar. Bílinn má því brjóta saman á nokkuð auðveldan máta en GVT segir það vera algera nýjung í heiminum.

Samkvæmt GVT tekur það þrjár manneskjur undir sex tímum að pakka bílnum saman fyrir flutning. Þegar trukkarnir koma á áfangastað eru þarlend sérhæfð fyrirtæki fengin til að setja þá saman á ný og sjá um viðhald þeirra. Þrír þjálfaðir starfsmenn geta sett OX saman á um það bil tólf tímum.



Hönnuðurinn Gordon Murray við einn af OX bílunum.

> Trukkurinn er þó ekki aðeins auðveldur í flutningi, hann á einnig að geta tekist á við erfiða vegi og geta flutt þungan farm á borð við drykkjarvatn og byggingarefni. Þó heildarlengd bílsins sé minni en jeppa af lengri gerð getur hann samt borið farm upp að 1.900 kg. Þá geta setið í honum allt að 13 farþegar.


Bílnum má pakka saman í flata einingu sem auðvelt er að flytja milli landa.

Trukkurinn er þó ekki aðeins auðveldur í flutningi, hann á einnig að geta tekist á við erfiða vegi og geta flutt þungan farm á borð við drykkjarvatn og byggingarefni. Þó heildarlengd bílsins sé minni en jeppa af lengri gerð getur hann samt borið farm upp að 1.900 kg. Þá geta setið í honum allt að 13 farþegar. Bílstjórinn situr fyrir miðju bílsins og farþegasæti eru sitt til hvorrar handar hans. Þannig er hægt að nota bílinn hvort sem er í vinstri- eða hægrihandarumferð.

Afturhlera bílsins er hægt að taka af og nota sem skábraut til að koma farmi um borð í trukkinn. Bekki inni í bílnum má losa og setja undir dekkin þegar undirlagið er mjúkt og erfitt yfirferðar. GVT leitar nú eftir fjárhagslegum stuðningi til að ljúka prófunum á bílnum og koma honum í framleiðslu.






Við flutningana í Hádegismóa mun skapast umtalsvert hagræði og verður hægt að veita enn betri þjónustu. MYNDIR/GVA

# Spennandi tímar fram undan

**Brimborg** hefur verið með umboðið fyrir Volvo á Íslandi síðan 1988. Volvo atvinnutækjadeildin er fjórskipt og höndlar með allt frá vörubílum til bátavéla. Deildin mun flytjast á næstu misserum af Bíldshöfða í nýtt og stærra húsnæði að Hádegismóum.

Atvinnutækjadeild Volvo tilheyra fjögur fyrirtæki; Volvo Trucks, Volvo CE, Volvo Bus, Volvo Penta og Renault Trucks. Volvo Trucks höndlar eins og nafnið gefur til kynna með vörubíla, Volvo CE með vinnuvélar, Volvo Bus með rútur, Volvo Penta með bátavélar og síðast en ekki síst eru það atvinnubílar frá Renault Trucks. Atvinnutækjadeildin flytur í nýtt húsnæði í lok næsta árs og binda menn miklar vonir við það. „Nýverið fengum við úthlutaða lóð að Hádegismóum, við hliðina á Morgunblaðshúsinu. Við gengum til samninga við Loftorku og eru jarðvegsframkvæmdir þegar hafnar og í framhaldi hefjast byggingaframkvæmdir og við sjáum fram á að þeim ljúki í lok árs og við getum þá flutt inn í lok þess næsta,“ segir Kristinn Már Emilsson, framkvæmdastjóri atvinnutækjasviðs Brimborgar.

Við flutningana stækkar aðstaðan umtalsvert. „Verkstæðisrýmið verður stærra auk þess sem öll aðkoma og aðstaða á útisvæðinu verður rýmri,“ segir Kristinn.

Flutningarnir munu líka skapa umtalsvert hagræði. „Í dag er söludeildin okkar og varahlutadeildin á einum stað og verkstæðismóttakan á öðrum. Í Hádegismóum verður allt á einum stað. Þá ætlum við að bæta við hraðþjónustu og dekkjaverkstæði svo eitthvað sé nefnt og við það þurfum við eðli málsins samkvæmt að bæta við okkur mannskap. Við flutningana verða sömuleiðis skarpari skil á milli atvinnutækja- og fólksbílahluta Brimborgar.“

En hvernig er starfsemi atvinnutækjadeildarinnar almennt háttað? „Við erum að þjónusta þau atvinnutæki sem við seljum og viljum fyrst og fremst líta á okkur sem þjónustufyrirtæki. Starfsemin skiptist í söludeild nýrra og notaðra atvinnutækja, sölu á varahlutum tengdum atvinnutækjum og tvískipt verkstæði. Annars vegar Volvo vörubílar og rútur og hins vegar Volvo vinnuvélar og bátavélar, en á síðarnefnda sviðinu er meira unnið úti á vettvangi. Í því skyni erum við með mjög vel útbúna verkstæðisbíla sem geta farið á staðinn og þjónustað viðkomandi tæki en þannig má oft komast hjá því að flytja þau á verkstæði,“ útskýrir Kristinn.

Volvo er að sögn Kristins traust merki en fyrirtækið leggur gríðarlega áherslu á umhverfismál, öryggi og gæði. Kristinn segist vissulega finna fyrir uppsveiflunni í tengslum við aukinn ferðamannastraum til landsins en sala á rútum er þó svipuð og í fyrra. „Við erum búnir að selja fjórar rútur það sem af er ári og eru menn ánægðir með þær. Þá höfum við átt einhverja bíla á lager og höfum nú hjá okkur Volvo 9900 á lager. Þetta er einstaklega glæsilegur 49 sæta bíll í sérstakri VIP útgáfu. Þeir sem eru að svipast um eftir rútu ættu ekki að láta hann fram hjá sér fara.“

Kristinn segir kúltúrinn hjá Volvo mjög góðan og fer framleiðslan eftir ströngustu gæðastöðlum. „Frændur okkar hjá Volvo í Svíþjóð hafa líka stutt vel við bakið á okkur sem gerir okkur kleift að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu,“ segir Kristinn en starfsmenn deildarinnar eru einmitt nýkomnir úr vettvangsferð í verksmiðju Volvo Trucks í Gautaborg. „Við förum í Volvo safnið, þjálfunarsetrið og verksmiðjuna en það kemur mönnum alltaf jafn mikið á óvart hvað allt er skipulagt og hreint. „Menn sjá eflaust fyrir sér að vörubílaverksmiðja sé full af skít og drullu en þarna sést ekki ryk á gólfi. Allt fer eftir ströngustu ferlum og hver íhlutur í bílana kemur á fyrirfram ákveðnum tíma. Bílarnir líða svo fumlaust eftir færibandinu og fyrr en varir eru þeir tilbúnir til afhendingar.“

Um næstu helgi fer Iceland Fishing Expo fram í Laugardalshöll, þar verður Brimborg með glæsilegan Volvo Penta sýningarbás þar sem hægt verður að kynna sér bátavélaframleiðsluna í þaula. „Í tilefni sýningarinnar erum við með tilboð á Volvo Penta vélbúnaði og varahlutum í september,“ segir Kristinn og vonar að sem flestir nýti sér tilboðið og líti inn á sýninguna. Nánari upplýsingar er að finna á volvotrucks.is, volvoce.is, volvobus.is og volvopenta.is í síma 515-7070.




„Við lítum fyrst og fremst á okkur sem þjónustufyrirtæki,“ segir Kristinn.



Volvo 9900 49 sæta VIP hópferðabifreið.

brimborg
Öruggur staður til að vera á
VOLVO PENTA
VOLVO
Nánari upplýsingar er að finna á volvotrucks.is, volvoce.is, volvobus.is, volvopenta.is og í síma 515-7070.




PRONAR









Fjölplógar, salt- og sanddreifarar



Snjóblásarar







Vagnar og krókheysisvagnar

SAMI








Vélburstar, flagheflar, fjölplógar
Sanddreifarar, skóflur og brettagafflar

HOLDER













Alhliða liðstýrðir fjölnota vinnuþjarkar til notkunar allt árið








Fjölnota rafbeltavélar. Tilnotkunar allt árið, sláttur og mokstur, hægt að fjarstýra.

Öflug snjóhreinsitæki frá Schmidt fyriri erfiðustu aðstæðurnar

Meyer 90 YEARS

Nýtt hjá Aflvélum,
Meyer tennur og salt- og sand-
dreifarar á pallbíla og fjórhjól



Flugbrautarsópar









Weber BÜRSTENSYSTEME

cleanfix



Gólfþvottavéla róbót. Gólfþvottavélar og ryksugur.



Burstar í alla vélsópa




Slitblöð á snjótennur, karbít og keramik

Aflvélar ehf Vesturhrauni 3 210 Garðabæ Sími 480-0000 sala@aflvelar.is www.aflvelar.is

# Vel útbúnir bílar hjá Ársæli

**Björgunarsveitin Ársæll** er öflug sveit frækinna manna og kvenna. Fyrir utan stóra og verklega bíla hefur sveitin slöngubáta og harðbotna björgunarbát til umráða auk björgunarskips. Allur búnaður er sérhæfður til leitar- og skyndihjálpar.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Móses Halldórsson er sviðsstjóri hjá Ársæli og ber ábyrgð á rekstri bílaflotans. „Við erum með einn Man 26 tomma vörubíl, átta manna VW Transporter fólksflutningabíl, 14 manna Ford Econoline og tvo Nissan Patrol, breytta jeppa. Allir þessir bílar eru komnir til ára sinna. Einnig erum við með snjóbíl,“ útskýrir Móses og bendir á að bílarnir þurfi töluvert viðhald. „Snjóbíllinn og Transporterinn eru báðir búnir að vera í viðgerð undanfarið.“

Móses segir að hver bíll hafi tvo umsjónarmenn. „Það er sjálfboðaliðastarf og menn eru misvirkir. Ég stýri verkefnastjórn á þessu sviði. Ætli ég sé ekki með þúsund tíma á ári í sjálfboðavinnu í þessu verkefni,“ segir hann. „Patrol jepparnir eru árgerðir 2007 og 2008 en til stendur að endurnýja tvo bíla í vetur.“

Þegar Móses er spurður hvort útgerðin á bílunum sé dýr, svarar hann því játandi. „Hins vegar munar miklu að hafa menn í sjálfboðavinnu sem sjá um töluvert viðhald og gera fyrirbyggjandi aðgerðir. Við endurnýjuðum vörubílinn fyrir tveimur árum en hann er notaður til að flytja snjóbílinn í útköll. Sömuleiðis gagnast hann vel í flugeldasölu um áramót. Við notuðum hann í sumar til að flytja gáma inn á hálendið og við erum á leið til Akureyrar að sækja timbur fyrir rústasveitina okkar. Allir okkar bílar eru mikið notaðir,“ segir hann.

> **Ætli ég sé ekki með þúsund tíma á ári í sjálfboðavinnu í þessu verkefni.**
>
> *Móses Halldórsson*

Móses segir að ekki standi til að stækka bílaflotann vegna plássleysis í bækistöðinni í Gaujabúð á Seltjarnarnesi. „Það hefur verið í umræðunni að kaupa fjórhjól eða sleða en við höfum ekki nægjanlega stórt húsnæði fyrir slík tæki. Jepparnir okkar þurfa að vera mjög vel útbúnir og breyttir fyrir jöklaferðir, einnig þurfa þeir að hafa öflugan tölvu- og fjarskiptabúnað. Þeir þurfa að hafa forgangsakstursljós og gul ljós svo eitthvað sé nefnt. Þetta er mikil útgerð,“ segir Móses. „Bílunum er breytt eftir að þeir koma til landsins,“ segir hann enn fremur. Landsmenn njóta síðan góðs af þessu góða sjálfboðaliðastarfi og fagna því að sveitin sé vel búin tækjum og tólum.




**Móses Halldórsson, sviðsstjóri hjá Björgunarsveitinni Ársæli, stendur hér við breyttan Nissan Patrol.** MYND/GVA


# FLEYGAR, KRABBAR, KLIPPUR, OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA

TOPA





Höfum til sölu glussafleyga
og fleiri vönduð verkfæri,
sem hafa áunnið sér gott orðspor
á Íslandi á undanförnum árum.

VÉLANAUST ehf.
Álhella 4-8 • 221 Hafnarfjörður
Sími 555 6670 • GSM 860 1859
olis@velanaust.is • velanaust.is

# ÖKUM VARLEGA Í VETUR

B.STURLUSON
STYKKISHÓLMUR - REYKJAVÍK

Bílabúð Benna
Vagnhöfða 23 - S: 590-2000

FRAMTAK
BLOSSI ehf

ergo

N1

RAG
import - export

Tímon.is

VÉLANAUST ehf.

VélRás

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala




**Verkfæri ehf.** við Akralind 3 sérhæfa sig í nýjum og notuðum atvinnutækjum, vinnuvélum, rafmagnsbílum, landbúnaðartækjum, landmælingabúnaði og varahlutum.



Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri, Gunnar Ólafsson, sölustjóri vinnuvéla, og Sturla Egilsson, sölustjóri byggingadeildar hjá Verkfærum ehf.

# Stækkað á hverju ári frá stofnun

„Verkfæri ehf. hafa stækkað á hverju ári frá stofnun þess árið 2009 og nú starfa hér átta manns," segir Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri Verkfæra. „Svo erum við með mörg samstarfsfyrirtæki í þjónustu við okkur á borð við Vélavit ehf. og Trukk ehf. á Akureyri"

Ólafur segir markmið fyrirtækisins vera að bjóða upp á góða vöru fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina. „Við bjóðum upp á gæðavöru fyrir jarðvinnu- og byggingafyrirtæki, bæjarfélög, sjávarútvegsfyrirtæki, flutninga- og framleiðslufyrirtæki og landbúnað," telur hann upp.

## Úrval af gömlum og nýjum vélum

Verkfæri ehf. hófu starfsemi sína á útflutningi og innflutningi á notuðum tækjum en bjóða nú einnig upp á mikið úrval af nýjum tækjum frá framleiðendum sem eru þekktir fyrir gæðavörur.

„Við höfum marga stóra birgja á okkar snærum. Þar má nefna TEREX og TEREX CRANES en þeir koma víða við með framleiðslu sinni á byggingakrönum, gröfum og fleiru. Einnig erum við með umboðið fyrir TOPCON sem er leiðandi í framleiðslu á GPS búnaði fyrir landmælingar, lasera og vélstýringar fyrir verktaka ásamt mörgu öðru. Einnig hafa Verkfæri ehf. boðið upp á mikið úrval af vörum til snjóruðnings og saltdreifingar frá RASCO en þeir eru mjög stórir í þessari framleiðslu í Evrópu," segir Ólafur og bætir við að lokum að Verkfæri bjóði einnig mikið úrval af rafmagnsbílum frá MELEX sem henti vel fyrir framleiðslufyrirtæki, bæjarfélög og fleiri.

## Verkfæraleigan ehf. kemur inn á réttum tíma

Dótturfélag Verkfæra ehf. heitir Verkfæraleigan ehf. og býður hún upp á leigu á vinnuvélum, byggingakrönum, spjótum, skotbómulyfturum og vinnulyftum. „Leigustarfsemin fer vel af stað enda framkvæmdir í gangi á mörgum stöðum," segir Ólafur glaðlega.




Búnaður frá RASCO til snjóruðnings og saltdreifingar.




Verkfæri ehf. sérhæfa sig í aukahlutum eins og MaxBrio Vibra Ripper fyrir verktaka.



> Við höfum marga stóra birgja á okkar snærum. Þar má nefna TEREX og TEREX CRANES.
>
> *Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri*

VERKFÆRI EHF

VERKFÆRALEIGAN

Sími: 544 4210

**VERKFÆRI EHF**
Akralind 3
201 Kópavogur
Sími: 544 4210
info@verkfaeriehf.is
www.vvv.is
www.verkfaeriehf.is

> Við bjóðum upp á gæðavöru fyrir jarðvinnu- og byggingafyrirtæki, bæjarfélög, sjávarútvegsfyrirtæki, flutninga- og framleiðslufyrirtæki og landbúnað.
>
> *Ólafur Baldurssonn*




Verkfæri bjóða mikið úrval af rafmagnsbílum frá MELEX.


VERKFÆRI EHF
VERKFÆRI EHF
Akralind 3, 201 Kópavogur
SPX
Radiodetection
melex
ROK ZAŁOŻENIA 1971
ufo
POWERSCREEN
A TEREX COMPANY
TEREX
CRANES
TEREX®
TOPCON
RASCO
engcon®
SaltDogg
VERKFÆRI EHF
WWW.VERKFAERIEHF.IS
E-mail: info@verkfaeriehf.is
Sími: 544-4210 eða 892-9399

# Göngin lengjast um 5 til 10 metra á dag

Sandvik borvagn DT1131 er sú vinnuvél sem mest mæðir á við gerð **Vaðlaheiðarganga** en vagninn borar fyrir sprengiefni, stundum tvo umganga á dag. Valgeir Bergmann, talsmaður Vaðlaheiðarganga hf., segir verklok áætluð á vormánuðum 2018.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Verkinu átti að ljúka í desember 2016 samkvæmt fyrstu áætlunum en verulegar tafir hafa orðið á verkinu vegna mikils vatnsaga og hruns í misgengissprungu í göngunum, Fnjóskadalsmegin. Núna má reikna með að gegnumslagi verði náð í janúar 2017 og verklok þá um 15 mánuðum síðar í mars eða apríl 2018,“ segir Valgeir Bergmann, talsmaður Vaðlaheiðarganga hf.

Beðinn um að lýsa daglegum verkferli í grófum dráttum segir hann þriggja arma borvagninn Sandvik DT1131 þá vinnuvél sem mest sé notuð við framkvæmdina. Milli fimmtíu og sextíu manns vinna að framkvæmdinni og í borgenginu eru sex manns.

„Borgengið vinnur á tveimur vöktum. Þá vinnur fjöldi starfsmanna fyrir utan göngin, mælingamenn, tæknimenn, skrifstofufólk, mötuneyti, vélamenn í vegavinnu utanganga, malarvinnslu og fleiru. Fyrir hönd verkkaupa er oftast einn eftirlitsmaður ávallt á vakt en í heild eru eftirlitsmenn og umsjónarmenn verkkaupa um 5-6 verk- og tæknifræðingar,“ útskýrir Valgeir.

„Borvagninn borar á milli 130 til 150 holur, 5 metra djúpar, í stafninn. Sprengiefni er sett í holurnar og sprengt. Þá er loftað út, efni mokað með stórri hjólaskóflu á 4 til 5 búkollur sem notaðar eru til keyra efnið út. Þegar búið er að hreinsa allt efni út og passa upp á að allir lausir steinar í vegg og lofti séu skrotaðir niður kemur sprautuvagn að stafni og þrífur með vatni. Þá er um það bil 8 til 10 sm þykkri steypu sprautað á loftið og aðeins niður á veggi. Borvagninn kemur þá aftur að og borar fyrir 4 til 6 metra löngum bergboltum. Boltarnir eru steyptir fastir til að tryggja öruggt vinnusvæði og síðan hefst borun fyrir sprengiefni í stafninn sjálfan að nýju. Ef vel gengur er sprengt tvisvar á dag og göngin lengjast þá um 10 metra þá daga. Meðalafköst í íslenskum jarðgöngum eru 40-60 metrar á viku á einum stafni.“

> **Borgengið vinnur á tveimur vöktum. Þá vinnur fjöldi starfsmanna fyrir utan göngin, mælingamenn, tæknimenn, skrifstofufólk, mötuneyti, vélamenn í vegavinnu utanganga, malarvinnslu og fleiru.**
>
> *Valgeir Bergmann, talsmaður Vaðlaheiðarganga hf.*



Sú vinnuvél sem er mest notuð við framkvæmdirnar er þriggja arma borvagn frá Sandvik DT1131. Borvagninn borar um það bil 130 til 150 holur, 5 metra djúpar, í stafninn. Sprengiefni er sett í holurnar og sprengt. MYNDIR/VALGEIR BERGMANN




Þegar búið er að sprengja og lofta út mokar hjólaskófla lausa efninu á bíla.




Milli 50 og 60 manns vinna við gerð Vaðlaheiðarganga.



Fjórar til fimm búkollur keyra efnið út úr göngunum þegar búið er að sprengja.

**Útvegum varahluti í flestar gerðir traktora og vinnuvéla.**
**Einnig olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja.**






Við sérhæfum okkur í **JCB**, **Hydrema**, **Iveco**, **New Holland**, **Case** og nú:




Hafið samband og við aðstoðum við að útvega réttu varahlutina.

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is












# Sérhæfðar vélar til byggingar- og jarðvegsframkvæmda

Atvinnutæki ehf. sérhæfir sig í útleigu á vinnuvélum og tækjum til ýmissa byggingar- og jarðvegsframkvæmda. Fyrirtækið býður upp á gott úrval véla og tækja auk þess eru ýmsir leigu- og kaupmöguleikar í boði, allt eftir hentugleika hvers og eins að sögn Sigurðar E Þorsteinssonar, sölustjóra fyrirtækisins.

„Það má því segja að við bjóðum upp á mjög hentugar lausnir fyrir stóra sem smáa verktaka sem starfa á þessu sviði. Bæði er um að ræða fjölbreytt úrval véla og tækja sem henta á mismunandi stigum auk þess er hægt er að velja um skammtíma- eða langtímaleigu sem hægt er að breyta í það sem við köllum Leiga til kaups.

Þegar kemur að byggingar- og jarðvegsframkvæmdum gertur leiga verið heppilegur kostur fyrir verktaka sérstaklega þar sem þörf er á auknum tækjaflota til skamms tíma. að sögn Sigurðar. Leigunni fylgir líka lægri fjármagns- og viðhaldskostnaður sem skiptir miklu máli fyrir verktaka. Ef viðskiptavinir vilja skipta um skoðun á leigutímabilinu gefst þeim einnig kostur að kaupa vélina eða tækið með svokallaðri Leigu til kaups en þá gengur hluti leigugjaldsins 50-100% upp í kaupverðið.

Verkefnastaðan í byggingar- og jarðvegsframkvæmdum hefur batnað mikið síðustu tvö árin að sögn Sigurðar og góðar horfur eru framundan. „Við sjáum fram á miklar framkvæmdir á næstunni og vaxandi þörf á stórum sem smáum vélum og tækjum. Við hjá Atvinnutækjum° erum vel í stakk búin til að mæta aukinni eftirspurn eftir vinnuvélum og tækjum og hvetjum verktaka til að kíkja til okkar.

## Véla & Tækjakostur hjá Atvinnutækjum er eftirfarandi

- **Betlagröfur 2,5 til 70 tonn**
- **Hjólagröfur 14-17 tonn annars eins**
- **Skotbómulyftarar 7-14 metra**
- **Jarðýtur**
- **Valtarar**
- **Jarðvegsþjöppur**
- **Liðstýrðir námutrukkar / Búkollur**
- **Beltavagnar**

**Einnig bjóðum við uppá vinnuvélar með GPS Trimble búnaði & Rototilt**



ATVINNUTÆKI

**Rauðhella 11 | set@velafl.is | sími 575-2400**

# Fiskur og franskar vinsæll biti

Áhugi fólks hefur aukist mikið á svokölluðu „street food“ sem hefur lengi tíðkast víða um heim. Árni Rudolf hefur rekið Fish and Chips vagninn við Vesturbugt ásamt fjölskyldu sinni frá því í vor. Hann segir mikinn áhuga á fiski og frönskum hér á landi.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Fish and Chips vagninn hóf starfsemi vorið 2015, hann var þá fluttur til landsins frá Bretlandi, glænýr og sérhannaður fyrir svona veitingasölu. „Við keyptum vagninn í vor og ætlum að vera með opið út september. Þar sem allra veðra er von er kannski ekki heppilegt að standa úti og borða yfir veturinn,“ segir Árni. „Hins vegar hafa Íslendingar verið duglegir að koma til okkar og taka matinn með sér heim eða í vinnu. Þeir eru duglegir að koma á matartímum til okkar, útlendingar koma allan daginn og á kvöldin. Það er mjög líflegt og skemmtilegt fólk sem fær sér fisk og franskar,“ segir Árni.

Hann leggur mikla áherslu á ferskt og gott hráefni. Hann rekur fiskútgerð og vinnslu ásamt fjölskyldu sinni og fiskurinn er því ávallt framreiddur nýveiddur. „Við steikjum fiskinn og franskar alveg eins og Bretar gera þetta best. Margir Bretar hafa komið til okkar og segjast aldrei hafa fengið svona góðan mat. Það er mikið hrós þar sem fiskur og franskar er þjóðarréttur þeirra. Síðan látum við framleiða fyrir okkur þrjár gerðir af mjög góðum sósum sem passa vel með. Á góðviðrisdögum er oft löng biðröð hjá okkur.“




**Árni Rudolf í Fish and Chips vagninum sem brátt verður lokað og settur í geymslu.** MYND/ANTON BRINK

Árni segist hafa stokkið á þennan rekstur þegar hann vissi að vagninn væri til sölu. „Fjölskyldunni þótti passa vel að reka svona stað með fram útgerðinni. Við erum með línuþorsk sem við veiðum og verkum. Okkur fannst þetta skemmtileg viðbót sem hefur heppnast mjög vel. Vagninn stendur á bak við Slippinn, rétt hjá Sjóminjasafninu, við Hlésgötu sem gengur út frá Geirsgötu.

Árni og fjölskylda hans hafa rekið Fiskkaup á Granda í meira en fjörutíu ár. Árni segir að veitingavagnar með fish and chips séu algengir í Bretlandi. „Þetta er líka vinsæll matur hér á landi og við erum oft beðin um að koma í fyrirtæki eða veislur. Við höfum ekki gert það þar sem fólk þekkir okkur á þessum ákveðna stað. Hins vegar væri grundvöllur fyrir fleiri vagna hér á landi,“ segir hann.

Nú fer hver að verða síðastur að smakka fisk og franskar hjá Árna því síðasti opnunardagur sumarsins er á föstudag. Þá fer vagninn í geymslu þar til vorið kemur á ný.

> **Við steikjum fiskinn og franskar alveg eins og Bretar gera þetta best. Margir Bretar hafa komið til okkar og segjast aldrei hafa fengið svona góðan mat. Það er mikið hrós þar sem fiskur og franskar er þjóðarréttur þeirra.**
>
> *Árnir Rudolf*

**Verktakar, Iðnaðarmenn, Húsbílaeigendur**



Eigum til á lager hljóðlátar og handtækar rafstöðvar frá 0.7KVA upp í 3 KVA.

Getum einnig útvegað rafstöðvar frá 6 til 1000 KVA.



**Startarar og alternatorar**

Fyrir flestar gerðir fólksbíla, jeppa, vörubíla og vinnuvélar.
Höfum einnig varahluti í alternatora og startara



55ár í þjónustu við bíleigendur!



LJÓSBOGINN ehf.

**Bíldshöfða 14 sími 553-1244**
ljosboginn@ljosboginn.is

OK VARAHLUTIR

Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • s: 696 1050 • okspares@okspares.is

**Vorum að fá nýja sendingu!**

**Bjóðum tilboðsverð á ýmsum stærðum af vinnuvéladekkjum meðan birðir endast**





## F pallbíllinn vinsælastur

Pallbílar eru og hafa ávallt verið afar vinsælir í Bandaríkjunum. Eins og fjöldamörg undanfarin ár eru Ford F-pallbílarnir langvinsælastir pallbíla. Þá er Ford F einnig söluhæsti bíll Bandaríkjanna og hefur verið árum saman.

Núverandi kynslóð Ford F línunnar er sú 13. síðan 1948 og sú vinsælasta til þessa. Söluaukningin fyrstu sjö mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra varð 8,8 prósent.

Hér er listi yfir 15 vinsælustu bílana í Bandaríkjunum. Þrír efstu eru pallbílar, í 4.-11. sæti eru fólksbílar, jeppar og jepplingar sem eru japanskir að uppruna. Bílarnir í 12. til 15. sæti eru bandarískir.

1. Ford F-lína
2. Chevrolet Silverado
3. Ram Pickup
4. Toyota Camry
5. Honda Civic
6. Toyota Corolla
7. Honda Accord
8. Toyota RAV4
9. Nissan Altima
10. Honda CR-V
11. Nissan Rouge
12. Ford Escape
13. Ford Fusion
14. Ford Explorer
15. Chevrolet Equinox

**Heimild: www.fib.is**



# Verður þú á hálum ís í vetur?

Við hjá GG•sport erum söluaðilar Veriga® sem er einn stærsti snjókeðju framleiðandi í Evrópu.

Við getum boðið allar helstu stærðir af snjókeðjum fyrir bæði flutningabíla og vinnuvélar.
Hafið samband (verslun@ggsport.is) og við gerum þér tilboð í snjókeðjur.

**Veriga er einnig öflugur framleiðandi mannbrodda sem halda okkur á réttum kili í hálkunni, þú finnur gott úrval af ís- og hálkubroddum í verslun okkar GG•sport.**



MOUNTTRACK

**Fjallgöngubroddar**
- 13 punkta broddar
- Askja fylgir með
- Soðin samskeyti
- Sterkar lamir
- Ryðfrítt stál
- Frostþolið gúmmí
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5900 kr.**



ICETRACK

**Sterkir utanslóðabroddar**
- Góðir utanslóðabroddar
- Geymslupoki með beltafestingu
- Soðin samskeyti
- Ryðfrítt stál
- Stærðir S (33-36), M (37-40), L (41-44), XL (45-48)

**Verð 5490 kr.**



CITYTRACK

**Innanbæjarbroddar**
- Henta við hálar aðstæður
- 10 punktar veita hámarks grip
- Passa á flestar gerðir skófatnaðar
- Hágæða gúmmíteygja
- Auðveldir í notkun
- Geymslupoki fylgir
- Stærðir M (36-41), L (39-46), XL (45-48)

**Verð 2890 kr.**



PROTRACK

**Grófir innanbæjarbroddar**
- Grípa vel í hálku
- Grófir án gadda
- Fara innfyrir þröskuld án þess að skemma gólf (t.d. verslanir)
- Stærðir M (36-41), L (41-44,5), XL (45-48)

**Verð 6490 kr.**



VERIGA®
SINCE 1922

GG•sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi,
sími: 571 1020 • www.ggsport.is

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"



Gísli Ásgeirsson keyrir eldislax alla daga og nýtur stundum aðstoðar yngri fjölskyldumeðlima.

# Mikilvægur fyrir þjóðarbúið

Rétt hitastig í vagninum og stuttur flutningstími skiptir mestu máli þegar ferskur fiskur er fluttur út eða til vinnslu. Þetta er annasamt starf sem þarf að sinna á öllum tímum sólarhrings og þá er gott að leyfa einstaka fjölskyldumeðlimum að fljóta með.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Meðal þess verðmæta farms sem fluttur er á þjóðvegum landsins með vöruflutningabílum allt árið er ferskur fiskur. Útflutningur á fiski skiptir þjóðarbúið gríðarlega miklu máli og við flutning þess farms skiptir tvennt mestu máli: rétt hitastig í vagninum og stuttur flutningstími.

Einn þeirra bílstjóra sem standa í stórræðum allt árið er Gísli Ásgeirsson en fyrirtæki hans flytur eldislax frá Vestfjörðum víða um land. Flutningurinn á eldislaxi hófst árið 2010 og hefur vöxturinn verið hraður undanfarin ár. „Við notum 3-4 bíla á dag nánast allt árið við flutning á ferskum eldislaxi. Fiskurinn fer bæði í flug á Keflavíkurflugvelli og við keyrum farminn víða um land, t.d. til Akureyrar, Seyðisfjarðar, Vestmannaeyja og fleiri staða. Þar er fiskurinn lestaður um borð í skip til að tryggja sem stystan vinnslutíma.“

### Hitastigið mikilvægt

„Til dæmis keyrum við fisk til Reykjavíkur á fimmtudegi þar sem hann er lestaður um borð hjá Samskip. Svo siglir skipið af stað og kemur næst við í Vestamannaeyjum þar sem meiri fiskur er lestaður um borð degi síðar.“

Við flutning á svo verðmætum farmi skiptir hitastigið öllu máli að sögn Gísla. „Þar sem við erum með nýjustu bíla og vagna náum við að stýra því mjög vel. Framleiðendur og kaupendur eru eðlilega mjög stífir á þessum þætti þegar kemur að flutningi laxins. Þeir geta meira að segja fengið afrit úr vagninum ef einhver kvörtun berst þar sem hægt er að sjá nákvæmlega hvert hitastigið var á hverjum tíma.“ Fyrir utan hitastigið skiptir auðvitað flutningstíminn sjálfur miklu máli að sögn Gísla svo fiskurinn haldist sem lengst ferskur. „Það á helst bara að flytja fiskinn beint á áfangastað og helst ekki að færa hann milli bíla.“



Starfið er annasamt og unnið á öllum tímum sólarhrings við mismunandi aðstæður.

### Fjölskyldan stundum með

Gísli er á ferðinni nánast alla daga ársins og það ekki á hefðbundnum skrifstofutíma. „Fjölskyldumeðlimir fá stundum að fljóta með enda ekki annað hægt þegar vinnutíminn er svona. Við hjónin eigum tvo stráka og eina stelpu sem koma stundum með og þeim finnst gaman að vera í vinnunni með pabba sínum enda aldrei of snemmt að þjálfa nýja bílstjóra upp. Einnig kemur frúin stundum með og þannig verða vinnuaðstæður aðeins fjölskylduvænni fyrir vikið enda er ég lítið heima hjá mér og á ferðinni á öllum tímum sólarhrings. En börnin mín þekkja svo sem ekki neitt annað.“

Vöxturinn hefur verið mikill og hraður undanfarin ár og hann sér fram á annasama tíma. „Þetta er bullandi vinna allan sólarhringinn en samstarfið við ólíka aðila í öllu ferlinu er gott. Og með svo traust farartæki kemst farmurinn frekar ferskur á leiðarenda á góðum tíma.“




Með þyngdarsvið frá þremur tonnum upp í 44 tonn mun MAN geta boðið upp á fjölbreytt úrval þjónustu- og flutningabifreiða.

# Kraftmeiri og umhverfis- vænni bílar frá MAN

Nýir, umhverfisvænni, kraftmeiri og sparneytnari **vörubílar frá MAN** koma á markað um næstu áramót. 2017 módelin frá MAN verða allt upp í 640 hestöfl og uppfylla nýja staðla um útblástur.

„Nú um áramótin taka gildi nýjar reglur frá Evrópusambandinu sem gera strangari mengunarkröfur til vörubíla en verið hefur. Þá þurfa allir framleiðendur að koma með vélar sem uppfylla þennan staðal sem kallast Euro 6C en var áður Euro 6,“ útskýrir Guðmundur Bjarnason, sölumaður hjá Krafti, sem hefur haft söluumboð fyrir MAN hér á landi frá upphafi.

„Af þessu tækifæri hafa þeir hjá MAN gripið tækifærið og koma þeir með vélar sem uppfylla þessar kröfur um minni útblástursmengun en eru kraftmeiri um leið og hestöflunum fjölgar um tuttugu frá því sem verið hefur í þessum stóru bílum. Í stærstu bílunum höfum við verið með 520 og 560 hestafla mótora sem verða núna 540 og 580 hestöfl. Svo bætist við einn mótor sem er 640 hestöfl.“

Guðmundur bætir við að sömu reglur gildi hér á landi og gilda í ríkjum Evrópusambandsins; allir bílar sem fluttir verða inn eftir áramót þurfa að uppfylla þennan nýja staðal til þess að þeir fáist skráðir, en allir nýir bílar frá MAN gera. Hann nefnir líka að


Nýju bílarnir frá MAN hafa fengið smávegis andlitslyftingu.

nýju bílarnir verði sparneytnari en áður enda hafa framleiðendur lagt áherslu á að svo verði.

Nýju MAN bílarnir hafa fengið lítils háttar andlitslyftingu að utan og að innan gefa hlýir litir ásamt nýjum efnum og bólstrun í sætum nýja módelinu ferskt útlit. „Aðalatriðin eru eins og í fyrri útgáfum af bílunum. Breytingarnar eru í raun bara til þess að það sjáist að bíllinn sé nýr,“ segir Guðmundur í léttum dúr.

## MAN líka með sendibíla

Það eru fleiri nýjungar á leiðinni frá MAN en á IAA sýningunni sem nú stendur yfir í Hannover í


CW gildi útblástursins í MAN TGE er aðeins 0.33 og verður sparneytnasti bíllinn í sínum flokki. Lágur viðgerðar- og viðhaldskostnaður er einnig heillandi.


Allir bílar sem fluttir verða inn eftir áramót þurfa að uppfylla nýjan staðal til þess að þeir fáist skráðir.


2017 módelin frá MAN verða allt upp í 640 hestöfl. Þeir eru umhverfisvænni og sparneytnari en eldri gerðir.


Kraftur hefur flutt MAN bíla til landsins frá upphafi. Í nóvember fagnar fyrirtækið fimmtíu ára afmæli sínu en það hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldunnar.


Guðmundur Bjarnason sölumaður hjá Krafti. MYND/ANTON BRINK

Þýskalandi verða nýir sendibílar og minni flokkabílar kynntir. Þetta er í fyrsta sinn sem MAN býður upp á sendibíla og minni flokkabíla. Fram að þessu voru 7,5 tonnin það minnsta sem MAN bauð upp á, en nú verða það þrjú tonn. Með TGE kemur léttflutningabíll í hóp fjölda milli- og þungaflutningabifreiða. „Með tilkomu TGE verður þungasvið MAN frá 3 tonnum upp í 44. MAN er að þróast í allsherjar þjónustuaðila þegar kemur að því að veita lausn á öllum flutningsverkefnum. Með TGE mun MAN veita alla þá þjónustu sem viðskiptavinir þeirra þekkja frá stærri bifreiðaflokkunum yfir í sendibifreiðaflokkinn. Besta lausnin fyrir viðskiptavininn er alltaf aðaláherslan,“ segir Guðmundur. Hann bætir við að auk lokaðs sendibíls og vinnubíls, sé fjöldi möguleika á yfirbyggingum aukinn með grindarbílum með einföldu húsi eða flokkahúsi. „Flokkahúsið verður fáanlegt í fjölda útfærslna. Í hinum nýja TGE verða tvær hjólhafsútfærslur, þrjár þakhæðir og þrjár bíllengdir í boði.“ Sala á MAN TGE hefst í mars á næsta ári og framleiðsla fer í gang í apríl. Fyrstu löndin til að fá TGE eru Þýskaland, Austurríki, Sviss og Holland. Fyrstu afhendingar í þeim löndum eru tveimur mánuðum eftir að framleiðsla hefst. Önnur lönd innan Evrópu fá TGE afhenta síðar og verður hann líklega til sölu hér á landi árið 2018.

## Fimmtíu ára afmæli Krafts

Kraftur hefur eins og áður segir flutt MAN bíla til landsins frá upphafi. Í nóvember fagnar fyrirtækið fimmtíu ára afmæli sínu en það hefur alltaf verið í eigu sömu fjölskyldunnar. „Við ætlum að fagna þessum tímamótum með veisluhöldum þegar þar að kemur. Annars er nóg að gera hjá okkur þessa dagana og finnum við fyrir meiri eftirspurn eftir nýjum bílum. Það hefur verið uppsveifla í þessu á þessu ári og því síðasta. Menn eiga þó meira sjálfir í bílunum en áður tíðkaðist og þurfa því ekki að taka jafn há lán og áður. Það er því óhætt að segja að fólk hafi lært af reynslunni,“ segir Guðmundur.

# Frágangur farms mætti vera betri

Slæmur frágangur farms vörubíla hefur lengi verið vandamál. Kæruleysi er sagt ríkja í þeim málum og eftirliti lítið sinnt. Slysum á fólki vegna þessa fer þó fækkandi.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Frágangur á farmi vörubíla hefur verið viðvarandi vandamál hér á landi og þó nokkuð mörg slys hafa orðið vegna þess í gegnum tíðina. Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, FÍB, segir almennt kæruleysi ríkja í þessum málum. „Það fýkur möl og grjót á fólk og farartæki sem eru í kringum þessa flutningabíla oft og tíðum. Það hefur verið þannig í gegnum tíðina og er áreiðanlega þannig enn þá. Félagsmenn okkar eru að koma hingað til okkar og kvarta yfir þessu. Tryggingafélögin þekkja þetta líka vel, þangað kemur reitt fólk með skemmd farartæki sín vegna þessa og út úr því kemur ekkert. Ef til vill er vandinn sá að þessu er ekki sinnt nógu vel, lögreglunni er ekki beitt sérstaklega í þessu og það er lítið aðhald,“ telur Stefán.

Ýmsar reglur eru hins vegar til sem lúta að frágangi farms og er reglur um lestun vörubíla, festingu á farmi og umfang farms að finna í eftirtöldum reglugerðum: Reglugerð um hleðslu, frágang og merkingu farms, nr. 671/2008, Reglugerð um flutning á hættulegum farmi á landi, nr. 1077/2010. Reglugerð um stærð og þyngd ökutækja, nr. 155/2007. Í reglugerð nr. 100/2006 er fjallað um leyfi til að stunda farmflutninga á landi og er sú reglugerð sett með tilvísun í lög nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi. „Í stuttu máli fjalla reglurnar um hvernig hlaða skal ökutæki og hvernig farmur er festur og tryggður þannig að gætt sé að umferðaröryggi, heilsu manna og umhverfi. Innanríkisráðherra setur reglugerðir um þessi mál með heimild umferðarlaga,“ útskýrir Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu.

Eftirlitsaðilar eru á vegum lögreglu í umferðareftirliti og hafa þeir eftirlit með að reglum sé framfylgt. Stefán segist hins vegar finna fyrir því að eftirlitið sé minna í dag en áður fyrr. „Áður var almennt verið að stöðva fólk sem þótti skera sig úr í umferðinni og því gefið tiltal, þeir skiptu sér af fólki og það var aðhald fólgið í því sem ég finn ekki fyrir í dag.“

Að sögn Þórhildar sinna langflestir atvinnubílstjórar frágangi farms vel en stöku undantekningar séu þó þar á. „Það er ótrúlegt ef vörubílstjórar þekkja ekki þessar reglur eftir að hafa komist í gegn um prófin. Það er farið vel yfir allar þessar reglur á námskeiðum til meiraprófs, það voru og eru enn gerðar heilmiklar kröfur þar,“ segir Stefán. Ástæður fyrir því að þessar reglur eru brotnar séu því aðrar. Auk þess þurfi atvinnubílstjórar að sækja endurmenntunarnámskeið á fimm ára fresti þar sem meðal annars er farið yfir reglur um hleðslu og frágang farms hjá vöruflutningabílstjórum.

Slys sem rekja má til slælegs frágangs farms hafa orðið en Þórhildur segir að slys á fólki þess vegna séu ekki algeng og að þeim virðist fara fækkandi. „Farmur er ökutækis er ein möguleg orsök slyss í skráningu Samgöngustofu og í flestum tilvikum, þó ekki öllum, er þá frágangur hans ekki réttur.“ Tölfræði yfir slys af þeim toga má sjá hér fyrir ofan.





**„Það fýkur möl og grjót á fólk og farartæki sem er í kringum þessa flutningabíla oft og tíðum.**

*Stefán Ásgrímsson, ritstjóri hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda*

**„Í stuttu máli fjalla reglurnar um hvernig hlaða skal ökutæki og hvernig farmur er festur.**

*Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu*



**Farmur féll af flutningabíl við Rauðavatn fyrir nokkrum árum. Talið er að farmurinn hafi fallið af bílnum vegna þess að hann var illa festur.** MYND/GVA

### Slys og óhöpp vegna farms ökutækis

| | Banaslys | Alvarleg slys | Slys með litlum meiðslum | Óhöpp án meiðsla | Slys og óhöpp alls |
|---|---|---|---|---|---|
| 2002 | | 3 | 6 | 133 | 142 |
| 2003 | | 1 | 1 | 92 | 94 |
| 2004 | | 1 | 5 | 105 | 111 |
| 2005 | | 2 | 3 | 159 | 164 |
| 2006 | | 1 | 4 | 155 | 160 |
| 2007 | | 1 | 13 | 196 | 210 |
| 2008 | | 2 | 21 | 135 | 158 |
| 2009 | | | 8 | 91 | 99 |
| 2010 | 1 | | 4 | 51 | 56 |
| 2011 | | | 2 | 62 | 64 |
| 2012 | | | | 28 | 28 |
| 2013 | | 1 | 2 | 32 | 35 |
| 2014 | | | 2 | 46 | 48 |
| 2015 | | 1 | 3 | 36 | 40 |




Þeir sem gera kröfur velja Héðins hurðir

Fáðu tilboð í hurðina
Fylltu út helstu upplýsingar á **hedinn.is** og við sendum þér tilboð um hæl.

HÉÐINS HURÐIR

Mynd: Björgunarmiðstöð Hjálparsveitar skáta Kópavogi.
Íshella 10 • 221 Hafnarfjörður • Sími 569 2100

Vörubílar, vinnuvélar & bátar

• Viðgerðir
• Sala





• Startarar
• Alternatorar

• Perur
• O.m.fl.



Rafstilling ehf.
Dugguvogi 23, s: 581-4991
rafstilling@rafstilling.is

**Alvöru græjur** fyrir vandláta

# Berðu saman verð og gæði

## ...talaðu svo við okkur




HANIX







Mest seldu smágröfurnar í Bretlandi

## Hanix smágröfur

Hanix framleiða smágröfur frá 980 kg og upp í 5,5 tonn. Þær eru hannaðar til að uppfylla kröfur og þarfir jarðvinnu- og byggingarverktaka.

**Hanix gæðaframleiðsla í 40 ár**
Gæðin í Hanix byggja á þeirri nýsköpun sem lagt var af stað með fyrir 40 árum með fyrstu Hanix smágröfunni með 360° gráðu vökvadrifnum snúningi.

**Með Hanix færðu mikið fyrir peninginn**
Hanix leggur áherslu á að framleiða gröfur sem uppfylla nútímaleg gildi þar sem þú færð mikið fyrir peninginn. Þetta eru gröfur sem byggðar eru til að endast og vinna það starf sem þú þarft, með öllum nútíma þægindum.

**Hanix eru mest seldu smágröfurnar í Bretlandi**

- Sterkur undirvagn
- Stillanleg breidd
- Skófla og hraðtengi
- Kubota díselvélar
- Þægilegt stýrishús
- Lipur stjórnbúnaður

## Mest seldu vagnarnir í Þýskalandi

STEMA

2.7/3.5 tonna bílavagnar frá **kr. 599.000,- án vsk**



Stærð á palli: 400 x 201
Dekkjastærð: 4 x 10"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg

2,7/3.5 tonna sturtuvagnar frá **kr. 899.000,- án vsk**



Stærð á palli: 301x153 cm
Dekkjastærð: 4x13"
Þyngd: 650 kg
Burður: 2050 kg

2.7/3.5 tonna tækjavagnar frá **kr. 799.000,- án vsk**



Stærð á palli: 301x141
Dekkjastærð: 4 x 13"
Þyngd: 725 kg
Burður: 1975 kg

2.7/3.5 tonna flutningavagnar frá **kr. 549.000,- án vsk**



Stærð á palli: 401x203
Dekkjastærð: 4 x 13"
Þyngd: 466 kg
Burður: 2234 kg

### SDMO 10 kw rafstöð
Kr. 699.000,- án vsk



Afköst: 10 kw hámark - 8 kw stöðugt álag
Aflvél: Diesel Kohler 3000 sn/min
Start: 12 volta rafstart
Þyngd: 169 kg
Úttök: 230 volt 10 amper - 400 volt -16 amper
Olíuankur: 35 lítrar

### SDMO 6.5 kw rafstöð
Kr. 229.933,- án vsk



Afköst: 6,5 kw hámark - 5,2 kw stöðugt álag
Aflvél: Bensín Kohler KD440 3000 sn/min
Start: Hand/spotti
Þyngd: 93 kg
Úttök: 230 volt - 10 amper / 400 volt -16 amper
Olíutankur: 7,3 lítrar

### SDMO 4.2 kw rafstöð
Kr. 122.777,- án vsk



Afköst: 4,2 kw hámark - 3,2 kw stöðugt álag
Aflvél: Bensín Kohler CH395 3000 sn/min
Start: Hand/spotti
Þyngd: 60 kg
Úttök: 2 x 230 volt - 10 amper
Olíutankur: 7,3 lítrar

### SDMO 3 kw rafstöð
Kr. 94.206,- án vsk



Afköst: 3 kw hámark - 2,4 kw stöðugt álag
Aflvél: Bensín Kohler CH270 3000 sn/min
Start: Hand/spotti
Þyngd: 45 kg
Úttök: 2 x 230 volt - 10 amper
Olíutankur: 4,1 lítrar

### SDMO 6 kw einangruð
Kr. 664.230,- án vsk



Afköst: 6 kw hámark - 5,2 kw stöðugt álag
Aflvél: Disel Kohler KD15-440 3000 sn/min
Start: 12 volta rafstart
Þyngd: 215,5 kg
Úttök: 2 x 230 volt - 10 amper
Olíutankur: 27 lítrar

## Daemo fleygar, krabbar og klippur

Daemo er leiðandi í framleiðslu á aukatækjum fyrir vinnutæki
Hjá Daemo fer saman nútíma-tækni, notkun á gæðaefnum og vandað handverk.

DAEMO
STUTTUR AFGREIÐSLUTÍMI
HAGSTÆTT VERÐ



## Belle jarðvegsþjöppur

- Áfram og afturábak
- Nútímaleg hönnun
- Kraftmiklar
- Titringsvörn



Belle GROUP

100 kg - kr. 194.560 án vsk
200 kg - kr. 498.000 án vsk
300 kg - kr. 838.833 án vsk

## Compair loftpressur

- Auðvelt aðgengi að búnaði
- Lyftikrókur á jafnvægispunkti
- Stjórnborð með rafrænum skjá
- Sjálfvirk stjórnun á loftflæði miðað við snúningshraða

CompAir



Fagleg þekking, varahlutaþjónusta og viðgerðir um allt land.

Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ÁSAFL

# Vinnuvélar fá umboð fyrir Bobcat vélar

**Vinnuvélar-tækjamiðlun** ehf. sérhæfir sig í sölu, miðlun og innflutningi vinnuvéla og vörubíla. Fyrirtækið býður upp á mikið úrval véla og tækja. Markmið félagsins er að vera leiðandi í sölu notaðra vinnuvéla og vörubíla með fagmennsku og vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.



Baldur Þórarinsson, sölustjóri hjá Vinnuvélum-tækjamiðlun. MYND/ERNIR

Baldur Þórarinsson, sölustjóri hjá Vinnuvélum-tækjamiðlun, segir að stöðug þróun sé í gangi hjá fyrirtækinu og ýmislegt nýtt að gerast. „Um síðustu mánaðamót var undirritaður samningur á milli Vinnuvéla og Doosan, móðurfélags Bobcat, um sölu og þjónustu Bobcat véla á Íslandi. Þetta er stórt skref í uppbyggingu Vinnuvéla ehf. en undanfarin tvö ár höfum við unnið markvisst í að byggja upp öflugt fyrirtæki og áreiðanlegan samstarfsaðila fyrir eigendur vinnuvéla í landinu,“ útskýrir Baldur. „Bobcat er fyrsta stóra vinnuvélaumboðið sem fyrirtækið verður umboðsaðili fyrir en í vöruúrvali Vinnuvéla eru önnur þekkt vörumerki.

**Má þar nefna:**

- Toro sláttuvélar og fjölnota tæki
- Club Car golfbílar og rafmagnsvinnubílar
- Carnehl malarflutningavagnar
- Dinolift vinnulyftur
- Bekamax

Auk innflutnings nýrra vinnuvéla og tækja þá hafa Vinnuvélar flutt inn umtalsverðan fjölda notaðra vinnuvéla og vörubíla frá stofnun og aðstoðar jafnframt þá sem þurfa að selja notuð tæki hér innanlands við miðlun tækjanna,“ greinir Baldur frá.

„Í tilefni samningsins munu Vinnuvélar og Bobcat standa fyrir mjög hagstæðum kynningartilboðum á völdum Bobcat tækjum út október sem betur er kynnt í auglýsingu í blaðinu. Okkur langar einnig að benda á að öll ný tæki frá Bobcat eru með þriggja ára ábyrgð sem ég held að enginn annar sé með nema það sé sérstaklega keypt,“ segir Baldur.

> **Um síðustu mánaðamót var undirritaður samningur á milli Vinnuvéla og Doosan, móðurfélags Bobcat, um sölu og þjónustu Bobcat véla á Íslandi.**
>
> *Baldur Þórarinsson*

Nýlega flutti fyrirtækið Vinnuvélar-tækjamiðlun ehf. að Kistumel 2 á Kjalarnesi. „Markmið okkar er að bjóða trausta og markvissa þjónustu. Við finnum vel fyrir því að það er uppbygging á verktakastarfsemi í landinu og þörf á góðum vinnuvélum,“ segir Baldur.

**Frekari upplýsingar eru í síma 480 0444 eða á heimasíðunni www.vinnuvelar.is.**

# Lenda síður í slysum

Hver stétt á sér staðalímynd. Staðalímynd flutningabílstjórans kemur án efa frá Bandaríkjunum enda flutningsiðnaðurinn risavaxinn þar í landi. Það er því ekki úr vegi að kynna sér hann frekar.



Um 3,5 milljónir starfa sem flutningabílstjórar í Bandaríkjunum, þar af 200.000 konur.

- Tekjur af flutningsiðnaðinum í Bandaríkjunum eru um 650 milljarðar á ári sem gera um fimm prósent af vergri landsframleiðslu.
- Um 3,5 milljónir starfa sem flutningabílstjórar í Bandaríkjunum, þar af 200.000 konur
- Um 15,5 milljónir flutningabíla eru í umferð þar í landi
- 70% af allri frakt í Bandaríkjunum eru flutt með flutningabílum
- Mest er flutt af fötum, mat, húsgögnum og raftækjum
- Áætlað er að vöruflutningar í Bandaríkjunum muni aukast um 21 prósent á næstu tíu árum
- Flest flutningafyrirtæki í Bandaríkjunum teljast lítil og eru ekki hluti af stórri keðju
- Flestir flutningabílar eru dísilknúnir
- Vélin í hefðbundnum flutningabíl er sex sinnum stærri en í fólksbíl
- Helsta ástæða óhappa og slysa er þegar bílstjórinn heldur sig af einhverjum ástæðum ekki inni á sinni akrein. Helstu ástæður þess eru of mikill ökuhraði, ef eitthvað er að bremsunum, bílstjóri gerir mistök og þreyta.
- Dauðaslysum þar sem flutningabílar eiga í hlut hefur fækkað um 32 prósent frá 1980 til 2014.
- Slysatíðni þar sem flutningabílar eiga í hlut er 28 prósentum lægri en slysatíðni þar sem fólksbílar og önnur vélknúin ökutæki eiga í hlut.
- Flutningabílstjórar í Bandaríkjunum aka síður undir áhrifum en bílstjórar annarra vélknúinna ökutækja. Árið 2014 áttu tvö prósent flutningabílstjóra þátt í dauðaslysum í umferðinni undir áhrifum en 22 prósent ökumanna fólksbíla sem áttu þátt í dauðaslysum voru undir áhrifum.
- Öryggiskröfur sem gilda um flutningabíla og flutningabílstjóra eru mun strangari en almennt.
- Atvinnubílstjórar í Bandaríkjunum undirgangast reglulega áfengis- og vímuefnapróf auk þess sem margir flutningabílar þar sem annars staðar eru útbúnir þannig að ekki er hægt að aka yfir tilteknum hraða. Þá þurfa atvinnurekendur og bílstjórar að virða ákveðinn hvíldartíma.

bobcat





## Nýtt á Íslandi

3ja ára ábyrgð á öllum nýjum Bobcat vélum

# Við erum stoltir af nýjasta meðlimi fjölskyldunnar.

Vinnuvélar tækjamiðlun ehf. hefur tekið við umboðinu fyrir Bobcat.
Í tilefni þess eru öll ný Bobcat tæki á tilboði til loka október.

Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is

# Sneiddi niður gúrku með gröfunni

**Grétar Grímsson** vann titilinn gröfumeistarinn fjórða árið í röð á hátíðinni Tvær úr Tungunum sem fram fór á Selfossi í ágúst. Þurftu keppendur til dæmis að sneiða niður gúrku en Grétar segir lipurð og nákvæmni innbyggða eiginleika í þeim sem vinni dagsdaglega á gröfu.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við rekum fjölskyldufyrirtæki með jarðýtur, vörubíla, kranabíl og gröfu. Maður stekkur bara á milli tækja eftir þörfum. Ætli ég sé ekki betri á gröfunum en hinum. Ef maður getur skorið gúrkur með gröfunni getur maður jafnað lóðir,“ segir Grétar Grímsson gröfumaður, sem hampar titlinum gröfumeistari ársins á Selfossi fjórða árið í röð. Keppnin fór fram á hátíðinni Tvær úr Tungunum í ágúst.

Fyrir keppendur voru lagðar ýmsar nákvæmnisþrautir, svo sem að koma litlum boltum í mjólkurdunk, raða upp rörum í þýramída og sneiða grænmeti. Grétar segir ákveðna lipurð þurfa til að vinna slíka keppni en tekur lítið undir þegar hann er spurður hvort hann hljóti ekki að vera fremstur meðal jafningja þar sem hann hefur unnið keppnina ár eftir ár.

„Ég myndi nú aldrei ganga svo langt að fullyrða það. Það eru til svo margir góðir gröfumenn. Ætli það hafi verið nema átta keppendur þarna. Það þyrfti auðvitað að halda keppni á landsvísu í þessu. Ég myndi taka þátt í henni. En jú, maður þarf að vera góður í að stjórna gröfunni og vera nákvæmur. Ein þrautin var meðal annars að skera niður gúrku í sneiðar. Því þynnri sneiðar því fleiri stig fékk maður í pottinn,“ segir Grétar.

Hvað náðirðu mörgum sneiðum úr gúrkunni? „Ég man það nú ekki, maður er ekkert að telja. Ég er bara ánægður með að hafa náð að klára þetta og svo var það bara undir dómnefndinni komið hvað þeim fannst. Skurðirnir voru samt þokkalega beinir, sem þykir gott. Maður þarf að hafa góða tilfinningu fyrir tækinu en þetta er í raun auðvelt fyrir þá sem eru að vinna á þessum tækjum dagsdaglega. Þetta er orðið innbyggt í mann,“ segir Grétar.


Grétar segir lipurð og nákvæmni þurfa á gröfu en hér opnar hann bjórflösku með gröfunni.

> **Það þyrfti auðvitað að halda keppni á landsvísu í þessu. Ég myndi taka þátt í henni.**
> *Grétar Grímsson gröfumeistari*

„Það er gott að geta sleikt út moldina eins og með kökuspaða þegar verið er að rétta af lóðir,“ segir hann. „Ég er reyndar mjög góður í því að baka, lélegri í að elda mat samt. Get rétt hitað pylsur og bjúgu,“ segir Grétar sposkur og bætir við að kannski yrði hann liðtækari við önnur verk ef hann gæti notað gröfuna til þess.

„Það er reyndar mikið búið að gera grín að mér, að ég yrði kannski duglegri við allt annað ef ég mætti nota tækin í vinnunni við það. Ætli mér yrði þó ekki gefið illt auga ef ég festi til dæmis málningarpensil á gröfuna og færi að mála húsið. En það væri kannski efni í eina keppnisþraut.“


Grétar Grímsson varð gröfumeistari fjórða árið í röð á bæjarhátíðinni Tvær úr Tungunum á Selfossi í sumar. MYNDIR/MAGNÚS HLYNUR HREIÐARSSON



YANMAR



www.yanmarconstruction.eu



SÖLUHÆSTA
SMÁGRAFA Á ÍSLANDI
ÁRIÐ 2015

YANMAR MERKÚR

Hýsi-Merkúr hf. - Lambhagavegi 6 - 113 Reykjavík - Sími 534 6050 - merkur@merkur.is - www.merkur.is

# Ævintýri sem gæti virkað

Hefðbundin íslensk torfæra verður haldin um helgina í Tennessee í Bandaríkjunum þar sem vanir torfærukappar munu keppa, þeirra á meðal **Árni Kópsson**, margfaldur Íslandmeistari í greininni. Tilgangurinn er að kynna íþróttina vestra.

**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Sextán íslenskir ökumenn munu keppa í hefðbundinni íslenskri torfæru í Tennessee í Bandaríkjunum um næstu helgi. Þeir Guðlaugur Sindri Helgason og Guðbjörn Grímsson halda keppnina og eiga mestan þátt í skipulagningu hennar en rúmlega tvö hundruð manns fylgja þeim út.

„Við pökkuðum sextán torfærubílum í fjóra gáma fyrir um þremur vikum. Þeir koma í land í Portland í Maine og við keyrum með þá um 5.400 kílómetra suður til Tennessee fyrir keppnina,“ segir Guðlaugur.



Guðlaugur er afar hrifinn af gulum bílum og heitir lið hans í torfærunni Team Galdragulur. MYND/SVENNI HAR



Guðlaugur Sindri hefur unnið til fjölda verðlauna í torfæru hér á landi. Hann keppir ásamt fleirum í torfæru á íslenska vísu í Bandaríkjunum um helgina.

## Verður kannski risastórt flopp

Keppnin verður hefðbundin torfærukeppni eins og þekkist hér á landi. Bæði brautarstarfsmenn og dómarar koma frá Íslandi og verður brautin lögð kvöldið fyrir keppni. „Þetta er alveg risastórt dæmi, allt íslenskir mótorsportarar sem keppa og sá stærsti, Árni Kópsson, verður með. Tilgangurinn með þessu er að kynna íþróttina með von um að þetta geti orðið eitthvað meira hér úti. Þetta er nokkurs konar tilraunaverkefni sem við stöndum að sjálfir, við erum ekki með neina styrktaraðila þannig að þetta er dýrt ævintýri en gæti mögulega skilað sér í framtíðinni. Kannski verður þetta risastórt flopp en þetta gæti líka virkað,“ segir Guðlaugur léttur í bragði.



Fyrir tveimur árum fór Guðlaugur til Massachusetts í þeim tilgangi að kaupa sér þennan vörubíl, sem hann og gerði.



Bíllinn sem Guðlaugur keppti á í „Demolition Derby“ var málaður í íslensku fánalitunum.

## Braut í fyrrverandi skógi

Mikill undirbúningur liggur að baki keppninni en þeir Guðlaugur og Guðbjörn hafa þurft að fara nokkrar ferðir til Bandaríkjanna í tengslum við hana. „Við erum búnir að fara þrjár ferðir á innan við ári til að gera og græja í sambandi við þetta. Bubbi er aðalsprautan í þessu en Árni Kópsson kom með okkur í fyrstu ferðina. Keppnin verður haldin rétt við Mississippifljót í risastóru jarðsigi sem er um hundrað metra hátt. Þegar við fórum fyrst út í desember var þetta bara frumskógur sem landeigandinn ætlaði að ryðja burtu fyrir keppnina. Við höfðum enga trú á að þetta myndi ganga upp þegar við skoðuðum þetta fyrst en svo sendi hann okkur myndir og var bara búinn að þessu. Við fórum þá aftur út og þá komst skriður á málið, og við fórum að trúa að þetta gæti orðið að veruleika ef við ynnum í þessu. Núna er þetta allt klappað og klárt og við tilbúnir í keppni,“ lýsir Guðlaugur yfir, sem keppir sjálfur í torfærunni úti eins og þeir Bubbi og Árni Kópsson sem að sögn Guðlaugs hefur nýlokið við að endursmíða gamla bílinn sinn og mun keppa á honum um helgina en eins og margir vita þá er Árni margfaldur Íslandsmeistari í torfæru.

## Keppti í klessubílaakstri

Guðlaugur hefur haft áhuga á bílum, tækjum og tólum frá því hann man eftir sér og hefur unnið á vörubílum og vinnuvélum síðan hann var fimmtán ára. Hann segist vera áhugavörubílstjóri sem safnar vörubílum – og þá helst gulum bílum. Fyrir tveimur árum fór hann til Massachusetts í þeim tilgangi að kaupa sér vörubíl, sem hann og gerði, og kallar bílinn Galdragulan. Það var þó ekki það eina sem Guðlaugur gerði í þeirri ferð því þá keppti hann í því sem kallast „Demolition Derby“. „Það snýst um það að eru fimmtán bílar inni á afmörkuðum velli, síðan er flautað og þá er reynt að klessa eins mikið á hina bílana og hægt er án þess að eyðileggja bílinn sinn það mikið að ekki sé hægt að keyra hann því sá vinnur sem getur keyrt út af vellinum. Þetta er eins heimskulegt og þetta getur orðið en svakalega sniðugt og skemmtilegt. Það var rosaleg stemning þarna, fleiri þúsund áhorfendur og flóðlýstur völlur.“ Guðlaugur var þarna í heimsókn hjá vinafólki sínu sem á dráttarbílaþjónustu þannig að það var nóg af gömlum druslum úti á plani sem Guðlaugur gat notað í keppninni. „Ég fann mér einn sem fór í gang og græjaði þetta á einni nóttu, málaði bílinn í íslensku fánalitunum en það voru engin öryggisatriði nauðsynleg önnur en þau að ég átti að vera með hjálm á hausnum. Ég hugsaði aðeins um að maður hefði kannski átt að tryggja sig áður en maður fór út í þetta, en þetta kom óvænt upp á, ég fór ekki út til að keppa,“ segir Guðlaugur sem fór hins vegar út núna í þeim tilgangi að keppa í torfærunni um næstu helgi.

VélRás



BIFREIÐA- OG VÉLAVERKSTÆÐI, ÁLHELLU 8, HAFNARFIRÐI
Sími 577-6670 og 555-6670

Viðgerðir • Varahlutir • Þjónusta

velras@velras.is • velras.is


PIRELLI
Þeir stóru nota Pirelli
- það eru réttu vörubíladekkin!
PIRELLI FW-01 er ný lína af vetrardekkjum frá einum stærsta hjólbarðaframleiðanda í heimi. PIRELLI hefur, með þrotlausum prófunum, tekist að hanna dekk sem gefur vörubílstjórum eitt besta vetrardekkið sem völ er á. PIRELLI FW-01 er eitt gripsterkasta vörubíladekkið á markaðnum og sérstaklega framleitt til notkunar á stýrisöxul.
Láttu reyna á Pirelli.
PIRELLI
REGROOVABLE TUBELESS RADIAL M+S
Bílabúð Benna
590 2045 | BENNI.IS
Sérhæft dekkjaverkstæði fyrir stærri bíla
Tangarhöfði 15
110 Reykjavík
590 2045
NESDEKK

# Jafnaldri brjótsins

Forláta Baioni brjótur af árgerðinni 1987 er í uppáhaldi hjá **Guðlaugu Völu Smáradóttur** hjá Landverki á Seyðisfirði. Hún hefur gaman af að taka myndir og segir brjótinn góða hið fínasta myndefni.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Guðlaug Vala, eða Gulla Vala, eins og hún er ávallt kölluð, á fyrirtækið Landsverk ehf. á Seyðisfirði ásamt eiginmanni sínum, Vilhjálmi Konráðssyni. Þau hjónin fást við ýmis verkefni. „Við sjáum um löndunina í bræðsluna á Seyðisfirði fyrir Síldarvinnsluna, erum í efniskeyrslu, erum með birgðastöðina fyrir Olíudreifinguna á Seyðisfirði og sjáum um að mala efni til dæmis fyrir Fjarðabyggð og Eskju á Eskifirði þar sem verið er að byggja frystihús.“

Í efnismölunina er notaður forláta Baioni brjótur af árgerðinni 1987. Brjóturinn og Gulla Vala eru jafn gömul og það ásamt fleiri atriðum er ástæðan fyrir því að hann er í miklu uppáhaldi hjá henni. „Við eigum brjótnum ýmislegt að þakka og hann er í raun grunnurinn að velgengni okkar,“ segir Gulla Vala og viðurkennir að henni þyki reglulega vænt um tækið.

„Maðurinn minn keypti brjótinn árið 2010 af Loftorku í Borgarfirði. Hann fór með tveimur sonum sínum að sækja hann og þeir fóru síðan beint með hann upp í Kárahnjúka þar sem þeir möluðu upp í kaupverðið. Bankinn er nefnilega ekkert fyrir að lána fyrir svona gömlum dreng,“ segir hún glettin.

Gulla Vala hefur unnið í kringum og á brjótnum síðan 2011. „Það er svo magnað að sjá hvað hann getur gert. Hann brýtur grjóthart efni niður í örsmáa möl. Þá gengur hann alltaf. Auðvitað bilar hann stundum en það er alltaf hægt að koma honum aftur í gang.“

En er mikið verk að stjórna svona brjóti? „Það er rosaleg þolinmæðisvinna. Þess vegna er ég líklega alltaf sett í þetta. Maður þarf að fylgjast vel með allan tímann og er ekkert á Facebook á meðan.“

Innt eftir því hvernig hún leiddist út í þessi vinnuvélastörf svarar Gulla Vala: „Ég var alltaf að vinna í bræðslunni á Seyðisfirði en þegar ég fór að búa með manninum mínum var mér bara hent út í þetta, það var ekki annað í boði,“ segir hún hlæjandi. „En þegar maðurinn er svona mikið í burtu þá meikar alveg sens að vera bara með honum í þessu.“

En kann hún vel við þessi störf? „Já, ég passa best í þetta. Ég er ekki með bestu samskiptahæfileikana og það fer því vel á að hafa mig bara í vörubíl eða á vinnuvél,“ segir hún glettin.

Gulla Vala hefur gaman af því að taka myndir og gerir það reglulega. Baioni brjóturinn hefur í ófá skipti verið fyrirsæta á myndum hennar enda falleg vél í augum eigandans.


Gulla Vala og Vilhjálmur, þreytt eftir vel heppnaðan vinnudag.








Gulla Vala hefur gaman af ljósmyndun og vinnuvélarnar verða henni oft innblástur.





# Vel heppnaðri hringferð Kraftvéla lokið

Mikill áhugi var fyrir nýjustu tækjunum frá Iveco og Weidemann í nýlokinni hringferð Kraftvéla um landið. Tækin frá Weidemann eru fjölnota tæki sem hafa verið vinsæl hjá bændum. Góð sala er á vinnuvélum um þessar mundir og margar vélar á leiðinni til landsins.

Hringferð Kraftvéla um landið hófst mánudaginn 12. september og lauk síðastliðinn föstudag með opnu húsi í Kraftvélum. „Þetta var tólf daga ferð hjá okkur og var stoppað á 43 stöðum víðsvegar um landið þar sem við sýndum nýjustu tækin frá Iveco og Weidemann,“ segir Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs hjá Kraftvélum.

## Sýningartæki seld á staðnum

„Við vorum með ýmsar útfærslur af Weidemann liðléttingum og skotbómum, ásamt fjölbreyttu úrvali Iveco atvinnubifreiða. Ferðin gekk sérstaklega vel og við fengum frábærar undirtektir, seldum nokkur tæki í ferðinni og lentum meira að segja í því að smærri tæki eins og jarðvegsþjöppur og fleygar seldust á staðnum og voru ekki meira með í ferðinni. Stærri tækin sem við seldum á leiðinni gátum við ekki afhent því við þurftum að klára hringferðina. Að lokinni ferð voru öll sýningartækin seld, við fundum fyrir gífurlega miklum áhuga alls staðar þar sem við stoppuðum og fengum fjölda tækifæra sem þarf nú að fylgja eftir.“

## Góðar undirtektir

Kraftvélar hafa áður farið í svipaðar hringferðir um landið en þá hafa fleiri tæki verið með í för. „Í fyrri ferðum höfum við sýnt heildarvöruúrvalið okkar. Þá höfum við tekið traktora, gröfur og fleira með okkur en nú lögðum við áherslu á þessi tvö vörumerki, Iveco og Weidemann. Venjulega er hringferðin ein vika og bara stoppað í stærri bæjarfélögum en nú var ferðin lengri og mun fleiri staðir heimsóttir. Stoppað var styttra í einu á hverjum stað og vorum við hreyfanlegri með þessar smávélar en við höfum verið með stóru vélarnar. Miðað við undirtektirnar í þessari ferð höfum við áhuga á að hafa sambærilega ferð á svipuðum tíma á næsta ári,“ nefnir Viktor.



Weidemann skotbóman er hentug til ýmissa verka.



Iveco bílarnir hafa verið vinsælir hjá björgunarsveitum, bæjar- og sveitarfélögum og verktökum.



Viktor Karl Ævarsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Kraftvéla, segir hafa gengið sérstaklega vel í nýlokinni hringferð Kraftvéla. „Við fengum frábærar undirtektir og að lokinni ferð voru öll sýningartækin seld.“ MYND/ERNIR

## Mikil sala í vinnuvélum

Að sögn Viktors er mikil eftirspurn eftir smávélunum hjá bændum á þessum tíma þegar gjafir eru að byrja. „Þetta eru fjölnota tæki sem eru notuð í öll möguleg verk og hægt að nýta vélarnar í fjölbreytt verkefni, til dæmis inni í fjósi að gefa eða snjómokstur á planinu. Ástæðan fyrir því að við fórum með Iveco bílana í hringferðina er að þeir hafa verið vinsælir hjá björgunarsveitum, bæjar- og sveitarfélögum og verktökum.“

Viktor segir að það sé virkilega góð sala í vinnuvélum í heild sinni hjá þeim og mikið af vélum á leiðinni. „Þar á meðal er hybrid vél sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Þetta er fyrsta græna vinnuvélin, Komatsu HB 365 beltagrafa með hybrid útbúnaði og er hún væntanleg til landsins í október.“


## Eigum eftirfarandi tæki til afgreiðslu strax



| Komatsu PC490 |
| --- |
| 3,4m armur |
| 700mm spyrnur |
| Lagnir fyrir fleyg |
| Hraðtengi |
| Grjótskófla |



| Komatsu PC240 |
| --- |
| 3,2m armur |
| 700mm spyrnur |
| Lagnir fyrir fleyg og annan búnað |
| Hraðtengi |
| Tvær skóflur |



| Komatsu PW160 |
| --- |
| Einföld bóma |
| Einföld dekk |
| Þrefaldar vökvalagnir |
| Hraðtengi |
| Rótótilt |
| 3 skóflur |



| Komatsu PW118 ( árg 2011 ) |
| --- |
| Tvískipt bóma |
| Tvöföld dekk |
| Ýtublað |
| Lagnir fyrir fleyg |
| Hraðtengi |
| Tvær skóflur |



| Dynapac CA3500 |
| --- |
| 13 tonna valtari |
| Einn með öllu |
| Án Ad-Blue |



| Dynapac LF75 |
| --- |
| 95kg jarðvegsþjappa |
| Honda bensínmótor |
| Fjarlægjanlegur vatnstankur |



| Rammer 315 |
| --- |
| Eigin þyngd 160 kg |
| Þrýstingur 100-140 bar |
| Vökvaflæði 16-50 lítrar / mín |
| Þyngd vinnuvélar 2.0-3.0 tonn |
| Hávaðamörk 128 dB |



Skóflur frá
MILLER
Ground breaking™

KRAFTVÉLAR

Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnisgata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

## BLÖNDUBRÚ ENN Í VIÐGERÐ

Enn standa yfir lagfæringar á Blöndubrú á Blönduósi. Viðgerðir hófust um miðjan ágúst og er reiknað með að þær standi yfir til 1. desember. Á meðan á framkvæmdum stendur er brúin einbreið en stýrt með ljósum. Akbrautin er aðeins þrír metrar að breidd og þess vegna þurfa ökumenn að gæta fyllstu varúðar þegar ekið er yfir brúna.
Mikil umferð er jafnan yfir þessa brú, jafnt minni bílar sem stórir flutningabílar og rútur. Brúin verður breikkuð um 60-70 cm með því að taka burt steypta stétt sunnan megin á henni. Sett verður nýtt vegrið sunnan megin á brúna, brúargólfið brotið upp og nýtt steypt í staðinn. Vegurinn beggja vegna brúarinnar verður svo breikkaður í samræmi við breikkun akbrautar á brúnni. Stéttin norðan megin á brúnni mun standa óbreytt, að því er fram kom á vef Húnahornsins. Heimamenn höfðu lengi beðið eftir viðgerðum á brúnni sem þeir töldu að væri vegfarendum hættuleg. Það ættu því margir að fagna þegar verkinu lýkur.









## Trukkar sem heimili

Toterhome kallast skemmtileg húsbílaútgáfa af vörubílum. Vörubílarnir eru útbúnir líkt og húsbílar, með rúmum, eldhúsi, baðherbergi og öllu tilheyrandi. Slíkir bílar eru vinsælir erlendis, sér í lagi hjá hestafólki og fólki sem stundar mótorsport.



Þetta fólk þarf oft að ferðast lengri leiðir á milli landshluta og landa til að taka þátt í keppni. Oft er því bíllinn að hluta til útbúinn sem hestakerra eða bílskúr þannig að hægt sé að flytja bíla eða hesta. Þegar komið er á keppnisstað getur fólk slegið tvær flugur í einu höggi. Sparað sér hótelkostnað með því að búa í sérútbúnum vistarverum og geta um leið geymt hesta/eða keppnisbíla í vörubílnum.





## Þriggja sekúndna reglan

Aftanákeyrslur eru meðal algengustu umferðaróhappa hérlendis. Ástæðan er of lítið bil á milli bíla og skortur á athygli. Til þess að meta það hvort nægilegt bil sé í næsta bíl er til ágæt aðferð sem kallast „þriggja sekúndna reglan“.
Taka skal mið af t.d. ljósastaur sem bíllinn á undan ekur hjá. Telja skal eitt þúsund og einn, eitt þúsund og tveir, eitt þúsund og þrír. Sé bíllinn ekki kominn að staurnum þegar talningunni er lokið er fjarlægðin í lagi. Sé bíllinn kominn fram hjá staurnum er bilið of lítið og hætta yfirvofandi.




VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR
FRAMLENGJUM VIÐ
„ALLT INNIFALIÐ" TILBOÐIÐ Á ÖLLUM LEGSTEINUM.
nr. 116-5
188.100 KR.
FULLT VERÐ: 306.700 KR.
Einn spörfugl fylgir
nr. 2042
149.000 KR.
FULLT VERÐ: 276.600 KR.
nr. 2046
270.220 KR.
FULLT VERÐ: 408.900 KR.
nr. 2006
265.420 KR.
FULLT VERÐ: 402.900 KR.
nr. 104
329.420 KR.
FULLT VERÐ: 482.900 KR.
nr. 113
297.420 KR.
FULLT VERÐ: 442.900 KR.
nr. 2021
304.620 KR.
FULLT VERÐ: 451.900 KR.
nr. GS1002
539.900 KR.
FULLT VERÐ: 746.000 KR.
nr. 118
313.420 KR.
FULLT VERÐ: 462.90 0 KR.
Charlie
1999 -2014
Loving you to the stars and back
Meow Meow
Best Friend
Bitsy
July 2000 - May 2010
STÆRÐ
H. 27 CM.
BR. 30 CM.
GÆLUDÝRASTEINAR
VERÐ KR. 79.900,-
INNIFALIN ÁLETRUN.
ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
ATH. AÐEINS TAKMARKAÐ MAGN Í BOÐI.
ÞARF AÐ ENDURNÝJA
LETRIÐ Á STEININUM?
GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.
FYRIR
EFTIR
*Frí uppsetning miðast við uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu.
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.
BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI
Graníthöllin
Legsteinar
SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



Frisbígolf nýtur vaxandi vinsælda meðal fjölskyldufólks. MYNDIR/BIRGIR ÓMARSSON

# AUKNAR VINSÆLDIR

Sprenging hefur orðið í fjölda þeirra sem stunda frisbígolf. Íþróttin hæfir vel flestu fólki og kostar lítinn pening. Innan tveggja ára verða 50 frolfvellir um land allt.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Í frisbígolfi sameinast hreyfing, góð útivera og skemmtilegur félagsskapur. Ekki skemmir fyrir að þetta er ódýr íþrótt.

Frisbígolf nýtur sívaxandi vinsælda hér á landi og varð algjör sprenging í fjölda þátttakenda síðasta sumar að sögn Birgis Ómarssonar, formanns Íslenska frisbígolfsambandsins. Munar þar miklu um fjölgun meðal kvenna og fjölskyldufólks. „Þetta sumar var alveg ótrúlegt. Við höfum aldrei séð annan eins fjölda sem kominn er í sportið og má líkja þessu við sprengingu í sumar enda var veðrið einstaklega hagstætt. Það eru fjórir aðilar sem flytja inn og selja folfdiska og samkvæmt tölum þeirra og mati okkar eru nú 12-15.000 manns að spila frisbígolf. Sem dæmi þá seldust 400 diskar í Neskaupstað þegar völlurinn var opnaður þar í sumar.“

Á fimm árum hefur völlum fjölgað úr sjö í 30, þar af voru tíu nýir vellir opnaðir á síðustu tveimur árum. „Nú er 21 völlur í startholunum þar sem búið er að taka ákvörðun eða málið mjög langt komið. Það þýðir að innan tveggja ára verða komnir 50 folfvellir þannig að við erum að nálgast fjölda golfvalla hér á landi.“

Þessar miklu vinsældir koma Birgi ekki mjög á óvart enda segir hann íþróttina frábæra fyrir alla aldurshópa. „Það geta allir spilað frisbígolf, óháð aldri og kyni. Ekki skemmir fyrir að allir ættu að hafa efni á að spila frisbígolf. Það kostar ekkert inn á þessa 30 velli og það eina sem þarf er einn frisbídiskur sem kostar um tvö þúsund krónur.“

Hver leikur tekur um 30 mínútur sem freistar líka margra. „Hringurinn er því fljótlegur og t.d. hægt að skjótast í hádeginu. Þetta er því holl og góð útivera, hvort sem maður er einn eða með góðum vinum. „Skemmtilegur göngutúr með tilgangi“ kallaði einhver leikinn fyrr í sumar. Það er líka hægt að spila frisbígolf allt árið því frost og snjór er engin fyrirstaða.“

Vinsælustu vellirnir voru þéttsetnir á sólríkum dögum í sumar að sögn Birgis. „Þannig var biðröð við flesta teiga á vellinum á Klambratúni oft í sumar. Þetta höfum við ekki séð áður. Völlurinn þar er vinsælasti völlur landsins enda notaður alla daga ársins, óháð veðri og árstíma.“






# EKKI BARA KÓKIÐ SEM ER SÆTT

Bandaríkjamenn fá um helming þess sykurs sem þeir neita úr sykruðum drykkjum. Með því að halda sig við vatn og ósætt kaffi gætu þeir því minnkað sykurneyslu sína til mikilla muna. Hér er þó ekki aðeins um að ræða gosdrykki eins og margur myndi halda heldur allt eins djús og kakó.

- Í ávaxtasafa er oft viðbættur sykur og þarf að gæta sín sérstaklega á honum. Hreinn ávaxtasafi inniheldur ekki síður mikið af ávaxtasykri sem virkar svipað og hefðbundinn sykur á líkamann. Í lítilli kókdós, sem inniheldur 350 millilítra, eru 39 grömm af sykri. Í sama magni af eplasafa eru 40 grömm
- Í einum bolla af kakói eru 400 kaloríur og 43 grömm af sykri sem er meira en í lítilli kókdós
- Íste í flösku er yfirleitt dísætt þótt það hljómi kannski hollara en kók. Í hálfum lítra geta verið hátt í 70 grömm af sykri
- 350 millilítrar af tonic, sem flestum þykir ómissandi út í gin, innihalda 32 grömm af sykri, eða átta teskeiðar
- Ávaxtaþeytingur sem inniheldur oft ávaxtasafa, sæta jógúrt, banana og aðra ávexti fer langleiðina með að innihalda tvöfalt meira magn af sykri en lítil kókdós. Eitt mjólkurglas getur hæglega innihaldið um 60 grömm af sykri
- Fleiri dæmi um sæta drykki sem ætti að neyta í lágmarki eru orkudrykkir, íþróttadrykkir, vítamínvatn, hvers kyns sætir mjólkurdrykkir og ýmsir kaffidrykkir. Margt af þessu ætti frekar að líta á sem eftirrétt sem neytt er í litlu magni en svaladrykk

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU
INHOPE insafe
SAFT

## BÍLAR & FARARTÆKI



FORD Transit. Árgerð 2013, ekinn 135 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 3.490.000. Rnr.261643. Á staðnum.



FORD Fiesta. Árgerð 2016, ekinn 38 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.990.000. Rnr.107677. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

**bilauppbod.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu



**DÍSEL TILBOÐ 295 ÞÚS!**

Pajero árg '00, disel, sskj, leður, topplúga, rafmagn í bílstj. sæti, krókur. Ek. 200 þús. Góður bíll á tilboði 295 þús. Þarfnast viðgerðar. S. 891 9847



**TILBOÐ DAGSINS 225ÞÚS**

Nissan Primera árg. '02 ek. 185þús beinsk. sk. '17 mjög góður á 225þús S. 891 9847



**BILAÐUR TILBOÐ 40ÞÚS**

Nissan Almera árg.'03 sjálfssk. ek. 170þús Þarfnast lagfæringar. Verð 40þús S. 891 9847

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**

Alhliða málningarþjónusta.Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

**LITASKIL EHF**

Við hjá Litaskil ehf getum bætt við okkur inniverkum fyrir veturinn. Lökkun, spörtlun eða endurmálun. Vanir öllu. S. 8410490- Jón málari

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Spádómar

Spái í tarot og bolla.Símaspá frá kl.14. Ein sú besta.Trúnaður. Kristín s. 897 9002

### Húsaviðhald

**HÚSASMIÐIR GETA BÆTT VIÐ SIG VERKEFNUM Í OKTÓBER.**

Gips, viðgerðir, uppsetning á innréttingum, glugga og hurða ísetning. Pakrennur og niðurföll. Sumarhús. Öll réttindi og mikil reynsla. Get tekið að mér Byggingarstjórn. Tilboð, tímavinna.

Upplýsingar í s. 893-5374 eða nybyggd@gmail.com




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

## KEYPT & SELT

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**







## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Vélar og verkfæri




## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**ÓSKUM EFTIR ÍBÚÐ**
Hjón á besta aldri (fædd 1955 og 1963) óska eftir stórri stúdíó eða 2ja herb. íbúð á höfuðb.svæðinu á sanngjörnu verði. Eru reglusöm, róleg, skilvís og í öruggri vinnu. Hægt að útvega meðmæli sé þess óskað.

Nánari uppl. í síma 866-0418

Verktakafyrirtæki óskar eftir íbúðum fyrir starfsmenn á Suðurnesjum. Leigutími 15/10-31/3 2017. Tryggar greiðslur. Uppl. í s. 840-0609

Óska eftir íbúð á höfuðborgarsvæðinu til 1. nóv. Reglusemi hetið. Upplýsingar í s. 6113868

## Sumarbústaðir



